SKOÐUN Oddný Harðardóttir skrifar um íslenska sjúklinga sem markað. 16



MENNING Núllið í Bankastræti er nú vettvangur listsýninga. 42

LÍFIÐ Ýr Jóhannsdóttir sýnir textílverk á sýningunni Feminist Fiber Art í Boston. 30

SPORT Ægir Þór Steinarsson vill helst klára sín mál áður en hann fer á EM. 32

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
29. júlí 2015
176. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

Gestir á eigin heimili

Sífellt fleiri ferðamenn koma til Íslands. En hvernig græðir maður á túrisma, án þess að vera tekinn yfir af túrisma? Eru hótelkvótar það sem koma skal?

FRÉTTIR

Þrjú hundruð gæðingar

Gert er ráð fyrir um tvö til þrjú hundruð hrossum á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Danmörku. 2

Vantar stefnu Ríkisstjórnin er ófær um að marka einhverja stefnu um samskipti við Evrópusambandið út frá íslenskum hagsmunum segir formaður Samfylkingarinnar. 6

Óvæntur biturleiki Biturleiki og reiði Íslendinga sex árum eftir hrunið kemur hollenskum mannfræðingi í opna skjöldu. 8

16

2 SÉRBLÖÐ Markaðurinn | Fólk

Skattrannsóknarstjóri vill birta skattskil mánaðarlega

Staðgengill skattrannsóknarstjóra segir fælingarmátt fólginn í birtingu staðgreiðsluskráa opinberlega. Birta mætti þær mánaðarlega. Skattskil í Noregi bötnuðu eftir að upplýsingar um skattgreiðslur voru birtar á netinu.

SKATTAMÁL „Hvernig sem á þetta er litið felst fælingarmáttur í að birta þetta opinberlega, annars væri enginn tilgangur í birtingunni," segir Gunnar Th. Kristjánsson, staðgengill skattrannsóknarstjóra, um birtingu álagningarskráa hjá ríkisskattstjóra.

Gunnar bætir við að hann telji að fjölga mætti birtingum og hafa þær mánaðarlega.

Að sögn Gunnars er árlegur viðburður að ábendingum sem skattrannsóknarstjóra berist fjölgi fyrstu dagana og vikurnar eftir að álagningarskrárnar séu birtar. Þó sé misjafnt hvort ábendingarnar eigi við rök að styðjast.

Samkvæmt rannsókn norsku hagstofunnar bötnuðu skattskil í Noregi um þrjú prósent eftir að upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga urðu aðgengilegar á netinu árið 2001. Áður var hægt að nálgast upplýsingarnar í þrjár vikur hjá skattayfirvöldum og á skrifstofum sveitarfélaga, ekki ósvipað því sem nú tíðkast á Íslandi.

Gunnar segir Norðmenn mun opnari fyrir því að deila skattaupplýsingum en Íslendinga. Hann bendir á að í Noregi upplýsi skattayfirvöld um laun einstaklinga sé óskað eftir því. Launþeginn sem óskað sé eftir upplýsingum um fái einnig að vita hver óskaði eftir upplýsingunum.

> **Auðvitað getur maður ímyndað sér það að fólk vilji ekki láta sjá einhvern núll tax á opinberum vettvangi.**
>
> *Steinþór Haraldsson, staðgengill ríkisskattstjóra*

„Þetta er ekki eins mikið tabú og hér. Heldur ekki fyrir þann sem er með launin, hann veit þá hver er að spyrja," segir Gunnar.

Steinþór Haraldsson, staðgengill ríkisskattstjóra, segir embættið ekki hafa skoðun á því hvort birta eigi upplýsingarnar. Embættið fylgi bara lögum. Hins vegar komi alltaf ábendingar eftir fréttaflutning af álagningarseðlum.

Steinþór segist ekki hafa forsendur til að meta hvort birtingin hafi fælingarmátt. „En auðvitað getur maður ímyndað sér það að fólk vilji ekki láta sjá einhvern núll tax á opinberum vettvangi," segir Steinþór.

ingvar@frettabladid.is

FRÖNSK HEIMSÓKN Umhverfisráðherra Frakklands, Ségolène Royal, heimsótti Bessastaði í gær eftir að hafa fundað með íslenskum ráðherrum og skoðað jarðhitaborholur. Á Bessastöðum blés forseti Íslands til rúmlega tuttugu manna veislu með sendinefnd Royal, ráðherrum og fleirum og snæddu þau lax og köku með íslenskum berjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NÝTT HANDRIT Birgir Örn Steinarsson og Baldvin Z skrifuðu handritið að vinsælustu mynd síðasta árs.

Hinir margverðlaunuðu:

Nýja handritið að verða tilbúið

KVIKMYNDIR Birgir Örn Steinarsson og Baldvin Z eru um þessar mundir að ljúka við handrit að nýrri kvikmynd. Þeir félagar slógu í gegn með mynd sinni Vonarstræti á síðasta ári.

„Við erum að leggja lokahönd á lokaútgáfu handritsins sem er síðasta útgáfan af því áður en þetta fer í framleiðslu," segir Birgir.

Handritið fjallar um tvær stúlkur sem verða sprautufíklar en þær eru einnig elskendur. „Þetta er um veruleika sem fólk veit ekki af og vill ekki vita af," segir Birgir um söguþráðinn.

- glp / sjá síðu 38

Forstöðumaður Náttúruminjasafnsins hefur áhyggjur af skólpi við Þingvelli:

Þingvallagestir pissi fyrir komu

NÁTTÚRUVERND Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, segir að bregðast verði strax við álagi á Þingvallavatni vegna skólpvatns sem leitar í vatnið.

Hilmar leggur til að gestir þjóðgarðsins verði hvattir til að létta á sér heima, á hóteli eða í skipi áður en komið sé á Þingvöll.

Í aðsendri grein Hilmars í blaðinu í dag kemur fram að skólpvatn sytri úr þróm í þjóðgarðinum og á vatnasviði Þingvallavatns:

„Vegna þess hve gropin hraun eru víða á svæðinu og lítið um jarðveg á skólpvatnið greiðan aðgang í grunnvatn sem berst fyrr en seinna í Þingvallavatn. Þá er skaðinn skeður."

Í samtali við Fréttablaðið segir Hilmar að vekja þurfi athygli á skólpmálum við þjóðgarðinn.

„Svona einföld aðgerð, að fá fólk til að létta á sér áður en það fer þennan gullna hring, getur dregið töluvert úr álaginu," segir Hilmar.

Einar Á.E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins, segir að kerfið sem sjái um skólpið í þjóðgarðinum nái því miður ekki að afkasta því sem í það fer. Mestu sé samt safnað saman og ekið frá Þingvöllum.

„En það væri náttúrulega yndislegt ef menn gætu haldið í sér meðan þeir fara hérna í gegn," segir Einar léttur um tillögu Hilmars.

- fbj / sjá síðu 4 og 13

> **Svona einföld aðgerð, að fá fólk til að létta á sér áður en það fer þennan gullna hring, getur dregið töluvert úr álaginu.**
>
> *Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands*

VEÐUR

Útlit fyrir hægviðri eða hafgolu fyrripart dags en snýst síðan í suðaustan golu með úrkomu sunnanlands og vestan. Á austanverðu landinu birtir vel til og jafnvel líkur á heiðskíru þar síðdegis. Hitinn er svipaður, 6 til 15 stig.

SJÁ SÍÐU 22

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að ástarsambönd fangavarða og fanga séu litin alvarlegum augum:

Lögbrot að fangavörður stundi kynlíf með fanga

FANGELSISMÁL „Þessi mál hafa komið upp eftir að störfum lýkur og tel ég því líklegt að sönnunarstaðan sé snúin," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri um hvers vegna ekki sé ákært þegar fangaverðir eiga í ástarsamböndum við fanga.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að slík mál komi annað slagið upp í fangelsum landsins og að fangelsisyfirvöld líti málin alvarlegum augum.

„Eitthvert málanna kom þó upp þegar fangavörðurinn var við störf en það var fyrir minn tíma hér," segir Páll.

Það er þó ekkert bannað að verða ástfangin samkvæmt lögunum, en þau mega ekki stunda kynmök.

Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður og kennari í refsirétti við Háskólann á Bifröst.

Samkvæmt hegningarlögum varðar það fangelsi allt að fjórum árum ef starfsmaður í fangelsi hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni.

„Það er alveg klárt mál að það varðar þessa grein ef um kynmök er að ræða. Það er hins vegar alltaf spurning um sönnunarstöðu í svona málum og hún getur verið mjög erfið," segir Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður og kennari í refsirétti við Háskólann á Bifröst.

„Það er þó ekkert bannað að verða ástfangin samkvæmt lögunum, en þau mega ekki stunda kynmök."

Nýlega kom upp tilvik í fangelsinu að Sogni þar sem kvenkyns fangavörður og fangi urðu ástfangin. Fangavörðurinn var sumarstarfsmaður og eftir að störfum lauk lét hún fangelsisyfirvöld vita af því að hún myndi halda áfram að heimsækja fangann. Þau eru saman í dag. - ngy

ALLT Í DRASLI Þessi líbanski maður hendir rusli sínu í hrúgu á torgi í höfuðborginni, Beirút. NORDICPHOTOS/AFP

Umhverfis- og aðgerðasinnar loka aðgangi að landfyllingu:

Allt er að fyllast af sorpi í Beirút

LÍBANON Götur Beirút, höfuðborgar Líbanons, fyllast af rusli þessa dagana eftir að hópur umhverfis- og aðgerðasinna lokaði vegum sem liggja að landfyllingu í bænum Naameh nærri Beirút. Lokun veganna gerir það að verkum að ekki er hægt að flytja rusl frá Beirút. Landfyllingarstarfseminni átti að ljúka sautjánda júlí en eftir að svo varð ekki ákváðu umhverfissinnar að taka málin í sínar hendur.

Ríkisstjórn Líbanons hefur ekkert gert enn svo ruslið hrannast upp á meðan íbúar úða skordýraeitri og lyktareyði á hrúgurnar. - þea

Ráða ekki við flóttamenn:

Átta hafa látist við Ermarsund

FRAKKLAND Um tvö þúsund flóttamenn reyndu að komast til Bretlands í gegn um Ermarsundsgöngin á mánudaginn.

Fjöldi fólks reynir daglega að komast fótgangandi í gegn um göngin sem eru ætluð lestarsamgöngum á milli Frakklands og Bretlands.

Átta flóttamenn hafa látist það sem af er ári við að reyna að komast í gegn um göngin.

Við göngin starfa um 200 öryggisverðir sem ráða ekki við þann mikla fjölda sem reynir að komast til Bretlands um göngin. - srs

Forseti hafnar áskoruninni:

Vilja ekki náða uppljóstrarann

BANDARÍKIN „Edward Snowden er þjóðhetja sem ætti að náða fyrir alla þá glæpi sem hann gæti hafa framið," segir í áskorun til forseta Bandaríkjanna sem 167.954 heimamenn skrifuðu undir.

Snowden lak tæplega tíu þúsund leyniskjölum þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna fyrir tveimur árum og fékk hæli í Rússlandi.

„Stuldur Snowdens og birting á leyniskjölum hafði í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir öryggi landsins okkar og fólksins sem í því býr," sagði í svari forsetaembættisins sem birt var í gær. - þea

Hættuleg tröllahvönn dreifir sér í Reykjavík

Ónafngreind tegund af tröllahvönn, hættulegri plöntu, er farin að dreifa sér í Reykjavík. Plantan er meðal annars nálægt leiksvæðum í Vesturbæ Reykjavíkur. Borgin grípur til aðgerða. Unnið er að því að kortleggja útbreiðslu plöntunnar.

NÁTTÚRA „Ég fór og skoðaði þá staði í gær þar sem við höfum fengið ábendingar um að plantan sé farin að dreifa úr sér víða í Vesturbænum," segir Snorri Sigurðsson, líffræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, um tröllahvönn, hættulega plöntu sem fjölgar sér víða hér á landi.

Reykjavíkurborg vinnur nú að því að kortleggja útbreiðslu plöntunnar í borginni.

Á dögunum upplýstu starfsmenn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands borgina um að plönturnar væru í Vesturbæ Reykjavíkur. Þær fundust á göngustíg við leikskólana Ægisborg og Vesturborg og á bak við bensínstöð N1 á Ægisíðu. Þá hafa starfsmenn stofnunarinnar séð plönturnar á Reynimel og Einimel.

„Það þarf að eyða plöntunum, sérstaklega þar sem börn eru á ferðinni. Ungplönturnar líkjast venjulegum ætihvönnum svo margir gætu ruglast á þeim," segir Ellý Guðjohnsen, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ellý bætir við að hún voni að það sé ekki orðið of seint að grípa inn í.

Tröllahvönn er hættuleg vegna eitraðs safa í henni sem getur valdið alvarlegum bruna á húð. Plantan er sérstaklega hættuleg á heitum, sólríkum sumardögum þar sem sólarljósið orsakar efnabreytingu í safa plantnanna sem veldur bruna.

„Orðið tröllahvönn er samheiti yfir nokkrar plöntutegundir. Þessi sem er útbreiddust í Vesturbænum hefur ekkert íslenskt heiti enn þá. Aðrar þekktar tegundir af tröllahvönn eru til dæmis bjarnarkló," segir Snorri Sigurðsson, sem nú vinnur að því að kortleggja útbreiðslu plöntunnar í borginni.

TRÖLLAHVÖNN Plönturnar fundust á göngustíg við leikskólana Ægisborg og Vesturborg í Vesturbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SNORRI SIGURÐSSON

„Plönturnar sem eru í Vesturbænum eru ekkert rosalega stórar en safinn í þeim getur brennt húð ef það verður bein snertingu. Þeir sem eru í mestu hættunni eru þeir sem slá gras því þá getur safinn skvest á þá í miklu magni."

Snorri hvetur þá sem verða varir við plöntuna á einkalóð sinni að hafa samband við Reykjavíkurborg.

Að sögn Snorra verður tekin ákvörðun um framhaldið eftir að náðst hefur að kortleggja þá staði sem plantan er á.

„Það verður að vega og meta hvernig við munum bregðast við. Það er meira en að segja það að fjarlægja plönturnar, en við stefnum á það. Þá verða leiksvæði að sjálfsögðu sett í forgang." nadine@frettabladid.is

Heimsmeistaramót íslenska hestsins haldið í Danmörku dagana 3. til 9. ágúst:

Norræn menning sett á oddinn

ÍÞRÓTTIR „Við erum að gera ráð fyrir um 10.000 manns og tvö til þrjú hundruð hrossum hérna," segir Rúnar Þór Guðbrandsson, meðlimur í framkvæmdastjórn heimsmeistaramóts íslenska hestsins sem fer fram í Herning í Danmörku 3. til 9. ágúst. Undirbúningur er í fullum gangi fyrir mótið.

„Mótið byrjar á kynbótahrossunum. Þá munu þau hross sem eru efst í hverju landi verða sýnd, en í kynbótahrossum er í raun líka keppni á milli landa. Síðan byrjar hin eiginlega íþróttakeppni seinna í vikunni og opnunarhátíðin er á miðvikudaginn," segir hann.

Rúnar segir mótið einstakt að þessu sinni þar sem í fyrsta sinn komi allar Norðurlandaþjóðirnar að skipulagi mótsins.

„Það sem er svo sérstakt er að það verður mikið gert úr norrænni menningu á mótinu. Hér verður til dæmis víkingaþorp, Samar sem búa í norðurhluta Finnlands, Svíþjóðar og Noregs verða hér með tjald og kynna sína menningu. Finnarnir verða með svona saunatjald og Íslendingarnir verða með lítið fallegt hús með íslenskri borðstofu"

Hann segir að þegar líði á mótsvikuna muni fólki fjölga verulega en mótsstaðurinn, Herning, er lítill bær sem hefur sérhæft sig í stórum viðburðum á við tónleika og íþróttaviðburði. - srs

ÍSLENSKI HESTURINN Um 200 til 300 hross munu mæta til Herning til að keppa á mótinu. MYND/RÚNAR ÞÓR GUÐBRANDSSON

ÚTSÖLU-LOK

GÖTUMARKAÐUR OG ÓTRÚLEG VERÐ

OPNUNARTÍMAR UM VERSLUNARMANNAHELGINA

LAUGARDAGUR 1. ÁGÚST	KL. 10-18
SUNNUDAGUR 2. ÁGÚST	LOKAÐ
MÁNUDAGUR 3. ÁGÚST	LOKAÐ

Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

SPURNING DAGSINS

Páll, situr ástfanginn enn inni?

„Ástin fangar fanga eins og alla aðra.“ Fréttablaðið greindi frá því í gær að nýlega kom upp tilvik þar sem fangavörður og fangi urðu ástfangin og eru saman í dag. Páll Winkel fangelsismálastjóri segir persónuleg samskipti starfsmanna og fanga óheimil.

Félagar í Fergusonfélaginu styrktu Barnaheill til að stuðla að forvörnum gegn einelti á leikskólum:

Óku hringveginn til stuðnings forvörnum

FORVARNIR „Við erum afskaplega þakklát yfir að fá þennan styrk úr þessari óvæntu átt,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Tveir félagar, Karl Friðriksson og Grétar Gústavsson, keyrðu hringinn í kring um landið á tveimur Massey Ferguson-traktorum og styrktu um leið Vináttu, forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti í leikskólum. Fergusonfélagið ákvað að styrkja málefnið með 50 þúsund króna framlagi.

„Þar sem þeir Karl og Grétar eru félagar hjá okkur fannst okkur því eðlilegt að félagið legði málefninu lið í þeirra nafni,“ sagði Þór Marteinsson, ritari Fergusonfélagsins, þegar hann afhenti Ernu styrkinn. Fergusonfélagið er félag áhugamanna um Ferguson-traktora.

Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti.

„Við erum í samstarfi við sex leikskóla um verkefnið og erum að vinna í að bjóða öllum leikskólum á landinu að taka þátt. Gildi verkefnisins eru virðing, umburðarlyndi, umhyggja og hugrekki og við höfum afhent leikskólum töskur ásamt þjálfun sem kennir þessi gildi í leikskólunum,“ segir Erna. - srs

AFHENDING STYRKSINS Fjármagnið rennur í verkefnið Vináttu.

MYND/BARNAHEILL

LISTAVERK Heather Shaw skapaði listaverkið sem nú rís á Bernhöftstorfunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Reisa tímabundið útilistaverk á Bernhöftstorfu í Reykjavík:

Lofar baráttu samkynhneigðra

MANNLÍF Útilistaverkið Vegur vatnsins eftir bandarísku listakonuna Heather Shaw rís nú á Bernhöftstorfu í miðbæ Reykjavíkur. Verkið mun standa þar út ágústmánuð. Vegur vatnsins er innlegg góðgerðarsjóðsins Best Peace Solution til borgarinnar, en sjóðurinn stuðlar að sjálfsprottnum samfélagsverkefnum sem efla menningu, listir, náttúruvernd og friðarstarf.

Með verkinu vill listakonan þakka fyrir baráttu samkynhneigðra á Íslandi fyrir mannréttindum. - þea

Erdogan ómyrkur í máli:

Ómögulegt að semja um frið

TYRKLAND Erdogan Tyrklandsforseti segir ómögulegt að halda friðarviðræðum áfram við kúrdíska Verkamannaflokkinn (PKK). Erdogan vill svipta alla stjórnmálamenn sem hafa tengsl við hryðjuverkahópa friðhelgi gegn saksóknum.

Árið 2013 var lýst yfir vopnahléi Tyrklands og PLL og friðarviðræður hófust. Viðræðurnar runnu út í sandinn eftir ófriðinn í Tyrklandi að undanförnu. - srs

Rúmlega 22 prósent fjölgun:

Fleiri vegabréf gefin út í ár

SAMFÉLAG Í maí á þessu ári, 2015, voru 8.144 íslensk vegabréf gefin út. Þjóðskrá Íslands greinir frá þessu á vef sínum.

Til samanburðar voru 6.664 vegabréf gefin út í maí í fyrra. Fjölgar því útgefnum vegabréfum um 22,2 prósent milli ára.

Alls hafa 32.088 vegabréf verið gefin út það sem af er þessu ári. Í heildina voru gefin út 57.966 vegabréf í fyrra en 54.812 árið 2013. - fbj

Gestir Þingvalla kasti af sér vatni fyrir komu

Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands varar við álagi á Þingvelli vegna aukins ferðamannafjölda þar sem fráveita skólps er ekki viðundandi. Hann leggur til að gestir verði beðnir um að létta á sér fyrir komu í þjóðgarðinn.

NÁTTÚRUVERND Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands segir að bregðast verði strax við álagi á Þingvallavatn vegna skólpvatns sem leitar í vatnið. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður leggur til að gestir þjóðgarðsins verði hvattir til að létta á sér heima, á hóteli eða í skipi áður en komið sé á Þingvöll. Þetta skrifar Hilmar í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

„Á meðan ekki er búið að bæta úr ástandinu við salernin þarna, þá er það bara sniðugt fyrir ferðaþjónustuaðila að hvetja gesti sína til þessa. Það þarf að minna á að þetta er þjóðgarður og svæði sem er mjög viðkvæmt,“ segir Hilmar í samtali við Fréttablaðið. Hann segir tillöguna aðallega setta fram til að vekja fólk til vitundar.

Í grein Hilmars kemur fram að skólpvatn sytri úr þróm í þjóðgarðinum og á vatnasviði Þingvallavatns. „Vegna þess hve gropin hraun eru víða á svæðinu og lítið um jarðveg á skólpvatnið greiðan aðgang í grunnvatn sem berst fyrr en seinna í Þingvallavatn. Þá er skaðinn skeður.“

Hilmar segist ekki gera sér grein fyrir hversu raunhæf tillaga hans sé en segir þó allt hjálpa til.

„Það skiptir raunverulega máli að fólk geri sér grein fyrir hvað er að gerast þarna varðandi þessa úrgangslosun.“

Einar Á.E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins, segir að kerfið sem sjái um skólpið í þjóðgarðinum nái því miður ekki að afkasta því sem í það fer.

„En við keyrum seyruna sem verður eftir í burtu að mestu. Niðri við Silfru, niðri við Valhallarreitinn og á þessum viðkvæmustu svæðum erum við að keyra þetta burt.“

Einar segir að það sé í raun aðeins við salernin hjá tjaldsvæðunum og þjónustumiðstöðinni þar sem seyran er ekki keyrð í burtu. „Það er gert ráð fyrir að þessu verði ekið úr öllum salernum sem verða byggð hér úr þessu,“ segir Einar. Hann tekur fram að þessu fylgi ærinn kostnaður.

„En það væri náttúrulega yndislegt ef menn gætu haldið í sér meðan þeir fara hérna í gegn,“ segir Einar léttur um tillögu Hilmars.

fanney@frettabladid.is / sjá síðu 13

SKÓLPVANDI Skólpvatn sytrar úr þróm í þjóðgarðinum út í Þingvallavatn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EINAR Á.E. SÆMUNDSEN

Utanríkismálastjóri Evrópusambandsins fundaði með írönsku ríkisstjórninni:

Stuðla að jafnvægi við Persaflóa

ÍRAN Evrópusambandið og Íranar ætla að vinna að áætlun sem stuðlar að bættu sambandi Írana við nágrannaríki sín, Sýrland, Írak og Jemen.

Þessi niðurstaða fékkst eftir fund Federicu Mogherini, utanríkismálastjóra Evrópusambandsins, og Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, í Teheran, höfuðborg Írans, í gær.

Fundurinn kemur í kjölfar samnings um kjarnorkumál Írana, en Evrópusambandið átti hlut að viðræðunum. „Samningurinn opnar nýjan kafla í tvíhliða samskiptum Evrópusambandsins við Íran.

„Við ákváðum í dag að hefja nýjar viðræður milli Írans og Evrópusambandsins til þess að kanna mögulega samvinnu á mörgum sviðum, allt frá orku til innanríkismála,“ sagði Zarif við blaðamenn.

Mogherini sagðist ætla að brúa bilið milli Írana og nágranna þeirra á svæðinu. Hún vill fjarlægjast samkeppni og átök og stuðla að samvinnu á svæðinu.

Fyrsta skrefið í nýjum viðræðum verður að kanna hvort Íranar og ríkin við Persaflóa, Kúveit, Barein, Írak, Óman, Katar, Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin, geti dregið úr ágreiningi við ríkisstjórnir Sýrlands, Íraks og Jemens og reynt að stuðla að meira jafnvægi í Mið-Austurlöndum. - þea

FORSETI Federica Mogherini hitti Hassan Rouhani, forseta Írans, að fundi loknum.

NORDICPHOTOS/AFP

„Þessi vél er hreint undur, enda margverðlaunuð og hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð“

-bílablaðamaður Fréttablaðsins um Ford EcoBoost vélina

NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð.

Í bíladómi Fréttablaðsins um nýja Ford Focus eru aksturseiginleikar bílsins lofaðir í hásterkt og sagðir tróna hæst meðal samkeppnisbíla.

Niðurstaða dómsins er jafnframt einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus – mest selda bíl heims.

FORD **FOCUS**

FRÁ **2.390.000** KR.

Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur

KOMDU OG PRÓFAÐU

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opið á laugardögum frá og með 8. ágúst.

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus? Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO_2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hversu mikið vilja íslensku þátttakendurnir í Feneyjatvíæringnum í skaðabætur frá ítölsku borginni?
2. Hvernig vilja bæjaryfirvöld í Norðurþingi fækka starfsmönnum?
3. Um hvað gera Rut Sigurðardóttir og Rakel Garðarsdóttir hemildarmynd?

SVÖR

1. 360 þúsund evrur, jafnvirði 53,4 milljóna króna. **2.** Með því að láta þá sem starfa áfram taka á sig verkefni þeirra sem hætta. **3.** Um ofneysla og sóun á mat og fatnaði.

Jón Gnarr og Katrín Jakobsdóttir fá mest fylgi í könnun Gallup um hvern fólk vill sjá í embætti forseta:

Fylkja sér um fólk sem vill ekki embættið

STJÓRNMÁL Flestir vilja sjá Jón Gnarr, ritstjóra innlendrar dagskrárgerðar hjá 365 og fyrrverandi borgarstjóra, sem forseta Íslands eftir forsetakosningar að ári.

RÚV greindi frá niðurstöðum skoðanakönnunar Gallup þar sem spurt var út í hvern fólk vildi sjá sem næsta forseta Íslands.

Á eftir Jóni vildu 17 prósent sjá Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri hreyfingarinnar – grens

JÓN GNARR

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

framboðs, sem næsta forseta og 11 prósent vildu að Ólafur Ragnar Grímsson sæti áfram sem forseti.

Átta prósent nefndu Þóru Arnórsdóttur, sex prósent Rögnu Árnadóttur, þrjú prósent Davíð Oddsson, tvö prósent nefndu svo Þórarin Eldjárn og Kristínu Ingólfsdóttur.

Einungis 28 prósent tóku afstöðu en þrjú prósent svöruðu á þann veg að þau vildu konu til að gegna embætti forseta Íslands.

Jón Gnarr lýsti því yfir í mars síðastliðnum að hann hygðist ekki bjóða sig fram. Katrín Jakobsdóttir sagði í viðtali við DV að hún ætti erfitt með að sjá sig í hlutverki forseta og Ólafur Ragnar Grímsson sagði í viðtali á Hringbraut í gær að hann væri ekki búinn að gera upp hug sinn um hvort hann hygðist halda áfram í embætti forseta. - srs

NÝ KAUP Boðið var upp á léttar veitingar um borð í Ísleifi. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Skipið Ísleifur, sem áður hét Ingunn, kom til Heimaeyjar:

Vinnslustöðin yngir upp flotann

SJÁVARÚTVEGUR Uppsjávarskipið Ísleifur sigldi inn í Friðarhöfn í Heimaey í gær og mætti þar margmenni. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum keypti skipið sem áður hét Ingunn. Auk þess hefur Vinnslustöðin keypt uppsjávarskipið Faxa, sem fær nýja nafnið Kap. Bæði skip eru keypt af HB Granda. Þar að auki er togari í smíðum í Kína. - þea

Sjóður til að efla rannsóknir:

Styrkja nema í doktorsnámi

RANNSÓKNIR Opnað er fyrir styrkveitingar úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur.

Sjóðurinn á að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmæðrafræðum. Styrkir renna til hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi. - srs

Vara við verkfalli í álveri:

Gæti jafnvel lokað endanlega

ATVINNUMÁL Stjórnendur álversins í Straumsvík segja að slökkva verði á kerskála í verksmiðjunni komi til verkfalls starfsmanna eftir rúman mánuð en yfirvinnubann hefst þar á föstudag. Verði slökkt á kerskálanum jafngildi það lokun fyrirtækisins. - kbg

Stjórnvöld standi við eigin Evrópustefnu

Formaður Samfylkingarinnar gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að standa ekki við eigin Evrópustefnu. Dómsmál séu fleiri og innleiðingarhalli meiri en staðið hafi til. Þingmaður Framsóknarflokksins segir önnur mikilvægari mál vera innanlands.

STJÓRNMÁL „Þessi stefna var öll í skötulíki og þessi ríkisstjórn virðist vera alveg alveg ófær um að marka einhverja stefnu um samskipti við Evrópusambandið út frá íslenskum hagsmunum," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar sem sett var í mars á síðasta ári.

Samkvæmt Evrópustefnunni átti ekkert dómsmál að vera fyrir EFTA-dómstólnum á fyrri hluta þessa árs vegna þess að dregist hafi að innleiða EES-reglugerðir. Þá átti innleiðingarhalli EES-reglugerða að vera kominn undir eitt prósent. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu var innleiðingarhallinn tvö prósent þann 17. apríl síðastliðinn. Þá eru þrjú dómsmál nú rekin gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum. „Það átti líka að efla starf sendiráðsins í Brussel og það hefur ekki verið gert," bendir Árni Páll á.

„Það er mjög skrítið að sjá svona stefnumörkun. Það virðist vera sem hún hafi bara verið sett fram sem einhver þykjustuleikur þegar verið var að reyna að draga aðildarumsóknina til baka," segir Árni Páll en Evrópustefnan var sett tæpum þremur vikum eftir að Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra lagði fram þingsályktunartillögu um að draga til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

„Þetta átti að heita einhvers konar valkostur því á þeim tíma var það gagnrýnt að ekki væri búið að setja sér neina Evrópustefnu. Þá hafi menn flýtt sér að hnipra þetta niður á hné sér í fljótheitum til þess að ekki væri hægt að segja að það væri engin stefna til," segir Árni Páll.

„Það eru nú mikilvægari mál hér innanlands eins og heilbrigðis- og menntamálin," svarar Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins og nefndarmaður í utanríkismálanefnd, spurður út í innleiðingarhallann. „Það er nú fátt annað gert í utanríkismálanefnd en að ræða og afgreiða EES-tilskipanir," bætir Ásmundur við en segir þessi mál þó til stöðugrar skoðunar.

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir ekki við Alþingi að sakast. „Það hafa engin mál orðið eftir í þinginu," segir Vilhjálmur. Hins vegar hafi ráðuneytum ekki tekist að afgreiða mál nægjanlega hratt. „Það er ekki tiltækur mannafli í ráðuneytunum til að afgreiða þessi mál," segir Vilhjálmur. ingvar@frettabladid.is

GAGNRÝNIR RÍKISSTJÓRNINA Árni Páll veltir fyrir sér hvort Evrópustefnan hafi verið sett í þykjustuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

3 dómsmál eru nú rekin gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum. Engin dómsmál eiga að vera gegn Íslandi fyrir dómstólnum samkvæmt Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar.

Segir aukið samstarf mundu fækka háum reikningum til öryrkja frá TR:

TR og lífeyrissjóðir vinni saman

STJÓRNSÝSLA „Þessi tvö kerfi tala bara ekki saman, það er bara staðreynd," segir Bergur Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, vegna hárra bakreikninga sem öryrkjar fengu frá Tryggingastofnun í síðustu viku í kjölfar eingreiðslna frá lífeyrissjóðum á árinu 2014.

„Þú færð þetta í hausinn kannski átján mánuðum seinna," segir Bergur um eingreiðslur frá lífeyrissjóðum vegna uppsafnaðra réttinda.

„Þetta er að gerast ár eftir ár eftir ár og það verða allir jafn hissa," segir Bergur. „Það hlýtur að vera leið þannig að skatturinn, Tryggingastofnun og lífeyrissjóðir tali saman þannig að þetta sé ekki að koma mönnum alltaf á óvart," segir hann.

Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Tryggingastofnunar, segir að stofnunin hafa haft frumkvæði að viðræðum við lífeyrissjóði um aukin rafræn samskipti. Hins vegar gangi sú vinna hægt þar sem kerfin séu flókin en málin séu í vinnslu. - ih

„Það hlýtur að vera leið þannig að skatturinn, Tryggingastofnun og lífeyrissjóðir tali saman þannig að þetta sé ekki að koma mönnum alltaf á óvart.

Bergur Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar

ellingsen.is

Gríptu tækifærið – gæðavörur á ótrúlegu verði!

STÓRA FERÐAHELGIN
BYRJAR Á SUMARMARKAÐI ELLINGSEN

20-70%
AFSLÁTTUR
af öllum vörum

DEVOLD ULLARFÖT 20% afsláttur

COLEMAN SILVERTON 150 SVEFNPOKI
10.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.

KÆLIBOX 30% afsláttur

CAMPINGAZ KÆLIBOX
7.973 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.390 KR.

PRIMUS TJALDHITARI
9.632 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.760 KR.

BERGANS SKARSTIND 40 LÍTRA BAKPOKI
20.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

ÚTILEGUSTÓLL
3.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 3.990 KR.

COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.890 KR.

SAFARICA NIMBA ÚTILEGUBORÐ
7.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.

SCARPA MOJITO GÖNGUSKÓR
19.752 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.

COLEMAN ÚTILEGUDÝNA
5.592 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.900 KR.

GÖNGUBUXUR 50% afsláttur

COLUMBIA PASSO GÖNGUBUXUR
9.895 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.

LÉTTIR, STERKIR OG STYÐJA VEL VIÐ ÖKKLA

ZAMBERLAN CROSSER GÖNGUSKÓR
27.672 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.590 KR.

DIDRIKSONS AVON REGNSETT
6.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.

COLEMAN CPX TJALDLUKT
4.473 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.390 KR.

– 30% –

COLEMAN BERING 6
6 manna tjald
48.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

COLEMAN TASMAN 2
2ja manna tjald
20.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

PIPARTBWA • SÍA

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK	AKUREYRI	OPNUNARTÍMI
Fiskislóð 1	Tryggvabraut 1–3	Mán.–fös. 10–18
Sími 580 8500	Sími 460 3630	Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

SVONA ERUM VIÐ

2.913 minkar voru veiddir árið 2013 og höfðu ekki verið færri á þessari öld.

Bandaríkjaforseti telur sig geta unnið næstu forsetakosningar ef hann mætti bjóða sig fram á ný:

Barack Obama horfir til eftirlaunaáranna

EÞÍÓPÍA „Ég held að ég sé ansi góður forseti. Ég held að ef ég byði mig fram á næsta ári myndi ég vinna," sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, þegar hann ávarpaði Afríkubandalagið í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, í gær.

Stjórnarskrá Bandaríkjanna heimilar forseta ekki að sitja lengur en tvö kjörtímabil en Obama telur sig njóta nægilegs fylgis til þess að ná kjöri á ný ef sú regla væri ekki til. Sjálfur á Obama tæplega eitt og hálft ár eftir af seinna kjörtímabili sínu. Nýr forseti verður kosinn í nóvember 2016.

Ummæli Obama voru hluti af ræðu þar sem hann skammaði ýmsa þjóðhöfðingja Afríkuríkja sem hann gaf í skyn að hafi setið of lengi. „Enginn ætti að vera forseti fyrir lífstíð," sagði Obama.

Forseti Búrúndí, Pierre Nkurunziza, náði í síðustu viku endurkjöri til síns þriðja kjörtímabils í óþökk mótmælenda. Stjórnarskrá Búrúndí heimilar ekki að forseti sitji nema tvö kjörtímabil.

Ávarp Obama var liður í ferðalagi hans um Afríku en áður hafði hann heimsótt Kenía.

„Ég hlakka til lífsins eftir forsetaembættið. Þá mun ég ekki hafa svona marga öryggisverði og get farið í göngutúr og eytt tíma með fjölskyldunni. Mögulega gæti ég heimsótt Afríku oftar," sagði Obama. - þea

EFTIRLAUN Barack Obama á tæplega eitt og hálft ár eftir í embætti Bandaríkjaforseta. NORDICPHOTOS/AFP

EGILSSTAÐIR Vilja bæta nettengingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjarskipti á Fljótsdalshéraði:

Setja upp þrjár tilraunastöðvar

FJARSKIPTI Fljótsdalshérað ætlar að taka þátt í kostnaði við uppsetningu tveggja til þriggja tilraunastöðva til að meta gæði nettenginga og móttöku sjónvarpsútsendinga. Semja á við fyrirtækið Rafey. Er áætlað að kostnaðarhlutur sveitarfélagsins geti orðið allt að 250 þúsund krónur.

„Bæjarráð felur bæjarstjóra jafnframt að vinna að gerð samnings við Rafey um aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingarverkefni er miði að því að koma á ásættanlegu örbylgjusambandi í dreifbýli innan sveitarfélagsins á yfirstandandi ári," segir í samþykkt. - gar

Cameron fagnar afsögninni:

Sewel lávarður segir af sér

BRETLAND Sewel lávarður sagði af sér embætti í lávarðadeildinni á breska þinginu í gær.

Á sunnudaginn birti The Sun myndband af Sewel þar sem hann sást sjúga kókaín af brjóstunum á konu og talið er að lögreglan í Lundúnum hafi hafið húsleit á heimili Sewels.

Sewel sagði strax í kjölfarið af sér sem varaforseti lávarðadeildarinnar en var tregur í upphafi til að segja sig úr deildinni sjálfri.

David Cameron fagnaði því í gær að Sewel hygðist draga sig út úr stjórnmálum. - srs

Biturð á Íslandi eftir hrun kom mannfræðingi á óvart

Hollenskur mannfræðingur rannsakaði félagslegar afleiðingar kreppunnar. Hún segir Íslendinga meðvitaða um spillingu og fyrirgreiðslustjórnmál. Biturleiki og reiði Íslendinga, sex árum eftir hrun, kom henni á óvart.

SAMFÉLAGSMÁL „Íslendingum má skipta í tvennt eftir því hvernig þeir höndla kreppuna," segir Lilja van Himbergen, hollenskur mannfræðingur, sem rannsakaði íslenskt samfélag eftir kreppu. Rannsóknin var hluti af mastersritgerð hennar við háskólann í Utrecht.

„Það er annars vegar hópurinn sem byggir á nýsköpun og menntun. Þessi hópur vill koma í veg fyrir kreppuna að nýju með því að breyta eigin neyslumynstri. Hinn hópurinn hunsar kreppuna og reynir að gleyma henni. Sá hópur heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist. Hann þráir góðærið sem ríkti áður fyrr," segir Lilja.

Hugmyndin að rannsókninni kviknaði þegar Lilja var stödd hér á landi í janúar 2009 og varð vitni að búsáhaldabyltingunni svokölluðu.

„Það vakti áhuga minn hvernig svo lítið samfélag getur sett fram jafn háværa kröfu um breytingar án ofbeldis og með samvinnu," segir Lilja.

Að sögn Lilju vildi hún sýna félagslegar afleiðingar kreppunnar. „Niðurstöðurnar komu mér á óvart. Reiðin í samfélaginu er svo mikil. Vantraustið í garð ríkisstjórnarinnar og vantrúin á lýðræðið er mjög ríkjandi."

Rannsóknina vann Lilja hér á landi árið 2014. Hún tók meðal annars viðtöl við mikinn fjölda Íslendinga um áhrif efnahagsþrenginganna á líf þeirra og hugmyndir.

„Það kom mér líka á óvart hvað Íslendingar eru meðvitaðir um frændhygli sem ákveðna tegund spillingar. Viðmælendur mínir útskýrðu orsök kreppunnar sem skort á siðferðiskennd og skort á gildum sem væri ríkjandi í samfélaginu," segir Lilja.

MÓTMÆLI Búsáhaldabyltingin kveikti áhuga Lilju á að rannsaka Ísland eftir hrun. Hér sjást mótmælendur fyrir utan útsendingu Stöðvar 2 á Kryddsíld árið 2008 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

LILJA VAN HIMBERGEN

Hún segir að áhersla margra hafi frekar verið á gróða en á velferð og jafnréttismál.

Lilja segir að þeir grasrótarhópar sem starfi hér á landi eigi margt sameiginlegt. Þeim finnst skorta sýnilega breytingu á samfélaginu eftir hrun, þeir vantreysta stjórnmálamönnum og kerfinu í heild sinni. Þá þyki þeim lýðræðið og mannréttindi vera undir ákveðinni pressu.

„Efnahagsþrengingarnar höfðu meiri áhrif en nokkurn hefði grunað. Þær breyttu jafnvæginu, samheldninni og uppbyggingu samfélagsins."

snaeros@frettabladid.is

Sonur Gaddafi dæmdur fyrir að brjóta á bak aftur friðsæl mótmæli í Líbíu:

Saif al-Islam dæmdur til dauða

LÍBÍA Saif al-Islam sonur Muammars Gaddafi, fyrrverandi leiðtoga Líbíu, var í gær dæmdur til dauða vegna stríðsglæpa ásamt átta öðrum einstaklingum.

Þrjátíu einstaklingar nánir Saif al-Islam voru dregnir fyrir rétt fyrir að brjóta á bak aftur friðsæl mótmæli í Líbíu árið 2011 þegar uppreisnin gegn Gaddafi átti sér stað.

Islam var ekki viðstaddur réttarhöldin en hann er í haldi uppreisnarhóps í borginni Zintan sem neitar að láta hann af hendi til stjórnvalda. Heimildir BBC herma að uppreisnarmennirnir muni hvorki taka hann af lífi né afhenda hann stjórnvöldum eftir dómsúrskurðinn.

Abdullah al-Senussi, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustunnar, og Baghdadi al-Mahmoudi eru á meðal dæmdra en þeir verða teknir af lífi af aftökusveit. Mennirnir hafa allir 60 daga til að áfrýja úrskurðinum.

Islam reyndi að koma á pólitískum og efnahagslegum breytingum undir stjórn föður síns en það dugði ekki til að bæla niður uppreisnina árið 2011. Hann er einnig eftirlýstur af Alþjóðaglæpadómstólnum. - srs

SAIF AL-ISLAM Sonur Gaddafi er í haldi uppreisnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

www.cintamani.is | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan



FORSETA INDLANDS MINNST Þessi indverski maður reisti A.P. J. Abdul Kalam, fyrrverandi forseta Indlands, sem lést í fyrradag, minnisvarða á austurströnd Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

SKJALDBAKA Í SJÁLFHELDU Landhelgisgæsla Bandaríkjanna sleppti þessari skjaldböku, af tegund sem er í útrýmingarhættu, aftur út í Atlantshafið eftir að hafa bjargað henni úr lífsháska. NORDICPHOTOS/AFP

HITABYLGJA Í GRIKKLANDI Þessir Grikkir hjóluðu yfir gosbrunn í grísku borginni Þessalóníku til að kæla sig niður. Um fjörutíu gráða hiti er um þessar mundir á svæðinu. NORDICPHOTOS/AFP

SELUM SLEPPT Þessum kópum var sleppt út í náttúruna af ströndum norðurþýsku eyjarinnar Juist þar sem þeir höfðu verið í eldi. NORDICPHOTOS/AFP

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

23% afsláttur

999 kr. pk.

Verð áður ~~1299~~ kr./pk.
Driscoll bláber í boxi, 510 g

50% afsláttur

52 kr. stk.

Verð áður ~~103~~ kr./stk.
X-Ray orkudrykkur
250 ml

Ódýrt í ferðalagið!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

30% afsláttur

499 kr. tvennan

Verð áður ~~718~~ kr./tvennan
Pik-Nik kartöflustrá, 113 g og
Pik-Nik Cheese Curls 78 g

1479 kr. pk.

Nóa Kropp risakassi

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

SKOÐUN

Fjölmenningarlandið Ísland

Fréttablaðið birti á mánudag sláandi frétt þar sem fram kom að unglingar foreldra af erlendum uppruna standa í raun höllum fæti í samfélaginu. Þeir eru líklegri til að neyta áfengis, tóbaks og kannabisefna heldur en jafnaldrar þeirra af íslenskum uppruna og eru líklegri til að líta þessi vímuefni jákvæðum augum.

Ársæll Már Arnarsson, prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri og stjórnandi rannsóknar sem leiðir þetta í ljós, segir að sennilega spili margir þættir inn í; sálfræðilegir, efnahagslegir og menningarlegir. „Það getur verið að hluti þessara unglinga upplifi sig utangarðs, en þegar viðhorf þeirra til skaðsemi vímuefna er skoðað vaknar einnig spurning um það hvort þær forvarnaraðferðir sem reynst hafa svo vel fyrir aðra henti þessum hóp ekki eins vel. Þá er ekki ólíklegt að foreldrar þeirra hafi önnur viðhorf en almennt tíðkast meðal innfæddra Íslendinga," segir hann.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ársæll gagnrýnir að Íslendingar hafi ekki veitt heilsufari og þörfum innflytjenda nægilega athygli. Undir þá gagnrýni tekur Rúnar Helgi Haraldsson, forstöðumaður Fjölmenningarseturs, í Fréttablaðinu í gær. Hann segir niðurstöður rannsóknarinnar endurspegla rannsóknir Fjölmenningarseturs þar sem fram kemur að þessum ungmennum vegnar einnig illa í framhaldsskólakerfinu. Af þeim 358 sem innrituðust í framhaldsskóla árið 2009 útskrifuðust aðeins 49 eftir fjögur ár og þrettán eftir sex ár. „Þetta sýnir mjög alvarlega stöðu ungmenna með erlent ríkisfang inni í framhaldsskólakerfinu," segir Rúnar. Passa verði upp á að skapa ekki pólaríserað samfélag þar sem fólk af erlendum uppruna standi höllum fæti í menntakerfinu og á atvinnumarkaði.

Íslendingar hafa litla reynslu af búferlaflutningum erlendra ríkisborgara hingað til lands. Langflestir annarrar kynslóðar innflytjendur, það er einstaklingar sem fæðast hér á landi og eiga báða foreldra af erlendum uppruna, eru börn á aldrinum 0 til 5 ára. Eftir því sem ofar er farið í aldri fækkar einstaklingunum af þessari kynslóð og mjög hratt eftir tvítugt. Samtals eru annarrar kynslóðar innflytjendur á Íslandi 3.158, eða aðeins eitt prósent af mannfjöldanum.

Áhyggjur þeirra Ársæls og Rúnars eru réttmætar. Ísland er orðið samfélag fjölmenningar, suðupottur ýmiss konar áhrifa og menningarstrauma og því ber að fagna. En þessari þróun fylgja einnig ýmsar skyldur.

Innflytjendum og börnum þeirra verður að standa til boða sama þjónusta og þeim sem geta rakið ættir sínar á Íslendingabók. Framboð og aðgangur að forvörnum og aðstoð hvers konar, hvort sem um er að ræða fræðsluefni, jafningafræðslu, tungumálakennslu eða hvaðeina, verður að vera aðgengilegt öllum og samstarf við foreldra markvisst. Rannsóknir á þessu sviði þarf að efla sem og fjölmenningarþekkingu þeirra sem vinna að forvörnum. Stefnumótun og markmið þurfa að vera skýr. Með því er markmiðum lýðræðisþjóðfélags um jafnrétti allra þegna mætt þar sem allir hafa sama aðgang að gæðum samfélagsins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Það þykknar í súrri mjólk

Karpið um hækkun mjólkurvara heldur áfram. Finnur Árnason, forstjóri Haga, fullyrðir að smjörhækkunin (11,6%) muni valda verðbólgu og verðtryggð lán hækki í kjölfarið. Þetta getur vel verið. Þá mun smjörið haldast í hendur við nýgerða kjarasamninga í verðbólgumyndun.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir hins vegar að verð á smjöri sé mjög hagstætt miðað við verð í nágrannalöndum okkar. Það hafi verið selt á undirverði hingað til en nú eigi að leiðrétta þann mun. Stjórnvöld eru jú öll í þessum leiðréttingum til almennings.

Skipt um lið

Forstjóri Mjólkursamsölunnar, Ari Edwald, var einu sinni framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Þá sagði hann að innlendar landbúnaðarvörur væru meginorsök hærra matvælaverðs hér á landi. Samtökin vildu þá auka viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur og auka samkeppni. Draga þyrfti úr markaðstruflandi áhrifum opinberra styrkja til landbúnaðarins.

En nú er annað hljóð í strokknum. Sem forstjóri MS telur Ari að hækkun á mjólkurvörum sé hin eðlilegasta. Fyrir helgi sagði hann að ef landbúnaðarafurðir færu á almennan markað myndi það þýða að hér á landi yrði enginn landbúnaður sem neinu næmi.

Það er greinilega fengur að því að fá Ara til vinnu. Hann talar máli þess fyrirtækis sem hann starfar fyrir. Jafnvel þótt það sé þveröfugt við fyrri skoðanir hans.

Hrósið leiðrétt

Þann 21. júlí síðastliðinn hrósaði höfundur Gunnari Braga Sveinssyni fyrir að íhuga að draga úr hvalveiðum. Í gær steig utanríkisráðherrann svo fram og sagði að Íslendingar mættu aldrei gefa eftir rétt sinn til að veiða hval. Við ættum áfram að veiða hrefnu sem aldrei fyrr. Þessi þvermóðska ríður ekki við einteyming. Íslendingar eru litnir hornauga um heim allan fyrir hvalveiðar. Það margborgar sig að hætta veiðunum og losna undan þeim þvingunum sem Bandaríkin hafa hótað. Þó að hrefnan sé góð á grillið.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR

Við viljum trausta, opinbera heilbrigðisþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL

Oddný G. Harðardóttir
alþingismaður

Svo virðist sem hægristjórnin sé ófær um að leysa alvarlegan vanda heilbrigðiskerfisins með hag almennings að leiðarljósi. Hugmyndum um gróða, markað, kostnað og gjöld er þröngvað inn í umræðuna um viðkvæma stöðu heilbrigðisstofnana. Þeir sem vilja selja ríkinu þjónustuna eru að skilgreina þarfirnar og útfærsluna sjálfir.

Þingmaður Sjálfstæðisflokksins talar um markaðinn þar sem heilbrigðisstéttir eigi að nota tækifærið til að nýta og segir: „Yfir þeim markaði gín ríkið nánast eitt." Markaðurinn er væntanlega samansafn veikra Íslendinga og hann vilja hægrimenn að heilbrigðisstéttir nýti sér til hagsbóta. En væri það til hagsbóta fyrir sjúklingana og heilbrigðiskerfi sem á að vera aðgengilegt öllum óháð efnahag?

Heilbrigðisráðherra hefur sagt að einkarekstur geti ekki tekið við því hlutverki sem Landspítalinn sinnir, en vinnur að einkarekstri heilsugæslustöðva. Ekkert kallar á aukinn einkarekstur grunnstoða velferðarsamfélagsins nema frjálshyggjustefna Sjálfstæðismanna. Því miður virðast þeir fá góðan frið fyrir Framsóknarmönnum í ríkisstjórn til að vinna að framgangi þeirrar stefnu.

Lausn vandans í heilbrigðiskerfinu felst fyrst og fremst í því að ríkið styrki raunverulega rekstur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, geri þeim kleift að halda góðum mannauði og að mæta þörfum sjúklinga um land allt. Það á að vera forgangsverkefni. Heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir tilheyra grunnstoðum velferðarkerfisins og að þeim þurfum við að gæta nú þegar hugmyndir um aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu vaða uppi.

Gleymum því ekki grunnþjónustunni í umræðunni um alvarlegan vanda Landspítalans. Hana má ekki einkavæða í skiptum fyrir að rekstur Landspítalans verði opinber eins og heilbrigðisráðherra virðist vilja. Nú þegar hafa verið gerðir þjónustusamningar um einstök verk innan heilbrigðiskerfisins en einkarekstur getur ekki komið í staðinn fyrir trausta opinbera heilbrigðisþjónustu sem rekin er af myndarbrag. Aldrei má vafi leika á því hvort hagsmunir sjúklinga eða rekstraraðila heilbrigðisstofnana vegi þyngra. Þess vegna vill þjóðin reka sína heilbrigðisþjónustu sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Landsbankinn sem samfélagsbanki

SAMFÉLAG

Helga Þórðardóttir
formaður Dögunar

Landsbankinn ætlar að reisa sér nýjar höfuðstöðvar hjá Hörpunni. Kostnaðurinn er mikill og ekki að ósekju óttast menn framúrkeyrslu. Það virðist sem bankaráð Landsbankans sé einrátt í þessu máli samkvæmt lögum. Þar með getur fámennur hópur ákveðið að byggja rándýra byggingu fyrir fyrirtæki sem er í eigu almennings að mestu leyti. Ef þessi hópur gerir mistök munu þau lenda á herðum skattgreiðenda. Ef ég skil lögin rétt þá kemur Bankasýslan í veg fyrir aðkomu kjörinna fulltrúa eða almennings á hluthafafundi.

Bankastarfsemi virðist vera heilög og ósnertanleg og í raun hafin yfir lög og reglur. Bankar stjórna mun meiru en þjóðkjörnir fulltrúar okkar. Það sást vel þegar þeir fóru á hausinn haustið 2008. Kostnaður mistakanna var lagður á skattgreiðendur, nýir bankar stofnaðir fyrir almannafé og síðan nánast daginn eftir fara þeir að dæla út hagnaði og bónusgreiðslum til æðstu stjórnenda. Þrátt fyrir þessa dýru endurfæðingu á kostnað skattgreiðenda eltast þeir við almenning með nauðungaruppboðum og leggja líf fólks í rúst.

Það verður að taka bankastarfsemi til algerrar endurskoðunar. Við verðum að nýta bankastarfsemi almenningi til heilla en ekki öfugt. Það er ekkert sem réttlætir það að bankar mergsjúgi almenning vegna sérstöðu sinnar í þjóðfélaginu.

Hvers vegna eru ekki vextir eða annar kostnaður minnkaður í stað þess að byggja monthús niðri við höfn eða hvers vegna eru peningarnir ekki nýttir í byggingu nýs Landspítala? Ef þjóðin væri spurð væri svarið gefið.

Það er orðið tímabært að við stofnum samfélagsbanka eins og Dögun stjórnmálasamtök hafa ítrekað bent á. Hið opinbera ætti hann og mestallur hagnaður færi til þjóðarinnar. Samfélagsbanki er ekki fjárfestingabanki eins og Landsbankinn er í dag heldur bara viðskiptabanki fyrir almenna viðskiptavini. Lög myndu takmarka áhættusækni og setja bankanum siðferðilegar skyldur gagnvart ríki og þjóð. Bankinn gæti boðið lægri vexti og betri kjör. Ef bankanum gengi vel væri hægt að nýta hagnaðinn til að lækka skatta eða til velferðarmála. Við ættum bankann fyrir okkur.

➜ Það verður að taka bankastarfsemi til algerrar endurskoðunar. Við verðum að nýta bankastarfsemi almenningi til heilla en ekki öfugt.

Verið að brjóta stjórnarskrána á öldruðum og öryrkjum!

KJÖR ALDRAÐRA

Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Hagstofan hefur birt rannsókn um það hverja skorti efnisleg gæði. Samkvæmt rannsókninni skortir hóp öryrkja og aldraðra efnisleg gæði og hefur þessi hópur stækkað frá árinu 2013 til 2014. Með skorti á efnislegum gæðum er m.a. átt við eftirfarandi: Hefur ekki efni á að fara í vikulegt frí með fjölskyldunni, hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð, a.m.k annan hvern dag, hefur ekki efni á heimasíma, farsíma eða sjónvarpi, hefur ekki efni á þvottavél, hefur ekki efni á bíl og ekki heldur á tölvubúnaði, hefur ekki efni á að kynda íbúðina nógu vel og hefur lent í vanskilum með húsnæðislán eða önnur lán vegna fjárskorts. Ef um skort á a.m.k. þremur framangreindum atriðum er að ræða, telst vera skortur á efnislegum gæðum.

Ríkið skammtar nauman lífeyri

Þessi rannsókn er mjög athyglisverð. Hún staðfestir það, sem áður hefur verið vitað, að margir aldraðir og öryrkjar geta ekki lifað eðlilegu lífi vegna þess, að ríkið skammtar þeim svo nauman lífeyri, að þeir geta ekki framfleytt sér að fullu. Samkvæmt þessu er ljóst, að ríkið er að brjóta stjórnarskrána með þessu framferði gegn lífeyrisþegum. Réttur aldraðra og öryrkja til þess að lifa eðlilegu lífi er stjórnarskrárvarinn. Þegar stjórnvöld eru að skera mikið niður greiðslur til aldraðra og öryrkja eins og nú, eru þau að brjóta stjórnarskrána.

Láta lífeyrisþega fá þriðjung af hækkun launþega

Ríkisstjórnin ætlar nú láta lífeyrisþega fá þriðjung af þeirri hækkun, sem launþegar fá á nýju samningstímabili. Það er hoggið í sama knérunn og áður. Í stað þess að láta lífeyrisþega fá meira en launþegar fá til þess að leiðrétta lífeyrinn vel er skorið niður til lífeyrisþega eins og áður. Lífeyrir einhleypra lífeyrisþega, sem einungis hafa tekjur frá TR, er í dag 225 þúsund krónur fyrir skatt, 192 þúsund eftir skatt. Eins hár og húsnæðiskostnaður er í dag er engin leið að lifa eðlilegu, mannsæmandi lífi af þessari hungurlús. Algeng húsaleiga í dag er 150 þúsund krónur á mánuði. Og þó hún sé 10 þúsund krónum lægri í vissum tilvikum sjá allir, að engin leið er að lifa eðlilegu lífi af því, sem eftir er af lífeyrinum. Þeir, sem eiga sitt húsnæði, þurfa að greiða eitthvað minna í húsnæðiskostnað. En útgjöld eru samt mikil í afborganir og vexti lána, fasteignagjöld, rafmagn og hita, hússjóð o.fl. Flestir úr þessum hópi öryrkja og aldraðra flokkast undir þá, sem skortir efnisleg gæði.

Lífeyrisþegar fái það sama og launþegar

Ríkisstjórnin hefur nú tækifæri til þess að laga ástandið hjá lífeyrisþegum og hætta að brjóta á þeim stjórnarskrárvarinn rétt. Hún getur látið lífeyrisþega fá sömu hækkun og láglaunafólk fékk sl. vor, þ.e. 31 þúsund króna hækkun á mánuði frá 1. maí. Lágmarkstrygging hækkaði þá um 31 þúsund á mánuði. 28% hækkun verður á þremur árum.Lífeyrir á að hækka í 300 þúsund á mánuði á þessum tíma eins og lágmarkslaun.

➜ Þessi rannsókn er mjög athyglisverð. Hún staðfestir það, sem áður hefur verið vitað, að margir aldraðir og öryrkjar geta ekki lifað eðlilegu lífi vegna þess, að ríkið skammtar þeim svo nauman lífeyri, að þeir geta ekki framfleytt sér að fullu.

Þingvallavatn – viðkvæmur viðtaki

UMHVERFISMÁL

Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður Náttúruminjastofnunar Íslands

Fjörleg umræða hefur staðið yfir að undanförnu um erlenda ferðamenn og álag af þeirra völdum á náttúru, menn og mannvirki. Gróður og jarðvegur láta á sjá, biðraðir myndast við afgreiðslur og salerni hafa ekki undan, jafnvel þannig að fólk gerir þarfir sínar í næsta runna. Þetta er vissulega óviðunandi ástand og brýnt að bæta úr því sem fyrst. Við höfum haft allar forsendur til að bregðast fyrr við en ekki gert það. Þess vegna eru innviðir ferðaþjónustunnar veikbyggðari en ella. Ráðherra ferðamála hittir naglann á höfuðið þegar hún segir að við höfum verið „…aðeins tekin í bólinu“ og að „Áralangur skortur á uppbyggingu er að koma okkur í koll núna.“

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ásamt Þingvallavatni er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á landinu og hefur ekki farið varhluta af tilheyrandi álagi. Vel hefur þó verið leyst úr ýmsum vandamálum þar en fjöldi ferðamanna er aftur á móti orðinn slíkur að gera þarf betur. Á meðal þess sem ráða þarf bót á er fráveita skólps, sérstaklega með hliðsjón af verndun lífríkis Þingvallavatns. Þingvallavatn er stærsta stöðuvatn landsins, af gerð lindarvatns, rómað fyrir bláma, hrein- og tærleika og frægt fyrir einstakt lífríki og gjöfula silungsveiði. Vegna þessa nýtur vatnið bæði verndar samkvæmt íslenskum sérlögum og Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna um menningar- og náttúruarfleifð mannkyns.

Eins og málum er nú háttað í þjóðgarðinum og á vatnasviði Þingvallavatns er seyra tæmd úr rotþróm og farið með hana út fyrir vatnasviðið til hreinsunar. Skólpvatnið situr hins vegar eftir í langflestum þróm og þaðan sytrar það út í umhverfið. Vegna þess hve gropin hraun eru víða á svæðinu og lítið um jarðveg á skólpvatnið greiðan aðgang í grunnvatn sem berst fyrr en seinna í Þingvallavatn. Þá er skaðinn skeður. Þingvallavatn er mjög viðkvæmur viðtaki fyrir nitri, sem er í miklu magni í skólpvatni. Viðkvæmnin stafar af því að mjög lítið er af nitri í Þingvallavatni en jafnframt er nitur annað tveggja helstu næringarefna sem gróður þarf til vaxtar. Aukist niturstyrkur í vatninu þá eykst vöxtur þörunga sem kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir allt lífríki vatnsins og hrein- og tærleika þess. Vísbendingar um þessa þróun í Þingvallavatni eru því miður nú þegar fyrir hendi.

Bregðast verður strax við álagi á vatnasviði Þingvallavatns ef ekki á að fara illa fyrir einni helstu náttúruperlu okkar. Uppsprettur niturmengunar á vatnasviðinu eru reyndar fleiri en vegna skólpvatns en hér gildir hið fornkveðna að það er kornið sem fyllir mælinn og best að byrja á því að taka til í eigin garði. Hvetja má gesti til að létta á sér heima, á hóteli eða í skipi áður en komið er á Þingvöll. Staðsetja ber salerni og rotþrær þar sem jarðveg er að finna fjarri hrauni og vatni. Huga þarf að aðferðum sem fella sem mest út af skólpvatni í rótþrónum, helst þannig að ekkert sytri út á viðkvæmustu stöðunum þar sem hraun er undir og skammt í vatn. Með þessum aðgerðum og fleirum munu komandi kynslóðir njóta þjóðgarðsins og Þingvallavatns líkt og milljónir manna hafa gert til þessa.

➜ Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ásamt Þingvallavatni er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á landinu og hefur ekki farið varhluta af tilheyrandi álagi.

ORIGAMI SUSHI

HAFÐU ÞAÐ GOTT OG ÞÆGILEGT

BÚIÐ TIL DAGLEGA

Nammiland

50% AFSLÁTTUR Á LAUGAR-DÖGUM

GÓÐGÆTI Í POKA

EINFALDLEGA MEIRA

ÚRVAL

5 flott

STICKY FINGERS - GUY FIERI - JACK DANIEL´S - W

Eldgrillaður KJÚKLINGUR

Á EIÐISTORGI, Í SKEIFUNNI, SPÖNGINNI OG GARÐABÆ

24 Hagkaup

OPIÐ allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

og á Akureyri í sumar!

ÞÚ FINNUR
KJÖTBORÐ HAGKAUPS

Í Kringlunni, Garðabæ, Eiðistorgi og Akureyri

998 kr/stk

Weber krydd
tar tegundir á grillmatinn.

Tostitos snakk og sósur
Hrikalega gott.

WEBER - FAMOUS DAVE´S - BULL´S EYE - STUBB´S

BAGUETTE
Venjulegt, gróft, steinbakað, lítið, stórt 400 g, hvítlauksosta.

BLACK ANGUS DRY AGED STEIKUR

CREEKSTONE FARMS Premium Quality

- ★ 130 DAGA KORN ALIÐ NAUTAKJÖT.
- ★ 100% BLACK ANGUS NAUTAKJÖT.
- ★ ENGIN HORMÓNA - OG SÝKLALYF NOTUÐ.
- ★ NÁTTÚRULEGUR, DÝRAVÆNN OG HEILBRIGÐUR BÚSKAPUR.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gamlar minjar eða nýjar minjar

SKIPULAGSMÁL

Hólmsteinn S. Rósbergsson
húsasmíðameistari

Það er ekki hægt að halda í fortíðina nema að litlu leyti. Alls ekki í lífið sjálft, en stundum í umhverfið. Við þurfum að halda í umhverfið svo við missum ekki fótanna í öllum nýjungunum. Ef við gerum það ekki erum við öll eins og nýbúar með lítið eða rofið tengslanet.

Þegar kemur að gömlum húsum, er því mikilvægt að þau séu á sínum stað. Þá getum við fundið fyrir þeirri fótfestu í tímanum sem við þurfum á að halda.

Forsætisráðherra „dúkkaði upp“ með þá hugmynd að leysa húsnæðisþörf Alþingis með því að dusta rykið af gamalli hugmynd Guðjóns Samúelssonar af þess konar húsi. Um svipað leiti var kynnt sú hugmynd að byggja safn af gamaldags húsum á Selfossi.

Ef ég byrja að tala um þessa húsnæðisþörf Alþingis þá er þetta algjör vitleysa. Þó ekki væri annað, þá kann bara enginn að byggja svona hús nú til dags. Og af því við eigum ekki menn sem kunna til verka þá yrði þetta aldrei annað en léleg eftirlíking. Við erum búin að glutra niður þekkingunni á að smíða „sléttbyrtan eikarbát“. Eins er með byggingu á steinhúsum eins og: Alþingishúsinu, Landsbankahúsinu og elsta hluta Útvegsbankahússins (nú héraðsdómur) sem eru í miðbæ Reykjavíkur. Eins er með hús Landsbankans á Akureyri. Það er ekki verið að byggja eitt einasta slíkt hús í landinu, þannig að við þyrftum í það minnsta að flytja inn alla þekkinguna á nýjan leik.

Við þurfum að vernda og halda við okkar byggingararfi, og getum verið stolt af miklum hluta hans. En sérhver tími kallar á ný viðhorf og nýjar lausnir. Þess vegna þurfum við að treysta arkitektum til að teikna falleg hús þegar þeir fá tækifæri til.

Tækifærin koma einmitt þegar þarf að byggja á Alþingishúsreitnum eða jafnvel nýtt Alþingishús, og það þurfum við að nýta okkur. Látum nútímann sýna hvað hann getur. Treystum arkitektum til að færa okkur eitthvað sem við, og þeir sem heimsækja okkur taka eftir.

Hér áður var það viðhorf uppi að flytja gömul hús af sínum stað og koma þeim fyrir í einu þorpi, og það þorp varð að Árbæjarsafni.

Þessi viðhorf eru úrelt. Nú er uppi það viðhorf að varðveita eigi hús þar sem þau eru og þá helst þar sem þau voru byggð. Það hefur stundum tekist vel að færa þau aðeins um set ef nauðsyn hefur krafið.

Jafnvel hefur tekist vel að hækka þau um eina hæð.

Þetta viðhorf á ekki bara við um húsið í heild, heldur þannig að ef rífa þarf eitthvað niður þá eigi að raða því eins upp og það var áður. Ekki bara hipsumhaps.

Það góða við þá hugmynd að byggja upp safn af gamaldags húsum, er að hún sýnir hvað gömul hús eru sterkir áhrifavaldar í að búa til miðbæjarkjarna. Hann verður bara ekki til nema með tilstuðlan þeirra. Á Íslandi er næstum allt nýtt og Selfoss eitt það nýjasta af því nýja.

En þeim finnst kannski betra að vera aðeins eldri. Nútímamaður sem færi að ganga í aldamótaklæðnaði hefðarfólks þætti hálf „spjátrungslegur“ þó það sé ágætis klæðnaður, og ekkert út á hann að setja sem slíkan. Enda náttúrlega miklu flottari en „flís“ sem sumir ganga í nú til dags.

Ég óttast að svona hús yrðu aldrei nema skeljar; tilbúningur fyrir eitthvað allt annað en húsið sjálft. Þó ekki væri annað en byggingareglugerðin sem gerir svo og svo miklar kröfur um styrk og öryggi, þá myndi hún þvælast fyrir mörgu í gerð húsanna. Og varla ætla menn að fara að beygja hana allt í einu. Nei, íbúar Eyrarbakka og Stokkseyrar þurfa ekki að óttast þessa hugmynd að byggja gömul hús á Selfossi, því þeirra hús eru ekta. Ekta hús á sínum stað með sínu mannlífi og fjölbreytileika þess. Listafólki t.d. Og eins konar flóttafólki úr skarkala borgarinnar og kannski bara einhver íbúi sem hefur dagað uppi í tímanum. Þetta er alvöru.

➜ En sérhver tími kallar á ný vihorf og nýjar lausnir. Þess vegna þurfum við að treysta arkitektum til að teikna falleg hús þegar þeir fá tækifæri til.

Fagleg æskulýðsmál

ÆSKULÝÐSMÁL

Árni Guðmundsson M.ed.
Rannsóknarstofu í bernsku- og æskulýðsfræðum, Tómstunda- og félagsmálafræðibraut HÍ.

Forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar rita grein í Fréttablaðið þ. 21. júlí sl. Grein þeirra, Faglegt æskulýðsstarf í Hafnarfirði, er sennilega sett fram sem einhvers konar svar við grein minni í Fjarðarpóstinum þ. 9 júlí sl. er nefndist Er björt framtíð í æskulýðsmálum (í Hafnarfirði) sem og umfjöllun Hafnfirska vefmiðilsins Bærinn okkar undir fyrirsögninni Í ruslflokk á sviði æskulýðsmála. Eins og fyrirsagnirnar gefa til kynna má vera ljóst að sitt sýnist hverjum hvað varðar skipulagsbreytingar í æskulýðsmálum hjá bæjarfélaginu. Sá sem þetta ritar getur vel tekið undir það að æskulýðsstarf í Hafnarfirði sé faglegt því hjá ÍTH (Íþrótta- og tómstundaráði Hafnarfjarðar) starfar fjöldi vel menntaðra og hæfileikaríkra starfsmanna af heilindum og trúmennsku en við stórfellt skilningsleysi bæjaryfirvalda á þessum mikilvæga málaflokki. Í grein forseta og formanns ÍTH er nánast í engu fjallað um stjórnsýslubreytingar æskulýðsmála sem slíkar en þess í stað, rætt um að tillögur geti misskilist, nú þurfi að fara fram samtal, fólk eigi ekki að vera hrætt við breytingar m.m.

Kjarni málsins er þessi

29. júní sl. voru tillögur um stjórnsýslubreytingar hjá Hafnarfjarðarbæ fyrst „kynntar“ bæjarfulltrúum á lokuðum fundi og í kjölfar „kynningarinnar“ var haldinn sérstakur aukafundur í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Um 90 mínútum eftir að „tillögurnar“ voru fyrst gerðar opinberar var búið að samþykkja æskulýðshluta þeirra af meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar? Algerlega umræðulaust, án samráðs eða skoðanaskipta við nokkra þá sem málið raunverulega varðar eða snertir, án samráðs eða aðkomu þeirra sem í geiranum starfa, án samráðs við ungmenni í ungmennaráði Hafnarfjarðar, án nokkurrar kynningar eða opinberrar umræðu í bæjarfélaginu. Í kjölfarið var svo einhverjum lykilstjórnendum æskulýðsmála sagt upp störfum. Og nú síðast þá hafa grunnskólar Hafnarfjarðar auglýst laus störf í æskulýðsgeiranum og þá væntanlega í samræmi við nýtt „skipurit“. Að sögn forseta bæjarstjórnar (sbr. upptöku af fundi bæjarstjórnar þ. 29. júní) var nauðsynlegt að samþykkja þessar tillögur til þess að skólastjórnendur gætu hafið nauðsynlegan undirbúning nú þegar.

Stjórnkerfisbreytinguna bráðnauðsynlegu er því miður ekki hægt flokka undir annað en fúsk. Oft á tíðum hafa málaflokkar og deildir verið flutt á milli svið í bæjarfélögum en haldið viðfangsefnum sínum í öllum meginatriðum. Í þessu tilfelli er gengið mun lengra því samþykktin felur í sér að frístundaheimili og félagsmiðstöðvar bæjarfélagsins eru settar undir forræði einstakra skólastjórnenda (eins og þeir hafi ekki nóg á sinni könnu) en æskulýðs- og íþróttafulltrúi verði „fagstjóri“ frístundamála sem muni hafa það hlutverk að ráðleggja skólastjórnendum, sem ekki hafa neina sérþekkingu í tómstunda- og félagsmálafræðum, um það hvernig á að reka slíkt starf í stað þess að æskulýðsdeildin geri það og með ágætum eins og verið hefur. Talandi um einfaldar boðleiðir, sem var ein af fáum röksemdum fyrir þessum undarlegu breytingum. Önnur röksemd var að skólarnir starfi eftir s.k. SMT agastjórnunarkerfi en það geri æskulýðsstarfið ekki. Svo sé „eðlilegt“, af því að starfsemin sé í sama húsnæði, að skólastjórar fari með forræðið. Í þeim nokkru og fátæklegu línum sem eignaðar eru æskulýðsmálum að öðru leyti í þessari skýrslu er rúsínan í pylsuendanum þessi: „Tillagan er rökstudd bæði út frá faglegum og rekstrarlegum sjónarmiðum.“ Þrátt fyrir afar ítarlega leit finnast þessi faglegu rök ekki enda augljóst af lestri skýrslunnar að hvorki Capacent, R3 né HLH ehf. búa yfir neinni faglegri þekkingu á sviði æskulýðsmála.

Spurt er

Á agastjórnunarkerfi skólanna að marka alla tilveru barna og ungmenna og hvernig getur slíkt verið ástæða til grundvallarbreytinga í æskulýðsmálum bæjarfélagsins? Eiga hafnfirsk ungmenni sem af einhverjum ástæðum tekst ekki að aðlaga sig agavaldi skólans að gjalda þess í frítíma sínum? Hvaða sérþekkingu hafa skólastjórar á sviði tómstunda- og félagsmálafræða? Er ekki bara tilvalið að skólastjórar sinni alfarið því sem þeir eru bestir í sem að öllu jöfnu er að reka skóla? Um þetta mætti hafa mörg fleiri orð en verður ekki gert að sinni.

„Ræðum málin til enda“ skrifar forseti bæjarstjórnar sem hljómar reyndar ekki sérstaklega sannfærandi. Í fyrsta lagi þegar staðið er frammi fyrir orðnum hlut í æskulýðsmálum og í öðru lagi þegar litið er á ferli þessa máls í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ef forseti bæjarstjórnar meinar eitthvað með þessum skrifum þá er fyrsta skrefið af hans hálfu að draga þessa samþykkt til baka og skapa með því raunverulegar forsendur til alvöru samtals um æskulýðsmál í Hafnarfirði. Ekki veitir af því öll viljum við áframhaldandi faglegt æskulýðsstarfi í Hafnarfirði – ekki satt?

Úreltir stjórnmálamenn

STJÓRNMÁL

Jón Þorvarðarson
stærðfræðingur og rithöfundur

Í nýjasta Terminator-trylliinum (2015) vellur upp úr Arnold Schwarzenegger í gervi vélmennisins T-800: „Ég er gamall, en alls ekki úreltur.“ Þetta hátækniundur hafði staðist tímans tönn með svo miklum ágætum að það átti í fullu tré við nýrri útgáfur af sjálfum sér.

Þegar ég heyrði þessa setningu velti ég því fyrir mér hvaða pólitíkus skyldi gera þessa setningu að sinni í nánustu framtíð. Ástæðan fyrir því að ég færi þetta í tal er sú að Jóhanna Sigurðardóttir stal – í það minnsta stældi – frægustu setningu T-800 þegar hún hrópaði yfir land og þjóð með kreppta hnefa: „Minn tími mun koma.“ T-800 var að vísu ögn hógværari þegar hann af miklu lítillæti sagði: „Ég mun koma til baka“.

Líkt og T-800 þá kom Jóhanna sannarlega til baka. Munurinn á þeim tveimur var hins vegar sá að þegar hún kom til baka, alla leið upp á hæsta tind, var hún orðin gamall og úreltur stjórnmálamaður. Óstraujaður með eldgamalt stýrikerfi.

Og ein eymdin bauð annarri heim þegar Jóhanna ákvað að stofna til samstarfs við annan gamlan og úreltan stjórnmálamann, óuppfærðan Steingrím J. Sigfússon. Sama versjón af Steingrími og við þekktum fyrir 30 árum síðan, engin nútíma niðurhöl, engin öpp. Blankur skjár. Gömlu jaxlarnir bitlausir.

Hvert var eitt af fyrstu og mikilvægustu verkefnum Steingríms? Jú, að hífa fornvin sinn Svavar Gestsson upp úr djúpi gleymskunnar og ýta á restart. Endurræstur draugur úr fortíðinni skyldi leiða samningaviðræður Íslands vegna Icesave-málsins. Enn á ný stofnuðu úreltir stjórnmálamenn til bræðralags. Haltur leiddi blindan. Forhertir gæjar sem aldrei hefur tekist að svara kalli tímans. Ef þeir skoðanabræður hefðu ráðið ferðinni þá væri þannig umhorfs í íslensku samfélagi (túrismans) að Ísland væri eina ríkið í Evrópu sem bannaði bjór. En það er önnur saga.

Og við hverju mátti búast af Svavari? Steingrímur, keyrður upp af gömlu forriti, kunni bara eitt svar og hljómaði eins og biluð grammafónplata þegar hann sagði: „Hann mun landa glæsilegri niðurstöðu fyrir okkur.“ En hver flýgur eins og hann er fiðraður, gamli refurinn „crashaði“ illilega í súlnasölum bresku krúnunnar og andstæðingarnir brostu kátbroslega niður í skeggið þegar samningar voru undirritaðir.

Leikritið hélt svo áfram að hætti úreltra stjórnmálamanna. Með undraverðum hætti tókst þeim næstum því að plata þjóðina með því að láta hið ranga sýnast rétt og hið rétta sýnast rangt. Líkt og Zenón sem reyndi að telja Forngrikkjum trú um að stríðshetjan Akkilles myndi aldrei ná skjaldbökunni í kapphlaupi, sama hversu lítið forskot hún hefði.

Af hverju er endalaust framboð af gömlum og úreltum stjórnmálamönnum á Íslandi? Af hverju komast þessir menn sífellt til æðstu metorða?

➜ Og ein eymdin bauð annarri heim þegar Jóhanna ákvað að stofna til samstarfs við annan gamlan og úreltan stjórnmálamann, óuppfærðan Steingrím J. Sigfússon.

Öfundsverð staða

EFNAHAGSMÁL

Kristján Sigurður Kristjánsson

Fjármálaeftirlitið hefur birt ársskýrslur lífeyrissjóðanna 2014. Skýrslan nær samt ekki yfir hina góðu stöðu kerfisins nema að litlu leyti. Heildartekjur sjóðanna voru kr. 373,5 milljarðar, þar af fengu sjóðirnir kr. 100,3 milljarða framlag úr ríkissjóði. Framlagið úr ríkissjóði dugði til að greiða allan lífeyri sjóðanna og fjóra milljarða sem dekkaði allan rekstrarkostnað.

Það er rúmgóð staða, þetta er betri staða en að selja yngingarolíu úr tölvunni í foreldrahúsum á fríu fæði og húsnæði. Lífeyrissjóðirnir eru eina sameiningartákn þjóðarinnar og njóta friðhelgi stjórnmálamanna, fjölmiðla og netsins með sama hætti og biskup og forseti Íslands nutu forðum. „Útlendingar horfa öfundaraugum til“ þessarar stöðu.

Þó einstaka neðanþindarfólk agnúist út í stjórnarkostnað horfir það fram hjá samlegðaráhrifum því meirihluti stjórnarmanna og nær allir formenn eru líka stjórnar- og framámenn í verkalýðshreyfingunni.

Hagræðið kemur sérstaklega vel í ljós við kjarasamningagerð þar sem fulltrúar sjóðanna sitja báðum megin borðs og lífeyrissjóðirnir hafa lánað notaðan lífeyrissjóðsformann í embætti ríkissáttasemjara í frekara hagræðingarskyni. Þannig eru sjóðirnir yfir, undir og allt um kring við samningaborðið.

Enn ein samlegðaráhrifin eru að lífeyrissjóðirnir reka nær alla láglaunastarfsemi ásamt dagvöru- og heildsöluverslun í landinu undir ströngu „verðlagseftirliti“ ASÍ. Þessi góða staða sannast með birtingu Neytendasamtakanna á verðkönnun ASÍ, þar koma verslanir sjóðanna mjög vel út, oftast best.

Það verður að kalla öfundsverða stöðu að fiskverkakonan hjá Granda versli í Hagkaupi og búi í íbúð með 109% veði, sé að safna fyrir Kaupmannahafnarferð með Icelandair, fari til og frá flugvelli með Kynnisferðum og geti frestað brjóstabrottnámsaðgerðinni á Hótel Íslandi sem foreldrar hennar ætla að greiða.

Allt innan þess hrings sem umlykur samningaborðið. Þetta var t.d. ekki hægt með Aeroflot því Sovétborgarar höfðu öngva lífeyrissjóði og þar með alls engar brjóstabrottnámsaðgerðastofur í hinum gersku Ármúlum Sovétsins. Fiskverkakonan fékk meira að segja vaxtabætur og leiðréttingu úr ríkissjóði sem gengu inn á lífeyrissjóðslánið þannig að veðhlutfallið hrapaði í 104%.

Lífeyrissjóðirnir töpuðu 500 ma. í hruninu. Forsætisráðherrann vildi afnema verðtryggingunа 2008 a.m.k. tímabundið og skipaði nefnd sem hún sótti til lífeyrissjóðanna til að útfæra afnámið. Nefndin sagði nei og ástæðan var trúnaðarmál í nokkur ár er formaðurinn upplýsti loks í DV: „[A]ð inngrip í forsendur þegar tekinna lána myndi leiða til þess að ríkissjóður yrði að greiða bætur sem talið var að væru um 240 miljarðar króna.“

Þessi björgun sparaði ekki bara ríkissjóði 240 milljarða í skaðabætur heldur rétti 500 milljarða tap lífeyrissjóðanna af á einu kjörtímabili. Sem dæmi náðu sjóðirnir ekki bara að halda hlut sínum gagnvart gamla fólkinu sem keypti íbúðir hjá EIR með aðstoð sjóðanna heldur fengu líka eignarhlut þess með „inngripi í forsendur þegar tekinna lána“. Þetta er svo góð staða að „útlendingar horfa til íslenska lífeyriskerfisins öfundaraugum“.

Svo góð staða nægði til að slá alla gagnrýni á kerfið út af borðinu væri hún fyrir hendi.

➜ Þannig eru sjóðirnir yfir, undir og allt um kring við samningaborðið.

SKIPTIBÓKA BÓNUS!

Penninn Eymundsson

Smáralind, Kringlan, Mjódd, Hallarmúli, Austurstræti, Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar.

KT:560109-0670 VSK:100269

VÖRUSKIL

Lýsing		Upphæð
Skiptibókabónus		
+ 400 kr fyrir hverja bók		
Stærðfræði	1.stk	2.320
Skiptibókabónus		400
Líffræði	1.stk	2.400
Skiptibókabónus		400
Samtals kr.		5.520
Inneignarnóta -		5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin

AÐEINS Í TVO DAGA

(29. & 30. júlí)

400 KR! 400 KR! 400 KR! 400 KR!

KOMDU NÚNA! DÚNDURVERÐ FYRIR ÞÍNAR SKIPTIBÆKUR!

Austurstræti 18
Hallarmúla 4
Kringlunni
Smáralind

Álfabakka 14b, Mjódd
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboðs er frá 29. júlí til og með 30.júlí. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt að neita móttöku skiptibóka.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Verslunarmannahelgin byrjar á **góðu verði í Bónus**

359 kr.10 stk.
BÓNUS **Vínarpylsur**
10 stk 485g

159 kr. 5 stk.
BÓNUS
Fimm pylsubrauð

298 kr. 360g.
Kjarnafæði **Pólskar**
kjötpylsur 360g

1598 kr. kg.
Ali **hamborgarhryggur** (úrb.)

1259 kr. kg.
BÓNUS **Grill grísa kótilettur**

159 kr. 4 stk
Bónus hamborgarabrauð 4 stk

1698 kr. kg.
K.F. grill **lambasrilonsneiðar**

995 kr. kg.
Ali **BBQ grísarif elduð**

198 kr. 510g.
Hunts **BBQ sósur** 510ml.

2998 kr. kg.
Goði **lambaprime**
ferskt hvítlauksmarinerað

1598 kr. kg.
Stjörnugrís **ferskar grísakótilettur**
úrbeinaðar / hvítlauksmarineraðar

1498 kr. kg.
FROSIÐ **Lambalæri í sneiðum**

198 kr. 170g.

ÍSLANDS LAMB

ÍSLANDSLAMB

Stolt kjötmeistarans

1998 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB (blandaðar)
Grill-lambalærisneiðar

1698 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB
Grill-lamba sirloinsneiðar

2498 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB
Grill-lambalærisneiðar 1.fl.

2498 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB **Grill**
lambakótilettur

Verð í þessari auglýsingu
Gilda til am.k. 2. ágúst

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Verslunarmannahelgin byrjar á **góðu verði í Bónus**

498 kr. pk
Bónus **hangiálegg** 170 gr

109 kr. pk
Bónus **flatkökur** 5 stk

435 kr. pk.
Bónus **kleinupoki** 25% meira magn

69 kr. 250ml
E.S orkudrykkur 250 ml

259 kr. 500g
E.S **salthnetur** 500g

Bónus orkupokinn 300g
Ómissandi í golfpokann eða í fjallgönguna

398 kr.300g

259 kr. 4stk.
Bónus **nýbakað mjúkar kringlur** 4 stk.

298 kr. 4stk.
Bónus nýbakað **kjallarabollur með osti** 4 stk.

598 kr. 3x200g

Góu þrennan 3 x 200g

398 kr. 215g
Goða **skinka** 215g

198 kr. 300g

198 kr.250g

159 kr. 250g
OLW **saltstangir** 250g

69 kr. 330ml

39 kr. 200ml
Euroshopper ávaxtadrykkir 200ml

259 kr. 6 stk.
Bónus **kleinuhringir** 6 stk

HEIMA

198 kr. 4 stk.
Heima grillbakkar 4 stk í pakka

479 kr. 1ltr.
Heima uppkveikilögur

298 kr. 1 stk.
Heima einnota grill

595 kr.4x2 ltr.

179 kr. 2 ltr.

VERSLUNARMANNAHELGIN 2015
Afgreiðslutími í Bónus
1. ágúst laugardagur 10:00-18:00
2. ágúst sunnudagur 12:00-18:00
3. ágúst mánudagur **LOKAÐ**
4. ágúst þriðjudagur 11:00-18:30
Ath. Verslun Bónus í Kringlunni er **lokuð** sunnudaginn 2.ágúst

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda til am.k. 2. ágúst**

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Ástkær móðir mín,

KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR
Hraunbæ 54,

andaðist 21. júlí. Hún verður jarðsungin 5. ágúst að Hjarðarholti í Dölum kl. 13.

Gísli Jónsson
og systkini hinnar látnu.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SESSELJA ÞORBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR
bóndi,
Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi,

sem lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 20. júlí verður jarðsungin föstudaginn 31. júlí kl. 14 frá Kolbeinsstaðakirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Nýrað, félag nýrnasjúklinga, 0334-26-001558, kennitala 670387-1279, og Skilunardeild Landspítalans við Hringbraut.

Sigurður Þ. Helgason
Steinar Þór Snorrason
Sigríður Jóna Sigurðardóttir
Ásdís Ólöf Sigurðardóttir
Elísabet Sigurðardóttir
Jódís Sigurðardóttir
Helgi Sigurðsson
Guðmundur Marteinn Sigurðsson
Jóhanna Lára Óttarsdóttir
Ásberg Jónsson
Sigurodddur Pétursson
Guðlaugur Þór Tómasson
Addý Guðjóns Kristinsdóttir
Sólveig Einarsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

AÐALBJÖRG AÐALBJÖRNSDÓTTIR
áður til heimilis á Valþjófsstað í Fljótsdal,

lést þann 24. júlí síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum. Útförin fer fram frá Valþjófsstaðakirkju laugardaginn 1. ágúst kl. 14.00.

Bjarni Guðjónsson
Jón Þór Tryggvason
Katrín Erla Kjartansdóttir
Guðjón Bjarnason
Kristinn Bjarnason
Una Birna Bjarnadóttir
Hafdís Björg Bjarnadóttir
Sigurbjörg Svana Jónsdóttir
og fjölskyldur.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir,

KATRÍN ÓLÖF BÖÐVARSDÓTTIR
læknir,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 22. júlí. Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð krabbameinsdeildar Landspítala.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
Matthías Örn Þórólfsson
Böðvar Örn Sigurjónsson
Sigurjón Örn Böðvarsson
Þorsteinn H. Gunnarsson
Benedikt Arnór Þórólfsson
Gestný K. Kolbeinsdóttir
Inga Þórunn Halldórsdóttir

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

ÞÓRS VIGNIS STEINGRÍMSSONAR
fv. yfirvélstjóra hjá Landhelgisgæslunni,
Hlíðarhúsum 3,
áður Arahólum 2, Reykjavík.

Þökkum starfsfólki Eirar fyrir góða umönnun.
Þökkum starfsmönnum Landhelgisgæslunnar fyrir þeirra aðkomu að útförinni og vinum og vandamönnum fyrir trygga vináttu.

Kristín Þórsdóttir
Rannveig Þórsdóttir
Þorsteinn Ólafs
Ólafur Kristinn Ólafs
Lára Kristjánsdóttir
Soffía G. Jóhannesdóttir
Andri Már Bjarnason
Daníel Þór Valdimarsson, Rebekka Rún Hjartardóttir
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Kristján Már Ólafs
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs
Jasmín Ósk Takefusa

FAGNAR Arnór Dan Arnarson nýtur lífsins í Danmörku þessa dagana í faðmi fjölskyldunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Besta afmælisgjöfin að vera með ástvinum

Tónlistarmaðurinn Arnór Dan Arnarson fagnar þrítugsafmæli sínu í dag. Hann nýtur dagsins í faðmi fjölskyldunnar í Danmörku. Það er nóg fram undan í tónlistinni.

Tónlistarmaðurinn Arnór Dan Arnarson stendur á miklum tímamótum í dag er hann fagnar þrítugsafmæli sínu. Hann var staddur í Danmörku þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af honum. „Ég ætla að njóta dagsins með fjölskyldunni minni og kærustunni minni hér í Danmörku. Við ætlum að eyða deginum saman þangað til að yngstu börnin þurfa að fara að sofa. Ég fer svo og hitti vini mína í kvöld á góðum pöbb, þar sem við ætlum að skála og hafa gaman," segir Arnór Dan spurður út í hvað hann ætli að gera í tilefni dagsins.

Hann er líklega best þekktur fyrir að vera söngvari rokkhljómsveitarinnar Agent Fresco og þá hefur hann einnig starfað mikið í tónlist með Ólafi Arnalds.

Það sem honum þykir best við afmælisdaga er að vera í faðmi ástvina sinna. „Mér þykir afmæli aðallega góð afsökun til að safna saman fólki sem manni þykir vænt um. Besta afmælisgjöfin er að fá að vera í kringum fólkið sem manni þykir vænt um," bætir Arnór Dan við. „Það er samt alltaf gaman að fá góð heyrnartól í afmælisgjöf," segir Arnór Dan og skellihlær.

Hann er þakklátur fyrir að fá að eldast og hefur gaman af lífinu. „Þó svo að ég sé löngu orðinn skölló́ttur og kominn með brjósklos þá heldur maður bara áfram að gera það sem maður er að gera. Þetta er allt spurning um að vera ungur í anda og glaður," segir Arnór Dan léttur í lundu. Hann segist ekki finna fyrir neinum ellimerkjum að ráði. „Ég varð líkamlega gamall fyrir löngu en þetta er spurning um andlega heilsu. Mér líður nokkuð vel en brjósklosið kenndi mér ýmislegt hvað varðar líkamsbeitingu og er ég hægt og rólega að læra að beita mér og höndla álagið sem fylgir tónleikaferðum," útskýrir Arnór Dan.

Það er nóg fram undan hjá Arnóri Dan því hann og hljómsveit hans, Agent Fresco, kemur fram á tónleikum á Hinsegin dögum og á menningarnótt. Þá er sveitin einnig á leið í tónleikaferðalag um Evrópu á næstu mánuðum.

Agent Fresco sendi frá sér nýtt lag og myndband við lagið Wait for Me, sem er á væntanlegri plötu sveitarinnar, Destrier en hún kemur út 7. ágúst. Lagið er honum afar kært því það er samið til fjölskyldu hans og tónlistarmyndbandið er búið til úr gömlum myndbrotum af fjölskyldu Arnórs Dan.

gunnarleo@frettabladid.is

Okkar ástkæri

SIGURÐUR JÓHANN HELGASON
Birkihæð 6, Garðabæ,

sem lést mánudaginn 20. júlí, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 31. júlí kl. 13.00.

Birna Benjamínsdóttir
María Sigurðardóttir
Helga Sigurðardóttir
Jóhann Þór Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Maríus Ólafsson
Júlíana Gunnarsdóttir

Ástkær móðir mín, amma og langamma,

SIGURBJÖRG ELÍSABET GUÐLAUGSDÓTTIR
Melgerði 17, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 20. júlí. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

Grétar Halldórsson
Arnaldur Grétarsson
Auður Ástráðsdóttir
Röskva Arnaldardóttir
Urður Arnaldardóttir

Við þökkum innilega hlýhug og heiður sýndan minningu

ÓLAFS HANNIBALSSONAR

Guðrún Pétursdóttir
Hugi, Sólveig, Kristín, Ásdís og Marta
Ólafsbörn

VALDIMAR KARLSSON
stýrimaður og skipstjóri

er látinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 29. júlí kl. 13.00.

Aðstandendur

Okkar ástkæra og yndislega frænka,

ÓLAFÍA ÓLAFSDÓTTIR
(LÓA FRÁ EYJUM II, KJÓS)
Garðabraut 2a, Akranesi,

andaðist á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi, sunnudaginn 26. júlí.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 31. júlí nk. kl. 13.

Fyrir hönd nánustu aðstandenda,
Jórunn Magnúsdóttir

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

JÓHANNA JÓHANNSDÓTTIR
Snælandi 7,

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 21. júlí. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 31. júlí kl. 11.00.

Jóhann Kristos Lapas
María Lapas
Alexander Lapas
Kristín Jóhannsdóttir
Áslaug Jóhannsdóttir
Jóna Björk Helgadóttir
Vilhjálmur Þór Arnarsson
Margrét Guðmundsdóttir
Sigurður Sigurðsson
og barnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. júlí 2015 | 30. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

SVANSMERKIÐ SÍÐAN 2000!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

HÓTELKVÓTAR Í REYKJAVÍK

- Það er ekki hægt að treysta á ferðamannastrauminn.
- Ferðaþjónusta getur orðið fráhrindandi ef hún fléttast ekki eðlilega inn í þjónustu fyrir íbúa.
- Aukning á hótelrýmum hefur verið minni en vöxtur í fjölda ferðamanna á undanförnum árum.

SÍÐA 4

250 milljóna króna hagnaður

Hagnaður lögmannsstofunnar BBA Legal nam 250 milljónum á síðasta ári. Það er nánast tvöfalt meira en árið á undan þegar hann var 134 milljónir. Ástæðuna má einkum rekja til þess að tekjur af seldri þjónustu jukust verulega á árinu 2014. Þær voru 685 milljónir í fyrra en tæpar 524 milljónir árinu á undan. ➜ SÍÐA 2

Spilaði fótbolta í New York

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri Advania í byrjun mánaðar. Ólíkt mörgum fjármálastjórum er Eva ekki viðskiptafræðingur að mennt. „Ég tók bæði BS og MS í fjármálaverkfræði í Columbia University í New York og var með hagfræði sem aukagrein. Ég flutti svo strax heim eftir nám og fór að vinna hjá Kaupþingi þar sem ég hafði verið í sumarstarfi á meðan ég var í náminu úti," segir Eva Sóley, en hún bjó í New York á árunum 2001-2006. ➜ SÍÐA 5

Kínversk bréf í frjálsu falli

Hrun á gengi hlutabréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár, eða frá í febrúar 2007. Gengið hélt svo áfram að lækka í gær. Wall Street Journal segir að hundruð milljarða dollara hafi hreinlega þurrkast út. Efasemdir séu um aðgerðir stjórnvalda í Kína til þess að virkja markaðinn. Sjanghaí-úrvalsvísitalan, sú stærsta í Kína, féll um 8,5 prósent á mánudaginn. ➜ SÍÐA 5

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Kína hefur árum saman verið framleiðsluland og séð Evrópu og Bandaríkjunum fyrir varningi á áður óþekktu verði.

➜ SÍÐA 8

Ray-Ban®
fyrir helgina
20% afsláttur
RayBan umboðið á Íslandi
Optical Studio
SMÁRALIND • KEFLAVÍK

Er ástæða til að verðlauna íslenska bankastjórnendur?

Skjóðan

Í NÝBIRTRI álagningarskrá skattstjóra kemur fram að laun þeirra bankamanna sem voru í tekjublaði Frjálsrar verslunar hækkuðu um 200 þúsund á mánuði eða rösklega 10 prósent. Mánaðartekjurnar fóru úr 1,9 í 2,1 milljón.
En þetta er ekki nóg. Bankamenn vilja meira. Starfsmenn Landsbankans fengu um árið hlut í bankanum sem umbun fyrir vel unnin störf við hámörkun eignasafna sem bankinn fékk á niðursettu verði út úr gamla Landsbankanum og nú vilja Íslandsbankamenn líka fá gefins hluta af sínum banka.

Í LANDSBANKANUM var hlutnum deilt á milli allra starfsmanna en stjórnendur Íslandsbanka átta sig á að slík dreifing þynnir óttalega mikið út þann hlut sem hver fær. Þess vegna eiga aðeins æðstu stjórnendur og stjórn bankans að fá kaupaukann. Þannig geta vel á annað hundrað milljónir runnið í vasa hvers og eins en ekki einhverjar skitnar par milljónir eins og yrði ef Landsbankaleiðin yrði farin. Þetta sér hver maður.

VÍSAÐ ER til hlutverks stjórnenda og stjórnar Íslandsbanka í tengslum við nauðasamninga (Glitnis væntanlega) annars vegar og sölu Íslandsbanka hins vegar til að réttlæta boðaðan kaupauka.

ÞAR FÓR í verra. Engir nauðasamningar liggja fyrir þrátt fyrir að slitaferli Glitnis hafi staðið í sjö ár og engin sala er í burðarliðnum. Þessu til viðbótar má vitanlega nefna að æðstu stjórnendur Íslandsbanka og stjórn bankans hafa nákvæmlega ekkert með nauðasamninga Glitnis að gera. Sama gildir um mögulega sölu á Íslandsbanka – hún er alfarið á forræði eigenda bankans, sem eru kröfuhafar Glitnis og svo íslenska ríkið með 5 prósenta hlut.

MIKILL hagnaður bankanna frá hruni byggist á því að ávinningur af þeirri endurreisn hagkerfisins sem orðin er hefur að verulegu leyti runnið til bankanna í formi gríðarlega hárra vaxta og uppreiknaðra lána heimila og fyrirtækja, sem bankarnir fengu á niðursettu verði.

ÞAÐ ER auðvelt að reka banka, sérstaklega í verðtryggðu umhverfi. Stjórnendur verða að passa upp á þrennt; aðeins að lána þeim sem eru líklegir til að borga til baka, hafa hærri vexti á útlánum en innlánum og halda öllum kostnaði í lágmarki, t.d. ekki byggja monthallir. Íslenskir bankamenn virðast bara skilja eitt af þessum þremur atriðum.

HVERGI í heiminum er vaxtamunur meiri og óvíða fyrirfinnst dýrara bankakerfi. Erlendis tíðkast almennt ekki að greiða stjórnendum eða starfsmönnum viðskiptabanka kaupauka. Ástæða þessa er sú að viðskiptabankar eiga ekki að hámarka gróða heldur veita trausta og ódýra þjónustu. Ástandið á dýrasta bankamarkaði í heimi gefur ekki tilefni til að verðlauna stjórnendur íslenska bankakerfisins sérstaklega.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

5
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI 133,2% frá áramótum
SJÓVÁ 5,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TM -19,4% frá áramótum
BANKNORDIK -10,5% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	111,00	6,7%	-10,5%
Eik fasteignafélag*	6,91	1,6%	1,3%
Eimskipafélag Íslands	228,00	-3,8%	0,7%
Fjarskipti (Vodafone)	40,45	15,6%	2,4%
Hagar	36,15	-10,6%	-3,3%
HB Grandi	41,70	23,4%	0,0%
Icelandair Group	25,85	20,8%	3,0%
Marel	197,00	42,8%	2,7%
N1	40,20	73,3%	1,9%
Nýherji	12,08	133,2%	-3,3%
Reginn	15,85	17,0%	1,0%
Reitir*	69,25	8,4%	0,7%
Sjóvá	11,75	-1,7%	5,5%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-19,4%	-0,9%
Vátryggingafélag Íslands	8,40	-7,2%	0,0%
Össur	485,00	34,3%	-3,2%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.525,68	13,8%	-2,3%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	28,70	27,0%	9,5%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 29. JÚLÍ
Marel – Uppgjör annars ársfjórðungs 2015

FIMMTUDAGUR 30. JÚLÍ
Hagstofan – Kjötframleiðsla í júní 2015

FÖSTUDAGUR 31. JÚLÍ
Hagstofan – Verðmæti sjávarafla janúar-apríl 2015
Hagstofan - Vöruskipti við útlönd, janúar til júní 2015

ÞRIÐJUDAGUR 4. ÁGÚST
Þjóðskrá Íslands – Íslyklar og innskráning á Ísland.is

MIÐVIKUDAGUR 5. ÁGÚST
Þjóðskrá Íslands – Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Kalkþörungavinnsla hefjist á Súðavík

Framkvæmdir við stærstu kalkþörungaverksmiðja landsins gætu hafist á Súðavík innan þriggja ára. Yfir milljarð kostar að reisa verksmiðjuna. Áætlað að um tuttugu ný störf skapist. Til skoðunar er að reisa aðra verksmiðju í Stykkishólmi.

VIÐSKIPTI Íslenska kalkþörungafélagið hyggst reisa stærstu kalkþörungaverksmiðju landsins í Súðavík. Stefnt er á að framkvæmdir við verksmiðjuna hefjist eftir tvö og hálft til þrjú ár. Um tuttugu manns muni starfa í verksmiðjunni.

Sækja á 120 þúsund rúmmetra af kalkþörungi árlega fyrir vinnslu í verksmiðjuna við Æðey og Kaldalón í Ísafjarðardjúpi. Kalkþörunganámið verður nær helmingi meira en í einu kalkþörungaverksmiðju landsins sem Íslenska kalkþörungafélagið rekur á Bíldudal.

Áformin eru þó háð umhverfismati hjá Umhverfisstofnun. Sigurður R. Helgason, stjórnarformaður Íslenska kalkþörungafélagsins, á þó ekki von á öðru en að Umhverfisstofnun leggi blessun sína yfir starfsemina.

Sigurður telur verksmiðjuna geta haft afar jákvæð áhrif á atvinnulíf við Ísafjarðardjúp. „Sérstaklega þar sem byggðaþróun hefur ekki verið upp á það besta á þessu svæði," segir Sigurður.

VERKSMIÐJAN Svona gæti verksmiðjan á Súðavík litið út. Kalkþörunganámið verður nær helmingi meira en í kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal.

Verksmiðjan er enn á hönnunarstigi. Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, segir að fjárfestingar vegna verksmiðjunnar á Bíldudal hafi numið átta milljónum evra, tæplega 1,2 milljörðum króna. Gera megi ráð fyrir öðru eins vegna nýju verksmiðjunnar í Súðavík.

Þá hefur Marigot Ltd., móðurfélag Íslenska kalkþörungafélagsins, hug á blautþörungavinnslu í Stykkishólmi og vinnur nú að hagkvæmnikönnun vegna þess. Þau áform eru þó komin skemmra á veg en fyrirhuguð verksmiðja í Súðavík að sögn Sigurðar.

Kalkþörungar eru m.a. nýttir í fóður fyrir húsdýr, til vatnshreinsunar og í bætiefni til manneldis. Sigurður segir afurðir kalkþörungafélagsins vera seldar um allan heim, m.a. ofan í úlfalda í Sádi-Arabíu og til Ástralíu.

ingvar@frettabladid.is

THE NAVSUP FLEET LOGISTICS CENTER NORFOLK

The NAVSUP Fleet Logistics Center Norfolk intends to negotiate a Firm Fixed Price contract for Information Technology Support Services at the Naval Radio Transmit Facility in Grindavik, Iceland.

This work includes operations and maintenance of the site. In order to be eligible for award, the offeror shall be a qualified Icelandic enterprise.

For solicitation information, including full details on the contract scope, contact Caitlin King via email at caitlin.king@navy.mil - mailto:caitlin.king@navy.mil.

Tekjur lögmannsstofunnar BBA Legal jukust um 120 milljónir milli ára og námu samtals 685 milljónum:

Hagnaður eykst um 87 prósent

Hagnaður lögmannsstofunnar BBA Legal nam 250 milljónum á síðasta ári. Það er nánast tvöfalt meira en árið á undan þegar hann var 134 milljónir. Eykst hagnaðurinn því um 87 prósent á milli ára.

Ástæðuna má einkum rekja til þess að tekjur af seldri þjónustu jukust verulega á árinu 2014. Þær voru 685 milljónir í fyrra en tæpar 524 milljónir árinu á undan.

Hluthafar í BBA Legal eru átta talsins. Fjórir stærstu eigendurnir eiga tæp 18,4 prósent.

Eftirtaldir aðilar eiga hlut í BBA Legal:
Ásgeir Á. Ragnarsson
Baldvin Björn Haraldsson
Bjarki Diego
Einar Baldvin Árnason
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Atli Björn Þorbjörnsson
Höskuldur Eiríksson
Antoine Lochet

- jhh

EINN EIGENDA Bjarki Diego, sem áður var framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, er á meðal eigenda BBA Legal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SKÓLATILBOÐIN ERU KOMIN !

TOSHIBA ASUS acer

10 BESTU ÁSTÆÐURNAR FYRIR AÐ KAUPA SKÓLATÖLVUNA Í TÖLVULISTANUM

1. LÆGRA VERÐ VEGNA MAGNKAUPA.

Sem stærsta tölvuverslanakeðja landsins með mikinn fjölda viðskiptavina náum við hagstæðari innkaupum og lægri verðum. Skólatíminn hentar því vel til að endurnýja fartölvuna fyrir skólann eða heimilið.

2. MESTA FARTÖLVUÚRVAL LANDSINS.

Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af fartölvum á lægra verði frá fjórum af sterkustu tölvuframleiðendum heims – Toshiba, Asus, Apple og Acer.

3. VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í FARTÖLVUM.

Það skiptir miklu máli að versla fartölvuna þar sem hægt er að fá snögga þjónustu hjá sérfræðingum ef eitthvað kemur upp á. Starfsmenn okkar eru sérþjálfaðir með mikla reynslu í að leysa tæknileg vandamál hratt og vel.

4. SKÓLAFARTÖLVAN FRÍTT Á NÆSTA PÓSTHÚS.

Þú getur pantað í síma eða á netinu og við sendum þá fartölvu sem þú velur frítt á pósthús nærri þér.

5. GREIDDU 1. OKTÓBER MEÐ SKÓLAREIKNINGI NETGÍRÓ.

Nú getur þú verslað skólatölvuna með skólareikningi Netgíró og greitt hana þann 1. október. Aðeins 3,95% lántökugjald og kr. 195 færslugjald.

6. 0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI.

Skiptu greiðslum eins og þér hentar, vaxtalaust.

7. TRYGGINGAR OG AUKAÁBYRGÐ.

Fyrir mjög sanngjarnt verð getur þú keypt aukaábyrgð á fartölvuna þína eða tjónatryggingu án sjálfsábyrgðar.

8. UPPFÆRSLUTILBOÐ.

Fyrir skólann bjóðum við ótrúleg uppfærslutilboð SSD og vinnsluminni til að gera nýjar og notaðar fartölvur enn sprækari.

9. TRAUST ÁBYRGÐ.

Tölvulistinn hefur rekið öflugt þjónustuverkstæði í meira en 22 ár sem tryggir viðskiptavinum okkar faglega og skjóta ábyrgðar- og viðgerðarþjónustu.

10. VIÐ ELSKUM TÖLVUR OG GÓÐA ÞJÓNUSTU.

Þegar þetta tvennt fer saman þá leggjum við okkur alla fram um að þú finnir réttu tölvuna og fáir alla þá aðstoð sem þú þarft til þess að fartölvan þjóni þér sem best.

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	SÍMI 431 3333

Hversu mörg hótel eru of mörg hótel?

Árið 2018 er því spáð að tvær milljónir ferðamanna sæki Ísland heim. Mikil og hröð uppbygging hefur orðið í hótelgeiranum á Íslandi í samræmi við það. En hvað ber að varast í þeim efnum? Eru kvótar nauðsynlegir?

ÚTTEKT
Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

HÓTELBYGGINGAR VIÐ ÞÓRUNNARTÚN – SLÍKAR FRAMKVÆMDIR MÁ SJÁ VÍÐA UM BORGINA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

517 þúsund ferðamenn komu til landsins á fyrstu sex mánuðum ársins. Um er að ræða 28,7% fjölgun milli ára. Margar helstu ferðamannaborgir heims glíma við vandamál sem tengjast ferðaþjónustu, þá sér í lagi hvar á að hýsa ferðamennina.

Henrik Thierlein, talsmaður Wonderful Copenhagen, samtaka sem vinna að þróun ferðaþjónustu þar í borg, segir spurninguna sem brennur á allra vörum vera: hvernig græðir maður á túrisma, án þess að vera tekinn yfir af túrisma?

í Barcelona búa 1,6 milljónir manna og yfir sjö milljónir manna heimsækja borgina árlega. Leigubílar og rútur hafa tekið yfir heilu hverfin. Minjagripaverslanir og barir hafa komið í stað smáverslana og apóteka. Borgarstjóri Barcelona, Ada Colau, gaf nýlega út að engin leyfi verði veitt fyrir nýjum gistirýmum, hótelum, gistiheimilum eða leiguíbúðum fyrir ferðamenn í borginni í skamman tíma. En hvernig er staðan í Reykjavík?

„Áhyggjur af offjárfestingu í hótelbyggingum eru mjög skiljanlegar. Það er ekki hægt að treysta á ferðamannastrauminn og erfitt að nýta hótel til annars en að hýsa ferðamenn," segir Anna Hrefna Ingimundardóttir, hagfræðingur í Greiningardeild Arion banka, sem vann skýrslu sem ber heitið Hótelmarkaðurinn: Í ökkla eða eyra? fyrir Greiningardeild bankans. Skýrslan kom út í fyrra.

„En án fleiri hótela í Reykjavík hefðum við verið komin að þolmörkum í ferðaþjónustu." Anna Hrefna segir að þrátt fyrir mikla uppbyggingu í hótelgeiranum undanfarið hafi nýting hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu aukist og sé á við nýtingu í vinsælustu ferðamannaborgum Evrópu, ef ekki meiri.

„Árstíðasveiflan hefur líka minnkað umtalsvert."

Áhættan er fjárfestanna

Hún segir það augljósan áhættuþátt ef dregur úr ferðamannastraumi.

„Þá gæti það komið niður á framlegð fyrirtækja í geiranum og gert þær framkvæmdir sem nú eru í gangi minna arðbærar. Þetta er breyta sem er afar erfitt að spá um." Hún segir tímann einan geta leitt í ljós hvort verið sé að offjárfesta í hóteluppbyggingu í Reykjavík. „Miðað við þróun ferðamannafjölda seinustu ár og nýtingu hótelherbergja eins og er, þá á slík fjárfesting sér mjög eðlilegar skýringar. Verið er að mæta þörf sem er til staðar. Fjárhagslega áhættan er fyrst og fremst fjárfestanna þótt vissulega þurfi skipulagsyfirvöld að vera meðvituð um staðsetningu hótelanna til að forðast álagspunkta eða skerðingu þjónustu fyrir íbúa þessara hverfa þar sem hóteluppbyggingin er mest."

Fráhrindandi ferðaþjónusta

Guðmundur Kristján Jónsson, skipulagsfræðingur og framkvæmdastjóri Borgarbrags ehf., segir mikilvægt í umræðu um hóteluppbygginu að hafa í huga að miðborgin sé fjölsóttasti ferðamannstaður landsins. „Nýtingarhlutfall hótelherbergja í Reykjavík er yfir meðallagi í alþjóðlegum samanburði. Raunar hefur fjölgun hótelrýma verið minni en vöxtur í fjölda ferðamanna á undanförnum árum. Þessum mismun hefur verið mætt með auknu framboði af gistirými í íbúðum sem valdið hefur hækkun á húsaleigu í miðborginni. Flestir greiningaraðilar eru á einu máli um að ferðamönnum á Íslandi muni halda áfram að fjölga á næstu árum og þar af leiðandi er full þörf á auknu framboði hótelherbergja."

Hann segir að einsleit starfsemi af öllum toga geti hins vegar orðið árekstrarvaldur í borgarumhverfi. „Í sumum tilfellum skortir innviði, til dæmis bílastæði fyrir rútur, en oft á tíðum snýst þetta einnig um skort á tillitssemi. Ferðaþjónusta getur orðið fráhrindandi ef hún fléttast ekki eðlilega inn í þjónustu fyrir íbúa. Það eru fjölmörg dæmi um þetta í miðborg Reykjavíkur, einkum í tengslum við akstur hópferðabifreiða og stórra ökutækja í þröngum miðbæjargötum. Komu og brottför ferðamanna um miðjar nætur fylgir einnig ónæði. Ferðamenn sækja í aðra þjónustu en íbúar og þar af leiðandi er hætta á að framboð á þjónustu breytist í samræmi við það. Svokallaðar lundabúðir, sem selja fyrst og fremst ull og minjagripi, eru gott dæmi um þetta," útskýrir Guðmundur.

Heimamenn gestir á eigin heimili

Hann segir að forsenda þess að gestum líði vel í borginni sé gestrisni heimamanna.

„Forsenda gestrisni er sú að séu ákveðin skil milli gestsins og gestgjafans. Það eru ótal óskrifaðar reglur sem ber að hafa í huga í þeim efnum. Flest gerum við kröfu um að gestir hagi sér með ákveðnum hætti, þeir staldri hæfilega lengi við, sýni ákveðið þakklæti, og svo framvegis. Þegar rótgróin hverfi raskast vegna of margra hótela er hætt við umpólun á hlutverki gests og gestgjafa. Ferðamenn taka svæði yfir og heimamenn upplifa sig sem gesti á eigin heimili. Fjölmörg dæmi sýna að þegar þessi umpólun á sér stað er hætt við að staðarandi og gæði umhverfisins gjörbreytist."

Hann segir fjölgun erlendra ferðamanna í miðborg Reykjavíkur þó hafa skapað sterkan grundvöll fyrir fjölbreyttri starfsemi. „Því fer fjarri að ferðamenn dvelji aðeins á nóttunni í Reykjavík. Þeir eyða að jafnaði allt að átta tímum á dag í almenningsrýmum borgarinnar á meðan á dvöl þeirra stendur. Flestir þeirra versla, fara á veitinga- og kaffihús, sækja söfn og stunda næturlífið."

Litlar líkur á að Reykjavík verði draugabær

En hvað gerist ef Ísland dettur úr tísku, sem áfangastaður ferðamanna? Guðmundur segir hætt við ákveðinni hnignun. „Ekki ósvipaðri hnignun og í kringum 1970 þegar fjöldi fyrirtækja flutti úr miðborginni. Þjónustustigið hríðlækkaði, auðum verslunarrýmum fjölgaði og til að mynda var Kaffi Mokka eina sjálfstætt starfandi kaffihúsið í miðborginni um dágóða hríð í kringum 1977."

Hann segir mikilvægt að fjölga íbúum miðsvæðis til að forðast þessa þróun. „Það þarf að tryggja íbúaþéttleika sem þarf til að styðja við verslun og þjónustu í miðborginni ef dregur úr ferðamannastraumnum. Aðalskipulag Reykjavíkur leggur áherslu á þessa byggðarþróun. Ef uppbyggingaráform borgarinnar ná fram að ganga eru litlar líkur á að miðborg Reykjavíkur verði draugabær þrátt fyrir sveiflur í ferðaþjónustu." Hann segir borgaryfirvöld eiga að vinna sérstaka stefnu og úttekt um hótel og gististaði. „Það þarf að stýra gistirýmauppbyggingu með tilliti til íbúa jafnt sem ferðamanna."

Skýr gæðastefna mikilvæg

Hann segir ekki síður mikilvægt að huga vel að byggingarlist og skipulagi. „Það þarf að setja skýra gæðastefnu á sviði hóteluppbygginga. Mannvirki og umhverfi skulu vera mótuð þannig að notagildi, ending og fegurð séu samofin í einu verki. Sem höfuðborg á Reykjavík að vera leiðandi í þessum efnum. Dæmin sýna að þensla í byggingarframkvæmdum getur leitt til mistaka og minni gæða." Guðmundur segir bestu dæmin um hótelbyggingar sem falla vel inn í umhverfið oft byggingar, sem voru ekki byggðar sem hótel í upphafi. „Kex Hostel á Skúlagötu er gististaður sem bætir við nærumhverfi sitt sem og 101 Hótel við Hverfisgötu. Hótel Holt, Hótel Borg og Hótel Óðinsvé."

Hann segir mannlífið sem fylgi ferðamönnunum ómetanlegt. „Í fámennum borgum er fjöldi ferðamanna forsenda fjölbreyttrar starfsemi. Það má læra af ferðamönnunum, enda margir hverjir búsettir erlendis þar sem borgarmenning er þróaðri en hér."

Hann segir hóteluppbyggingu einnig hafa orðið til þess að miðborgin stækkaði til vesturs, „Þannig endurheimtum við höfnina sem hluta af miðborginni. Svæðið frá Grandagarði að Hörpu er nú orðið framhald af verslunar-, veitinga- og viðburðaási miðborgarinnar, einkum með tilkomu Reykjavík Marina hótels við Tryggvagötu."

DAGUR B. EGGERTSSON BORGARSTJÓRI:

Borgarstjóri segir það í skoðun að setja kvóta á byggingu hótela við Laugaveg og Hverfisgötu, líkt og var gert í Kvosinni og í Grjótaþorpi. Vinna af hálfu borgarinnar er hafin því til undirbúnings. Slíkir kvótar hafi áður verið notaðir í miðbænum og séu í gildi. „Árið 1998 þótti halla á verslun og þá var settur kvóti á bari og veitingastaði, en sá kvóti er enn við lýði."

ANNA HREFNA INGIMUNDARDÓTTIR HAGFRÆÐINGUR:

„Nýtingin á heilsárshótelum í desember 2010 var 34,5% en jókst statt og stöðugt upp í 70,5% í desember síðastliðnum þrátt fyrir nokkra fjölgun gistirýma á tímabilinu. Samkvæmt ferðaþjónustuskýrslu Greiningardeildar Arion frá því í fyrrahaust töldum við að það væri þörf á um 1.500 nýjum herbergjum í miðbænum þar til 2017 til að halda nýtingu í 70%, sem er mjög ásættanleg nýting í alþjóðlegum samanburði."

GUÐMUNDUR KRISTJÁN JÓNSSON SKIPULAGSFRÆÐINGUR:

„Í miðborgum víða um heim eru settir svokallaðir starfsemiskvótar sem ætlað er að tryggja fjölbreytilega starfsemi á svæðum. Nærtæk dæmi um þetta eru kvótar í Kvosinni og Grjótaþorpinu sem kveða á um hámarkshlutfall gistiþjónustu. Í þessu tilfelli var hámarkshlutfallið ákveðið af 23% af öllum eignum á skilgreinda svæðinu og þar með sett þak á frekari hóteluppbyggingu. Hvort 23% sé gullna talan um hversu mörg hótel rúmast á sama svæði skal ósagt látið en talan segir okkur þó talsvert um hið raunverulega hlutfall gistirýma í miðborginni. Ef til vill er það ekki jafn hátt og umræðan gefur til kynna."

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Þægilegt kort
Á ferð um Ísland er gott að hafa kort sem er handhægur leiðarvísir um gæðasnæðing og afþreyingu á landinu.
SÍÐA 2

Búdapest í uppáhaldi
Helena Sverrisdóttir körfuboltakona á sér uppáhaldsborg en þar starfaði hún um tíma. Það er Búdapest í Ungverjalandi.
SÍÐA 4

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

Eitt mest selda fitubrennsluefnið í heiminum í dag!
„Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!"
Sigrún Emma Björnsdóttir einkaþjálfari og íþróttakona.
„Ég fann áhrifin um leið. Strax á fyrstu vikunni fann ég að sykurlöngunin minnkaði og varð lítil sem engin sem mér fannst alveg ótrúlegt miðað við hvernig ég er að jafnaði."
natures aid
Raspberry Ketones ADVANCE+ 400mg with Green Tea
60 CAPSULES
GMP vottað hráefni
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

GULL BYLGJAN

Á HJÓLI UM DÓNÁRDAL

SKEMMTILEGT *Helga Harðardóttir og Haraldur Skarphéðinsson létu sig dreyma Dónárdrauma í sumar og skelltu sér í vikulanga hjólaferð milli Passau í Þýskalandi og Vínarborgar í Austurríki.*

„Þetta var algjört ævintýri og alveg ógleymanleg ferð," segir Helga Harðardóttir um hjólreiðaferðalag sem hún fór fyrr í sumar á vegum Útivistar í samstarfi við ferðaskrifstofuna Íslandsvini. Hún segir þau hjónin ekki mikið hjólreiðafólk og þau hafi því tekið svolitla áhættu með því að bóka þessa ferð. En það hafi ekki komið að sök.

„Mér fannst þetta eiginlega ekkert erfitt því þetta er eiginlega pínulítið niður í móti alla leiðina. Við hjóluðum 45-75 kílómetra á dag og ég var aldrei ofurþreytt heldur leið bara vel. Aðalmálið er eiginlega að geta setið á hjóli án þess að hnakkurinn fari með mann."

EKKI OF HEITT

Hún segir þau hafa sloppið við hitabylgjuna sem reið yfir svæðið skömmu áður enda hefði það ekki verið gott hjólaveður. „Það var yndislegt veður, milt og ekki of heitt og einn daginn rigndi aðeins. Einu sinni kom mjög eftirminnilegur stormur með þrumum og eldingum og risahagli. Þá kom sér vel að hafa hjólahjálmana."

Hjóla- og hjálmaleiga var innifalin í verðinu sem og allar ferðir, gisting á frábærum hótelum og morgun- og kvöldverður. „Við vorum með eina tösku hvert og það var keyrt með þær á milli næturstaða meðan við hjóluðum svo við vorum bara með það sem við þurftum að nota yfir daginn. Svo stoppuðum við á leiðinni og fengum okkur hressingu. Við hefðum varla þurft að taka með okkur peninga nema fyrir hádegismat, ís og minjagripum."

GÓÐUR HÓPUR

Hópurinn var skemmtilegur og kynjahlutföllin jöfn. „Við vorum tuttugu og tvö talsins og einn fararstjóri. Það voru alls ekki allir í góðu formi og sá elsti kominn yfir sjötugt en allir tóku tillit og við vorum líka bara þarna til að njóta náttúrunnar og dóla okkur.

HELGA OG HARALDUR
Hjóluðu niður Dónárdalinn í góðum félagsskap.

Það var enginn að flýta sér og enginn að reka á eftir neinum." Enda ekki ástæða til þess þegar umhverfið er jafngjöfult og Dónárdalurinn.

FALLEGT UMHVERFI

„Það er svo fallegt þarna," segir Helga. „Smjörið drýpur af hverju strái í Austurríki. Við hjóluðum gegnum hveiti- og byggakra, ávaxtalundi og svo vínhéruðin. Við fórum gegnum vínhéraðið Wachau sem er gamalt vínhérað á heimsminjaskrá Unesco, ▶

MagnesiumOil
Einfalt í notkun, engin magaónot!

Sigurjón Sigurbjörnsson er tæplega 60 ára ofurhlaupari sem notar magnesíum olíu í úðaformi frá fyrirtækinu BetterYou. Með henni losnar hann við vöðvakrampa og hefur bætt sig í hlaupinu.
Hefur mikla trú á Magnesíum Olíu
„Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum. Í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég byrjaði að nota magnesíumúðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt"
Inniheldur olíu úr kamfóru, sítrónu og svörtum pipar til að auka hreinsun í vöðvunum.

Magnesíumolían fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

GERIR FERÐALAGIÐ ÁNÆGJULEGRA

ÞÆGILEGT *HandPicked in Iceland-kortin vekja athygli ferðalanga enda handhægir leiðarvísar um gæðasnæðing og afþreyingu á Íslandi.*

HandPicked in Iceland-kortin verða á vegi ferðalanga á ýmsum stöðum um landið. Guðbjörg Gissurardóttir fékk hugmyndina fyrir fimm árum þegar fyrsta tölublaðið af tímaritinu Í boði náttúrunnar, sem hún ritstýrir, kom út. „Sumarið áður hafði ég verið á ferðalagi í litlu sjávarþorpi úti á landi. Mig langaði mjög mikið að borða eitthvað annað en pitsu eða hamborgara en þekkti mig ekki á staðnum og vissi ekkert hvar ég myndi finna góðan mat. Svo ég endaði bara í vegasjoppu og hélt áfram ferð minni. Þegar ég kom heim og sagði vinkonu minni, sem var ættuð frá þorpinu, frá þessu þá vissi hún auðvitað um frábæran stað sem hefði verið einmitt það sem ég var að leita að.“ Guðbjörg var þarna að leggja lokahönd á tímaritið og ákvað að búa til yfirlitskort yfir góða matarupplifun hringinn í kringum landið. „Ég talaði við nokkra aðila sem ég þekkti og vissi að hefðu ferðast mikið og hefðu góðan smekk og fór að kortleggja þetta. Þegar ég var síðan að klára kortið fyrir Íslendingana kom það upp úr kafinu að það væri eitt aðalumkvörtunarefni útlendinga, þegar þeir væru að ferðast um landið, að vita ekki hvar er hægt að finna góðan mat. Þá ákvað ég að sérprenta kortin á ensku og þá kom HandPicked-hugtakið til.“ HandPicked-hugmyndin hefur svo þróast á þessum fimm árum og ýmislegt bæst við. „Við byrjuðum á matsölustöðum, fórum svo yfir í menningu, afþreyingu og gistingu. Hugmyndin er eiginlega að kortin virki eins og vinur á hverjum stað sem sýnir manni það sem er sérstakt og best. Við reynum að velja rjómann af því sem er í boði og svo verður fólk að fara og upplifa sjálft.“ Bæklingarnir eru þrír og í hverjum eru tvö kort saman, Eat and sleep, eða Snætt og sofið, Kids and culture, eða Börn og menning, og Shop and play eða Verslað og leikið sér. Þeir eru fallega myndskreyttir af Elísabetu Brynhildardóttur myndskreyti sem hannaði fyrstu kortin. „Kortin eru bara teikningar og texti, engar ljósmyndir og engar auglýsingar. Við erum líka með HandPicked-app og vefsíðu þar sem má finna sömu upplýsingar.“ HandPicked-billinn, Runólfur rauði, ekur svo um landið og vekur athygli þar sem hann kemur. „Lay Low og Agnes fóru til dæmis í fimm daga óvissuferð á bílnum í fyrra, óku milli Hand-picked staða og héldu óvænta tónleika. Ég var svo á bílnum á Akureyri fyrr í sumar, en ég fer á alla staðina sem tilgreindir eru í bæklingunum á hverju sumri, og þá gáfu sig á tal við mig hjón sem voru í sinni sjöundu heimsókn á Íslandi og sögðust hafa notað HandPicked-kortin og appið nánast eingöngu í síðustu þremur heimsóknum til að velja matsölu- og gististaði og aldrei orðið fyrir vonbrigðum.“

Kortin má nálgast á upplýsingamiðstöðvum og hótelum og stöðunum sem eru tilgreindir á þeim. Ekki stendur til að gefa kortin út á íslensku en Guðbjörg bendir á að þau sé öll að finna á íslensku í tímaritinu Í boði náttúrunnar.

GUÐBJÖRG OG RUNÓLFUR RAUÐI Guðbjörg fer um landið á hinum handvalda Runólfi til að prófa sjálf það sem mælt er með í HandPicked-kortunum.

KORTIN ERU ÞRJÚ Verslað og leikið, Snætt og sofið og Börn og menning.

HANDPICKED IN REYKJAVIK Bókin kemur út á næstunni.

HELGA HARÐARDÓTTIR OG HARALDUR SKARPHÉÐINSSON Hjóluðu niður Dónárdalinn í góðum félagsskap.

VENUS Í VILLENDORF Þessi stytta er eftirlíking lítillar styttu sem fannst í fornleifauppgreftri og er eitt elsta frjósemistákn Evrópu.

▶ fórum í vínsmökkun og ýmislegt fleira var á dagskrá annað en að hjóla.“ Þá nefnir Helga einnig sérstaklega heimsókn til Willendorf þar sem stendur eftirlíking af ævafornri og heimsfrægri frjósemisstyttu sem fannst í fornleifauppgreftri og er kölluð Venus frá Willendorf. „Það var gríðarlega gaman fyrir ljósmóður að koma á slóðir þessarar frægu og táknrænu styttu.“ Hún sér fyrir sér að fara í hjólaferð einhvern tíma mjög bráðlega. „Ég mæli með þessu, þetta er eitt besta frí sem við höfum nokkurn tíma átt.“

■ **brynhildur@365.is**

DÓNÁ SVO BLÁ Helga með ægifagran Dónárdalinn í baksýn.

VÍN ER Í ÞESSA ÁTT Þarna hófst ferðalagið, og má sjá í hvaða átt skal hjólað.

mentos
CHEWING GUM

Vinnur þú
500.000 kr. gjafabréf frá Heimsferðum?

Smelltu Mentosmyndinni þinni á Instagram, **#mentosmynd.** Fylgstu svo með á Facebook.

Heimsferðir

Fríðindakerfi
fyrir áskrifendur 365

SKRÁÐU ÞIG Í VILD!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild
skráðu þig á 365.is

Trans-Atlantic
30.000 KR.
AFSLÁTTUR
af golfferð til Flórída með Trans Atlantic

Tívolí 50% AFSLÁTTUR
Skemmtigarðurinn í Grafarvogi 50% AFSLÁTTUR
Splass 40% AFSLÁTTUR
Efnalaugin Björg 30% AFSLÁTTUR af skyrtuhreinsun
Einar Ben Restaurant 30% AFSLÁTTUR
Kol Kitchen+Bar 25% AFSLÁTTUR
Olís ÓB 7 KR. AFSLÁTTUR
Samsung Setrið samsungsetrid.is YFIR 50.000 KR. AFSLÁTTUR
Úrval Útsýn FERÐIR Á BETRA VERÐI

PIPAR\TBWA - SÍA

FEGURÐ Búdapest er vinsæll áfangastaður og heimsótti Helena borgina oft á frídögum. MYND/ÚR EINKASAFNI

ÆÐISLEG BORG

BORGIN MÍN *Búdapest er uppáhaldsborg Helenu Sverrisdóttur. Fallegar byggingar, útimarkaðir og veitingastaðir eru meðal hápunkta borgarinnar.*

Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir er flutt heim eftir átta ára atvinnumannsferil. Í vetur þjálfar hún og leikur með uppeldisfélagi sínu, Haukum í Hafnarfirði, og hlakkar mikið til að takast á við það verkefni. Á átta ára ferli sínum spilaði Helena meðal annars í Póllandi, Slóvakíu og í Ungverjalandi þar sem uppáhaldsborg hennar er að finna, höfuðborgina Búdapest.

Hvers vegna er Búdapest uppáhaldsborgin þín?

„Ég bjó í tvö ár í austurhluta Slóvakíu og eitt ár í Miskolc í Ungverjalandi og var því í einungis í 2-3 klukkustunda keyrslu frá borginni þessi þrjú ár. Mér fannst alltaf jafn æðislegt að komast þangað á frídögum. Ég fékk síðan stundum heimsókn frá fjölskyldunni og vinum og þá eyddum við oft tíma þar og þess vegna á ég meðal annars svo margar góðar minningar þaðan. Borgin er auk þess full af sögu og fallegum byggingum. Brýrnar yfir Dóná eru líka nokkrar mjög flottar og það er lang skemmtilegast að labba um borgina til að fá þessa æðislegu upplifun beint í æð.“

Áttu þér uppáhaldsveitingastað í borginni?

„Það eru gríðarlega margir góðir veitingastaðir í Búdapest og hægt að fá nánast hvað sem er. Mér fannst mjög gaman að fá mér goulash-súpu því þeir gera hana svo vel. En síðan var líka ágætt að fá smá frí frá ungverska matnum og prófa einhverja nýja staði og nýja rétti.“

Áttu þér uppáhaldskaffihús eða -skemmtistað í Búdapest?

„Það er alltaf gaman að setjast niður og fá sér drykki efst á Buda-hæðinni. Þaðan er fallegt að horfa yfir þann hluta borgarinnar sem heiti Pest og Dóná, sem sker borgina. Þau eru ófá skiptin sem maður labbaði þarna um og skoðaði allt saman. Á kastalasvæðinu fannst mér alltaf gaman að slaka á og fá mér eitthvað svalandi.“

Er skemmtilegt að versla í Búdapest?

„Götumarkaðirnir í borginni eru geggjaðir. Um páskana og fyrir jólin er torgið við göngugötuna yfirtekið af litlum básum þar sem seldar eru handunnar vörur. Þá er einnig alls konar matur á grillinu, til dæmis kolagrilluð brauð og heitt vín sem allir þurfa að smakka. Síðan er mjög gaman að versla í Búdapest enda hægt að finna allar helstu verslanirnar þar auk fjölda stórra „outlet“-markaða sem eru utan við borgina.“

Áttu þér einhverja uppáhaldsstaði?

„Að sitja uppi við Turna fiskimannanna með ótrúlegu útsýni yfir borgina og horfa niður er klárlega uppáhaldsstaðurinn minn. Einnig má nefna hæðina við Friðarstyttuna en þar er líka geggjað að slaka þar á og taka inn fegurðina og náttúruna. Þú áttar þig á því hvað þú ert lítil í þessu öllu saman. En á sama tíma sérðu hið gamla og nýja mætast og allt lífið sem á sér stað þarna.“

Hvað er fram undan í sumar og vetur hjá þér?

„Auk þess að þjálfa og spila með Haukum næsta vetur mun ég einnig þjálfa yngri flokka hjá félaginu. Það verður því nóg að gera hjá mér í vetur. Ég er síðan nýtrúlofuð og mér þykir ótrúlega gaman að ferðast um og skoða landið okkar með manninum mínum. Við stefnum á að ná nokkrum dögum á Vestfjörðum í júlí. Ég hlakka síðan til að vera meira í kringum vini og fjölskyldu því eftir átta ár að heiman hefur maður misst af svo miklu.“

AFSLÖPPUN Helena með fyrrverandi liðsfélaga sínum á góðum degi. MYND/ÚR EINKASAFNI

ALLT KLÁRT Brugðið á leik með verði við kastalann. MYND/ÚR EINKASAFNI

starri@365.is

flugrútan

VIÐ SKUTLUM ÞÉR!

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti

Alltaf ferðir

Hagkvæmur kostur

Frí þráðlaus internet-tenging í öllum bílum

Ferðatími u.þ.b. 45 mínútur

Umhverfisvænt

Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is • www.re.is

24 klst. miði

Daglega allt árið!

á 30 mínútna fresti yfir sumartímann

10:00-18:30

(Ekki í keyrslu 8. & 22. ágúst)

CITYSIGHTSEEING OFFICIAL TOUR

CitySightseeing® Reykjavik

Hop On - Hop Off

Verð

Fullorðnir:	3500 KR.
12-15 ára:	1750 KR.
0-11 ára:	Ókeypis*

*Hámark 5 börn á hvern fullorðinn einstakling.
Hvert umfram barn: 500 KR.

8 tungumál

Deutsch, Italiano, Svenska, Íslenska, Français, Español, English, Русский

Hop On - Hop Off • Reykjavik Excursions • Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • www.citysightseeing.is • www.re.is

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **9-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn

VW Caddy tdi. Árgerð 2011, ekinn 89 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.107332.

VW Caddy 2.0 sdi sendibíll. Árgerð 2006, ekinn 113 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.050.000. + vsk Rnr.107148. SKOÐAR SKIPTI Bílamarkaðurinn S:567-1800

SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2011, ekinn 150 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.450.000. Rnr.107174. SKOÐAR SKIPTI Bílamarkaðurinn S:567-1800

M.BENZ R 350 4matic panorama. Árgerð 2007, ekinn 149 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.223106.SKOÐAR SKIPTI Hjólhýsi Bílamarkaðurinn S:567-1800

LADA Sport 4x4 . Árgerð 2014, ekinn 8 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.230838. SKOÐAR SKIPTI Bílamarkaðurinn S:567-1800

MAZDA 6 wagon vision. Árgerð 2013, ekinn 29 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.232318.SKOÐAR SKIPTI Bílamarkaðurinn S:567-1800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

betri eru bekkjarsætin og heilsuríkari börnin sem...

Bílalíf

KYNNINGARVERÐ 1.990ÞÚS
Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært kynningarverð á nýjum hjólhýsum aðeins 1.990þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán möguleg. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

Bílás
Bílasala Akranes

FIAT Ducato mc louis , Árg, 2007, ek, 35 P.KM, 6 gírar. loftpúðar, Hjólagrind. Markisa. ofl. Flottur bíl. Má skoða með að taka gott hjólhýsi upp í eða jeppa, Verð 9.300.000. Rnr.124628. Fleiri húsvagnar á söluskrá og á staðnum. Yfir 30 ára reynsla af bílasölu.

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

bilfang.is
S. 567 2000

VW Passat, árg. 4/2003, ek. 147. þ. km., sjálfskiptur, nýjar bremsur, ný skoðaður. Verð kr. 580.000. 100% lán í boði. Sími 698-0066 eftir lokun.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

SUZUKI

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Holiday camp tjaldvagn á loftpúðum vel með farinn vagn verð 390 TILBOÐ 330 þús. þús raðn.122027 vantar vagna á planið

Chervolet Chevy Van 1500 ferðabíll 4 kafteinsstólar árg. ,00 hægt að leggja niður sæti og búa til svefnpláss dráttarkrókur ásett verð 1880 þús Tilboð 1500 þús raðn.122050

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

567 2277 **NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS

MERCEDES-BENZ E 200 avantgarde. Árgerð 2007, ekinn 87 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.Mjög fallegur og vel með farið Rnr.210505.

TOYOTA Corolla. Árgerð 2009, ekinn 82 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.100. Rnr.330238.

AUDI A3 sportback. Árgerð 2013, ekinn aðeins 11 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.650. eins og nýr Rnr.210735.

AUDI Q5 tdi. Árgerð 2013, ekinn 20 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.350. Lækkað verð 1 Eigandi Rnr.114706.

PORSCHE Cayenne diesel. Árgerð 2011, ekinn 63 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.490.Mjög vel útbúinn umboðsbíll Rnr.112719.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

STÓRA BÍLASALAN

LAND ROVER DISCOVERY 4S. Ár04/2012, ek 55 P.KM,7 manna-leður og fl. dísel, sjálfskiptur. Verð 10.490.000. Rnr.157442.Er á staðnum.

TESLA MODEL S P85.PERFORMANCE PAKKI. Ár 2014, ekinn 9 P.KM,Með öllu. Verð 14.900.000. Rnr.134868.Er á staðnum.

Toyota Yaris Hybrid - Nýir bílar Árgerðir 2015. Sjálfsk. Eigum til nokkra bíla á lager! Frábært verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 134854. Sjá á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

BÍLA GALLERÍ

VW Tiguan Track&Sport Dísel. Árgerð 2012, ekinn 73 Þkm, Dráttarkrókur, Bakkmyndavél, Sjálfskiptur, ofl. Verð 4.490þ Sjá Rnr.100618

Bílagallerí bílasala
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 554 6700
Hagstæð sölulaun ! 2,9 %
www.bílagallerí.is

MB bílar

KIA Sorento. Árgerð 2014, ekinn 34 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.150.000. Rnr.110590.

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opið 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is

100 bílar bílasala .is

Ford Focus Station - 7/2004 - ek 153 þús km - Bsk - Er á staðnum - Tilboðsverð 490 þús - Raðnr 220138.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Ford Ka ,98 árgerð. Nýskoðaður 16. Mikið endurnýjaður. Verð 320þ staðgreitt. S: 6180063

SSK 2012 MICRA GOTT VERÐ !!
Til sölu 2012 Nissan Micra sjálfskiptur 5 dyra ek 97.þ km, ásett verð aðeins 1.490.þ tilboð óskast uppl. í 896-5290

ROCKWOOD FREEDOM
Árg. 08. Fortjald. Markísa. Sólarsella. Hiti í dýnum. Galvanseruð grind. Álfelgur. Er uppsett hjá Borgarbílasölunni. Uppl. í s. 899 0675

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Það er bannað að kynferðisvæða börnum eftir lögum hérlendis

Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar

Fiat Ducato ,01 dísel með 2500 vél, ek. 100þ. Ný dekk, ný skoðaður, sólarsella, v:3,3 m. stgr. Uppl. í s. 896 6855

FÍAT Ducato Mc Louis. Árg 2003. Ek 50 þ.km, 5 gíra, gott eintak, verð: 4.100.000. Sími: 561 1711

Húsbíll - Tilbúin í ferðalagið Ford Transit árg. 1996 skoðaður 2016. Ísskápur, gas eldavél, olíukynding, WC, sólarsella. Parfnast viðgerðar á boddý. Uppl. í s. 8931165.

Hjólhýsi

2013 Knaus Sport 460 EU 7/2013. Tvö rúm, sólarsella, markísa, sjónvarp ofl. Tilboð 3.190.000. Nánari uppl. 849-4813

Bátar

HEIMAVÍK 20 ÁRA.
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í **BÚSTAÐINN**

- MEIRI **HRAÐI**
  Allt að 30 Mb/s hraði.
- STÖÐUGRA **SAMBAND**
  Mikil notkun truflar ekki aðra viðskiptavini.
- INNLENT NIÐURHAL **INNIFALIÐ**
  Allt innlent niðurhal er innifalið.

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817

365

atvinna

ROADHOUSE Snorrabraut

Vaktstjóri og starfsmaður í eldhús í 100% starf. Einnig starfsfólk í aukavinnu.

Ertu hress og skemmtileg/ur og langar að koma í liðið okkar á Roadhouse? Við leitum að vaktstjóra og starfsmanni í 100% starf. Unnið er á vöktum 2-2-3. Vantar einnig fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Áhugasamir hafi samband á eldhus@roadhouse.is

ATVINNA

Bílstjórar óskast til að sjá um akstur fyrir Akstursþjónustu fatlaðra og aldraða

Starfshlutfall: Fullt starf
Starfslýsing: Akstur á höfuðborgarsvæðinu
Hæfniskröfur: Rúturéttindi (Ökuréttindaflokkur D1), Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum. Hreint sakavottorð

Hægt er að senda umsóknir á gusti@hopbilar.is eða hringja í Ágúst í síma 8220073

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599 6000 - www.hopbilar.is

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á **dreifing@postdreifing.is**

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

PJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

HREINVERK
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

GARÐLIST

GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með litil sem stór verk.
Timavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311
Timapantanir í sima 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.
SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Ýmislegt

HNÍFA BRÝNSLA
Eru eldhúshnifarnir farnir að bíta illa. Þá hef ég kunnáttuna til að brýna. Sæki og skila frítt á stór - Reykjavíkur svæðinu. Verðdæmi: 1-4 st kr 450 per st 5-9 st 350 per st, lækkun um 50 kr á fimmta hverjum hníf. Friðrik Sími: 849-1195 Geymið auglýsinguna.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Útilegubúnaður

Outwell Smart Air fortjald til sölu. Enga stund að tjalda, engar súlur. 3,5 x 2,5 metrar. Uppl í sima 660 6633

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is
S. 690 3031 / 661 7000

Honda fr-v 2006 ek 160 þús km, bsk topplúa verð 990-þús. Rnr:148558 Uppl. í s. 693 7176

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30 . Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

FRAMSÆKIÐ BÍLALEIGUFYR
óskar eftir því að ráða bifvélavirkja í fullt starf í starfsstöð sína í Keflavík.

Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstakling með reynslu af bílaviðgerðum. Góð laun í boði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Alexander Haraldsson í síma 848-1250. Umsóknir sendist á netfangið alexander@lotuscarrental.is.

LEITUM AÐ GRILLARA
Leitum að grillara. Vanur maður gengur fyrir. Framtíðarstarf. Íslenskumælandi 18+ Upplýsingar á staðnum Brynjar eða Örn Burger-inn Flatahrauni 5a, 220 Hafnafjörður

MÁLNINGAVINNA
Maður vanur málningavinnu óskast í vinnu tímabundið. Mikil vinna. Uppl. í s. 699 4464 Ágúst.

SPJALLDÖMUR ÓSKAST
Rauða Torgið óskar eftir samstarfi við heitar spjall/símadömur. Nánari uppl. á RaudaTorgid.eu.

TILKYNNINGAR

Einkamál

HEITAR KONUR
Heitar íslenskar konur geta fengið ævilanga ókeypis áskrift að Íslendingum.eu. Frekari upplýsingar á „heitarkonur.eu"

LESBIUR.EU
Íslendingar.eu er frjálslyndur vefur með magnaða friðhelgi. Smelltu á „lesbiur.eu" til að kynna þér málið.

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Var fyrirliði skólaliðs í Columbia-háskóla

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir ákvað á dögunum að söðla um og færa sig frá Össuri yfir til Advania. Hún á að baki farsælan knattspyrnuferil og fékk skólastyrk þegar hún hóf nám í New York.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri Advania í byrjun mánaðar. Hún hefur mikla reynslu úr atvinnulífinu. Var forstöðumaður á fjármálasviði hjá Össuri, en starfaði áður lengst af hjá Kaupþingi, síðast sem fjármálastjóri frá 2009-2011. Einnig hefur hún verið varaformaður bankaráðs Landsbankans frá árinu 2013. Þá á hún fjárfestingafélagið Íscap með vini sínum, Steinari Þór Guðgeirssyni.

Eva Sóley segist hafa ákveðið að stökkva á tækifærið hjá Advania, þótt starfið hjá Össuri hafi verið mjög áhugavert. „Þetta er spennandi fyrirtæki þar sem er mikið fram undan. Það er stefnt á markað á næstu árum og mikið að gerast hjá félaginu. Þannig að mér fannst þetta vera áhugaverð áskorun," segir Eva við Markaðinn.

Ólíkt mörgum fjármálastjórum, er Eva ekki viðskiptafræðingur að mennt. „Ég tók bæði BS og MS í fjármálaverkfræði í Columbia University í New York og var með hagfræði sem aukagrein. Ég flutti svo strax heim eftir nám og fór að vinna hjá Kaupþingi þar sem ég hafði verið í sumarstarfi á meðan ég var í náminu úti," segir Eva Sóley, en hún bjó í New York á árunum 2001-2006.

Eva spilaði mikið fótbolta á sínum yngri árum og það gaf henni færi á skólastyrk þegar hún fór til New York. Hún lætur mjög vel af dvölinni þar: „Það er náttúrlega bara eins og atvinnumennska fyrir kvenmann að komast út á skólastyrk og fá tækifæri til að læra í svona virtum skóla. Þannig að með náminu spilaði ég með fótboltaliðinu og var fyrirliði þess lengst af."

Áður en Eva fór til New York spilaði hún fótbolta hér heima með Breiðabliki. Hún segist enn spila fótbolta af og til. „Annars hef ég meira verið í að ganga, hlaupa og í jóga síðastliðin ár. Ég á það til að meiðast þegar ég spila fótbolta, eins og vill oft verða," segir hún.

Þá gekk hún yfir Fimmvörðuháls um helgina í góðra vina hópi. „Það var svolítið mikill snjór á þessari leið, mun meiri en við bjuggumst við," segir hún, en lætur annars vel af göngunni. Eva skellti sér til New York áður en hún byrjaði hjá Advania og var þar í rúma viku og heimsótti vini og ættingja þar.

jonhakon@frettabladid.is

SAMVISKUSÖM OG ELDKLÁR

Kostirnir eru náttúrlega fyrst og fremst að hún er fljót að tileinka sér hlutina, er klár og vinnusöm. Þannig að hún er fljót að koma sér inn í hluti og leggur sig mikið fram. Helstu gallarnir eru náttúrlega þeir að hún getur ekkert í fótbolta. Ef ég þekki söguna rétt, þá skoraði hún sjálfsmark í sínum fyrsta landsleik. Það er ekkert hægt að nota slíka manneskju til að setja inn á í landsleik. Það væri því mjög gott ef hægt væri að auglýsa eftir því hvort einhver ætti myndband af því marki. Þá þætti manni vænt um að fá það.

Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður

Við höfum þekkst síðan við vorum táningar. Við vorum í unglingalandsliðinu saman og fórum þaðan í A-landsliðið, vorum í Verzló og fórum báðar til Bandaríkjanna. Ég held ég sé nú ekki að ljúga því að ég þekki enga sem er jafn samviskusöm. Í bæði námi og starfi finnst mér sérstakur kostur að hún er jákvæð og fylgin sér. Hrein og bein en samt ekki aggressíf. Hún er einstaklega talnaglögg og áræðin manneskja. Ef einhvern galla mætti finna þá væri hann sá að samviskusemin getur keyrt fram úr hófi og hún setur sjálfa sig í aftursætið.

María Björg Ágústsdóttir

SPILAÐI FÓTBOLTA Eva Sóley spilaði knattspyrnu þegar hún var yngri, en í dag hleypur hún, gengur og stundar jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

AMAZON Netverslunin hóf að selja mat með sendingarþjónustu árið 2013. Nú herma heimildir, sem þó hafa ekki verið staðfestar, að opnuð verði lúguverslun. NORDICPHOTOS/GETTY

Netverslunin Amazon er sögð leita leiða til að auka umsvif í matvöru:

Amazon íhugar að opna lúguverslanir

Amazon er með hugmyndir um hvernig breyta má verslunarhegðun fólks. Fyrirtækið, sem sérhæfir sig í verslun á netinu, er nefnilega að þróa lúguverslunarfyrirkomulag (e. drive-up store) í Kaliforníu. Þetta kemur fram í Silicon Valley Business Journal. Með þessu fyrirkomulagi gætu neytendur keypt matvöru á netinu og svo sótt hana á tiltekinn stað. Ef af þessu verður þá er það ekki einungis ný leið fyrir Amazon til þess að dreifa vörum heldur væri Amazon komið á nýtt svið í verslunarrekstri. Það er í matvöruna.

Á vef bandaríska viðskipatímaritsins Fortune segir þó að ómögulegt sé að segja til um hvort þessar fyrirætlanir verði að veruleika og bent er á að í október á síðasta ári kom fram að Amazon hygðist opna verslun í október á síðasta ári áður en stærstu hátíðirnar, þakkargjörðarhátíðin og jólin, myndu skella á. Sú verslun var hins vegar aldrei opnuð.

Fortune segir að það sé mikið rúm fyrir netverslun í matvöru, þótt markaðssetning á slíkum verslunum hafi gengið illa hingað til. Rannsóknarfyrirtækið Nielsen gerði könnun þar sem fram kom að helmingur svarenda, hvarvetna í heiminum, væri reiðubúinn til þess að versla meira á netinu. Aftur á móti fer einungis eitt prósent af því fjármagni sem neytendur kaupa fyrir í að kaupa mat á netinu. Amazon hóf verslun með matvörur í Los Angeles um mitt ár 2013 og er sú þjónusta enn þá veitt. Það fyrirkomulag felur í sér að fólk pantar vörurnar á netinu og fær þær sendar heim. - jhh

Áfram hrynur gengi hlutabréfa í Kína

Hrun á gengi bréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár. Áfram hélt gengi bréfa svo að lækka í gær. Kínverskir ráðamenn funda á næstu dögum um ástandið.

Hrun á gengi hlutabréfa í Kína á mánudag var það mesta í átta ár, eða frá í febrúar 2007. Gengið hélt svo áfram að lækka í gær. Wall Street Journal segir að hundruð milljarða dollarar hafi hreinlega þurrkast út. Efasemdir séu um aðgerðir stjórnvalda í Kína til þess að virkja markaðinn.

Sjanghaí-úrvalsvísitalan, þar sem stærstu fyrirtæki í Kína eru skráð, féll um 8,5 prósent á mánudaginn og var mesta fallið síðustu tvo klukkutímana sem viðskipti fóru fram. Vísitalan lækkaði svo aftur um 1,7 prósent daginn eftir. Shenzhen-vísitalan féll um sjö prósent og hefur fallið um 31 prósent frá því að hún náði hámarki um miðbik júnímánaðar. Vísitalan lækkaði svo um 2,2 prósent í gær.

Mikil lækkun hefur verið á hlutabréfum í Kína í sumar. CNN segir að fyrstu merki um vandræði hafi birst í júní, eftir miklar hækkanir á tólf mánaða tímabili þar áður. CNN segir að hlutabréfaverðið hafi þá lækkað hratt en stjórnvöld gripu til ráðstafana til að skapa ró á mörkuðum.

Talsmenn kínverskra stjórnvalda sögðu á mánudagskvöld að ríkissjóður myndi auka kaup á bréfum á hlutabréfamarkaðnum. Þannig myndi kínverska ríkið sinna þeim skyldum sem það hefði til þess að skapa stöðugleika á markaðnum.

Wall Street Journal segir aftur á móti að lækkunin á mánudag bendi til þess að fjárfestar hafi ekki trú á markaðnum eða getu stjórnvalda til að stýra honum.

SVEIFLUR Kínverskir fjárfestar fylgdust áhyggjufullir með þróun hlutabréfamarkaðarins á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Wall Street Journal segir að hlutabréfamarkaðir í Kína flökti mikið og ríkisafskipti af markaðnum hafi stundum endað með því að mikið framboð hafi skapast og markaðurinn verið í ládeyðu í langan tíma.

Hæst settu embættismenn í Kína munu næstu dagana hittast í bænum Bedaihe þar sem þeir munu meðal annars ræða til hvaða ráða þeir geti gripið til þess að stuðla að jafnvægi á hlutabréfamarkaðnum og koma í veg fyrir að vandamálin á mörkuðum smitist yfir á önnur svið í hagkerfinu.

8,5%

lækkun varð á Sjanghaí-vísitölunni á mánudaginn og lækkaði hún áfram í gær.

Málið er stjórnvöldum mjög hugleikið því þau vilja að hlutabréfamarkaðir séu raunhæf leið fyrir fyrirtækin til þess að safna fjármagni. Þau geti þannig dregið úr þörf sinni fyrir lánsfé frá ríkisreknum bönkum.

jonhakon@frettabladid.is

Mikilvægt að fólk sé meðvitað um hvert skattgreiðslur renna:

Í átt að gagnsærra skattkerfi

Þegar upplýsingar um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga voru birtar í síðustu viku kom fram að 277 milljarðar voru greiddir í tekjuskatt. Þar af runnu 159 milljarðar í útsvar til sveitarfélaga en 118 milljarðar í ríkissjóð. Sveitarfélögin fá þannig 57 prósent af tekjuskatti einstaklinga en ríkissjóður fær 43 prósent.

Vef-Þjóðviljinn, sem nokkrir frjálslyndir áhugamenn um stjórnmál hafa haldið úti um árabil, minnti í vikunni á gamalt baráttumál sitt þess efnis að þessi skipting skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga yrði gerð augsýnilegri fyrir almenning. Í pistli á vefnum er rifjuð upp tíu ára gömul greinargerð þessa efnis. Tilefni greinargerðarinnar var á sínum tíma ekki síst það að ríkisstjórnin hafði unnið að því að lækka tekjuskatt á meðan útsvar í mörgum sveitarfélögum var hækkað. Og Vef-Þjóðviljinn var reyndar ekki eini áhugasami aðilinn um þetta efni. Geir Haarde, fyrrverandi fjármálaráðherra, var einnig áhugasamur um að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði auðkennd á launaseðlum. Af einhverjum ástæðum kom þó aldrei til þess að það yrði gert.

Markaðshornið

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Núna væri eftirsóknarvert að Bjarni tæki áskorun Vef-Þjóðviljans, léti um leið gamlan draum forvera síns, Geirs Haarde, rætast og beitti sér fyrir því að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði birt.

Það er óumdeilt og ríkir almenn sátt um að bæði ríki og sveitarfélög þurfa tekjur til að standa straum af nauðsynlegum opinberum rekstri. Á vissum sviðum, eins og til dæmis í heilbrigðiskerfinu er jafnvel krafa um meiri opinbera uppbyggingu. Til að mynda sést þetta mjög vel á ríkri kröfu almennings um að hér verði byggt upp öflugra og betra þjóðarsjúkrahús sem áfram verði mannað færum starfsmönnum. Sveitarfélög standa líka að mikilvægum rekstri, svo sem þjónustu við fatlaða og rekstri leik- og grunnskóla. Tekjurnar fyrir þessum verkefnum munu aldrei koma öðruvísi en með skattgreiðslu frá borgurunum.

Og vegna þess hve mikilvæg verkefni hins opinbera eru, er einmitt svo nauðsynlegt að gegnsæið í opinberum rekstri sé hvað mest. Það er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir hvernig opinberum fjármunum er ráðstafað. En það er líka nauðsynlegt að það liggi sem allra skýrast fyrir hvernig fjármunanna er aflað og hversu mikilla. Þess vegna er það eðlileg krafa að skattgreiðendur séu hvað best meðvitaðir um það hvert þeir greiða skatta og opinber gjöld. Og þetta gegnsæi mætti vissulega auka með því að gera slíkar upplýsingar tiltækar á launaseðlum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, hefur fylgt eftir þeim markmiðum forvera sinna á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins að vinna að gagnsæjum og skýrum skattkerfum. Að þessu hefur verið unnið með markvissum hætti allt frá því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins tók við fyrir rúmum tveimur árum. Núna væri eftirsóknarvert að Bjarni tæki áskorun Vef-Þjóðviljans, léti um leið gamlan draum forvera síns, Geirs Haarde, rætast, og beitti sér fyrir því að skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélaga yrði birt.

Obama varð fyrstur til að ávarpa Afríkubandalagið

ÁVARPAÐI AFRÍKUBANDALAGIÐ Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, flutti ræðu í höfuðstöðvum Afríkubandalagsins í Addis Ababa í gær. Hann sagði að það væri tími til kominn fyrir allan heiminn að breyta viðhorfi sínu gagnvart Afríku. Obama er fyrsti forseti Bandaríkjanna sem ávarpar Afríkubandalagið. NORDICPHOTOS/AFP

Krísustjórnun sambandsslita og atvinnumissis

Skoðun

Andrés Jónsson
almannatengill

Vinsæll forstjóri í stóru íslensku fyrirtæki var hrókur alls fagnaðar. Hann mátti á tímabili sjá alls staðar, á ráðstefnum, fundum, frumsýningum og á vinsælustu veitingastöðum borgarinnar. Þegar hann var skyndilega rekinn sem forstjóri þá hvarf hann hins vegar gersamlega sjónum. Af hverju fannst honum hann þurfa að fara í felur? Gerði það persónulega krísu hans, að hafa misst fína forstjórastólinn, kannski enn verri að bregðast þannig við? Sendi það þau skilaboð að hann væri bugaður og brotinn?

Fólk sem hættir í ástarsambandi í dag gerir það yfirleitt að sínu fyrsta verki að þurrka út allar myndir á Facebook þar sem fyrrverandi makinn sést. Telst það kannski krísustjórnun? Sambandsslit uppfylla vissulega mörg sömu skilyrðin og krísur fyrirtækja og stofnana. Það verður mikið rask á daglegum heimilisrekstri, fjárhagurinn skaðast, samskipti við vini og fjölskyldu fara í uppnám, andleg líðan fólks versnar en um leið verður það að peppa sig upp í að sinna fjölmörgum verkefnum sem krísunni fylgja og loks þarf að gera drög að því að laða til sín nýjan maka/viðskiptavini. Nýlega einhleypir fara í ræktina, fyrirtæki taka upp nýtt nafn, atvinnulausir fara í nám.

Yfirmanni ríkisstofnunar var bolað úr starfi. Væri hann þegar kominn með nýtt embætti í dag ef hann hefði tekist á við breytta hagi sína með prinsippum krísustjórnunar? Ef hann hefði gengist við sínum hlut og ef hann hefði forðast að mála sig upp sem fórnarlamb í málinu. Það er stórhættulegt fyrir fólk í slíkri stöðu að nærа biturð í garð náungans.

Í starfi mínu hjá Góðum samskiptum hittum við reglulega fólk skömmu eftir að krísan dynur yfir. Fyrstu viðbrögð fólks eru gjarnan reiði, því næst afneitun og lömun. Fólk langar helst að skríða inn í skel. Afneitunin birtist í frösum eins og: „Les einhver þennan fjölmiðil hvort sem er?“, „Þetta verður gleymt á morgun“ og „Af hverju gera þau ekki fréttir um samkeppnisaðila minn, hann er miklu verri!“ Til að komast í gegnum áfallið þá gera þau lítið úr krísunni og efast um að hún hafi nokkur langtímaáhrif.

Það gæti ekki verið fjær sannleikanum. Þvert á móti þá berum við krísurnar eins og ör á sálinni. Þegar maður hittir fólk sem hefur lent í kastljósi fjölmiðla vegna krísu þá er það yfirleitt enn að vinna úr storminum, jafnvel mörgum árum og áratugum síðar.

Kunningi minn rakst á einn reynslumesta flugstjóra Malaysian Airlines á flugvelli skömmu eftir að flugvél félagsins var skotin niður yfir Úkraínu en það var önnur vélin sem flugfélagið tapaði með manni og mús á nokkurra mánaða tímabili. Hann spurði um líðan hans. Svarið var: „Við vorum lítið flugfélag, eiginlega eins og fjölskylda, ég þekkti alla áhafnarmeðlimi sem voru um borð í vélinni sem var skotin niður, ALLA!“ Svo fór hann að gráta. Þessi flugstjóri er kominn í leyfi, eins og flestir aðrir sem unnið höfðu hjá Malaysian lengi. Ólíklegt er að flest þau fljúgi nokkurn tíma á ný sem áhafnarmeðlimir. Þegar er búið að endurnýja flestar áhafnirnar og verið er að breyta um nafn á flugfélaginu.

Krísur hafa víðtækar afleiðingar og það eru einmitt oft eftirköstin sem eru vanmetin af stjórnendum fyrirtækja. Flest stór fyrirtæki eru þó með áætlun tilbúna ef upp koma krísur og æfa hana jafnvel reglulega. Þau vita sem er að orðspor sem byggt er upp á löngum tíma getur tapast á svipstundu. Samfélagsmiðlar breiða hratt út slæmar fregnir. Fjölmiðlar endurbirta fréttir annarra og það gerir ekki aðeins örðugt að leiðrétta rangar upplýsingar, heldur geta þær orðið grundvöllur þess hvernig fréttaumfjöllun þróast. Tíminn sem þú hefur til að ná stjórn á frétt er núorðið nær enginn.

Sá sem þetta skrifar hefur nokkrum sinnum verið rekinn. Við höfum líka flest upplifað sorgina sem fylgir sambandsslitum, þegar sú framtíð sem virtist bíða okkar hverfur eins og dögg fyrir sólu.

Hvort sem það er skilnaður, brottrekstur eða eitthvert af öðrum algengum áföllum sem við verðum fyrir á lífsleiðinni þá geta rétt viðbrögð skipt miklu um áhrifin sem þau hafa á okkur, bæði til langs og skamms tíma. Rétt viðbrögð í öllum þessum aðstæðum eru að horfast í augu við staðreyndir, líta í eigin barm, veita umhverfinu nauðsynlegar upplýsingar, leita sér aðstoðar og gera betur næst.

Einkarekstur er ekki einkavæðing

Hin hliðin

Hulda Bjarnadóttir
framkvæmdastýra Félags kvenna í atvinnulífinu

Einkarekstur og einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar hafa verið talsvert í umræðunni og sumir telja þetta vera það sama. En einkarekstri má ekki rugla saman við einkavæðingu. Það er langur vegur á milli þessara hugtaka og þróunin yfir í aukinn einkarekstur mun ekki þýða að ríkið hætti að sjá okkur fyrir grunnþjónustu sem allir skattgreiðendur hafa rétt á og vilja fá. Það að heilbrigðiskerfið sé rekið með stoðþjónustu og aðstoð einkafyrirtækja er einfaldlega aðferð til að tryggja hagkvæmari og fjölbreyttari þjónustu, með minni tilkostnaði. Ríkið mun að lokum alltaf sinna því allra nauðsynlegasta. Það gerir skattgreiðandinn einfaldlega kröfu um.

Kerfi er ekki bygging

Og talandi um það. Hver segir að spítalaþjónusta sé bygging sem ríkið á og rekur? Er ekki einmitt nauðsynlegt að huga áfram að leiðum sem geta nýst sjúklingum og aðstandendum hvað best. Teljum við okkur hafa efni á því að stækka yfirbygginguna eða viljum við vera opin fyrir nýjum og hagkvæmari leiðum þar sem ríkið greiðir minna, sinnir skyldum sínum og sjúklingurinn greiðir sama verð þar sem þjónustan er þegin. Hinn endinn á þörf fyrir þjónustu er einmitt biðlistarnar sem verða til við takmörkun fjármagns og aðstöðuleysi af hálfu ríkisins. Af hverju ætti rík þjóð á borð við okkar að sætta sig við biðlista yfirhöfuð? Er það bara að verða venjan frekar en undantekningin? Og að sumir hafi ekki aðgengi að heimilislækni. Þannig er staðan á Íslandi í dag.

Stýrt þjónustustig ríkisins

Það er þó segin saga að þegar kemur að því að ræða einkarekstur verður fókusinn oftar en ekki á hagnað og laun þeirra sem sinna þjónustunni utan þeirrar byggingar sem kallast ríkisspítali. Það er þó löngu vitað að mörgum þjónustuþáttum er hægt að sinna utan spítalans, með minni tilkostnaði. Ríkið á og getur með ýmsu móti stýrt þjónustustigi til þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda. Án þess að það fari allt í gegnum eina gátt sem kallast spítali. Við erum eftirbátar Norðurlandaþjóða sem nýta sér einkarekstur margfalt meira en við.

Og jú, vissulega geta einhverjir hagnast á því að vera með fyrirtæki í einkarekstri þar sem ríkið er einn stærsti viðskiptavinurinn. En á bak við fjölbreyttari þjónustu eru oftast nær framtaksamir og duglegir einstaklingar sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu og oft á tíðum að leggja allt sitt undir. Og það þýðir að sama skapi að áhætta viðkomandi er töluverð – allt getur farið á versta veg. Það setur þrýsting á rekstraraðilann að veita framúrskarandi þjónustu svo að viðskiptavinurinn snúi aftur. Samkeppnin býr þannig til umhverfi sem hvetur alla til dáða og þeir sem hagnast mest eru sjúklingarnir.

MISSION: IMPOSSIBLE
ROGUE NATION

Taktu þátt í bióleik Fréttablaðsins

Það eina sem þú þarft að gera til að taka þátt í laufléttum bióleik Fréttablaðsins er að senda okkur tölvupóst á leikur@frettabladid.is með nafni, kennitölu, símanúmeri og netfangi.

Glæsilegir vinningar í boði

1. Dróni
2. Armbandsúr með myndavél
3. Miðar á Mission: Impossible – Rogue Nation

Dregið verður 4. ágúst

EGILSHÖLL SMÁRA BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ SAMBÍÓN

Allt sem þú þarft ...

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 133,75	DKK 19,81	NOK 16,39	CHF 138,89
GBP 208,84	EUR 147,8	SEK 15,62	JPY 1,08

FTSE 100
6.555,28 +50,15 (0,77%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

11% FJÖLGUN

Mest fjölgun í byggingastarfsemi

Nýskráningum einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði hefur fjölgað um 11% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 2.173 ný félög skráð á tímabilinu, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mest er fjölgun nýskráninga í flokknum Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, 48% á síðustu 12 mánuðum. Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði hafa dregist saman um 12% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 744 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á tímabilinu.

24.07.2015 Til þess að búa til bíómynd á Íslandi þarftu eiginlega að vera spilafíkill líka. Þú þarft að leggja allt undir. Karlmenn eru oft hégómagjarnari en konur og eru þess vegna tilbúnir að taka meiri áhættu. Þetta er sama ástæða og fyrir því að menn endast ekki í bransanum, því upp úr fimmtugu minnkar testosterónið í líkamanum og þessi áhættusækni.

Baltasar Kormákur *kvikmyndagerðarmaður.*

0,7% VÖXTUR

Hagvöxtur 10 fjórðunga í röð

Hagvöxtur í Bretlandi á öðrum fjórðungi ársins nam 0,7%, samkvæmt tölum Hagstofunnar þar í landi. Á fjórðungnum á undan nam hagvöxturinn 0,4%. Aðalhagfræðingur Hagstofunnar segir að hagkerfið sé í eðlilegu ástandi á öðrum fjórðungi eftir slaka á þeim fyrsta. Hagvöxtur hefur nú verið í landinu í tíu fjórðunga í röð.

STJÓRNARMAÐURINN

Blikur á lofti í kína

FORVITNILEGT hefur verið að fylgjast með skjálfta á fjármálamörkuðum í Kína. Á mánudag féll hlutabréfavísitalan í Shanghai um 8 prósent sem og flestar aðrar kínverskar vísitölur, í annað skipti á einum mánuði. Síðast féll virði bréfanna 3 trilljónir bandaríkjadala (já, þrjár trilljónir) á einum degi.

MARGIR hafa spáð því að efnahagshamfarir væru tryggar í Kína. Einkennin eru mörgum sem fylgdust með viðskiptum á árunum fyrir 2008 kunnugleg: gríðarleg skuldsetning fólks og fyrirtækja, ótrúlegar hækkanir á fasteignamarkaði, mikið lánsfé til fjárfestinga á lausu o.s.frv. Hagvöxtur hefur verið um og yfir 10% árum saman.

AÐRIR hafa komið kínversku efnahagslífi til varnar. Segja æ fleiri hafi unnið sig úr fátækt til bjargálna millistéttar, hagvöxturinn sé sjálfbær og haldi áfram. Það sé nú af einum og hálfum milljarði að taka. Lunginn af því fólki berjist enn fyrir bættum lífskjörum.

KÍNA hefur árum saman verið framleiðsluland og séð Evrópu og Bandaríkjunum fyrir varningi á áður óþekktu verði. Það er ekki lengur svo að „made in China" teljist skammaryrði, heldur hefur orðið til gríðarleg framleiðsluþekking í landinu. Vestræn fyrirtæki hafa því verið reiðubúin að sjá í gegnum fingur sér með mannréttindabrot, til að fá gæðavöru á góðu verði.

SLÍKT á auðvitað ekki að líðast og nauðsynlegt að neytendur taki afstöðu gegn fyrirtækjum sem verða uppvís að slíku. Kínverjar sjálfir vita þetta og hafa gert átak í réttindamálum verkamanna. En betur má ef duga skal.

ÞAÐ er öfugsnúið, en átakið veldur því að blikur eru á lofti í kínversku efnahagslífi. Meðallaun og aðstæður verkamanna hafa batnað, svo framleiðsluverð hækkar. Kínverskar verksmiðjur taka greiðslu í bandaríkjadölum. Sterk staða dalsins veldur svo frekari verðhækkunum gagnvart þeim sem gera upp í öðrum gjaldmiðlum.

ÞAÐ hefur dregið saman með framleiðsluverði í Kína og annars staðar. Með því að framleiða nær heimahögum geta fyrirtæki sparað flutningskostnað og stytt afhendingartíma með tilheyrandi hagræði fyrir fjárstreymið. Framleiðslufyrirtæki snúa því í auknum mæli baki við Kína.

ENN að hlutabréfamarkaðnum. Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráðstafana, m.a. bannað sölu á tilteknum bréfum og bannað tilteknum aðilum að selja. Viðbrögð sem ekki myndu líðast í þroskuðu lýðræðisríki. Þú breytir ekki reglunum í miðjum leik.

VONANDI bera stjórnvöld gæfu til að stíga varlega til jarðar og halda sig að mestu til hlés. Fjárfestar vilja ekki taka þátt á markaði þar sem stjórnvöld hafa alltaf úrslitaáhrif.

@stjornarmadur

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

NÝDÖNSK • FM BELFAST
BUBBI & DIMMA • JÓN JÓNSSON
AMABADAMA • JÚNÍUS MEYVANT
PÁLL ÓSKAR • MAUS • LAND & SYNIR
SÓLDÖGG • INGÓ & VEÐURGUÐIRNIR
FM95BLÖ • BUFF • DANS Á RÓSUM
BRIMNES • ÁGÚSTA EVA • EYÞÓR INGI
SVERRIR BERGMANN

TUBORG · pepsi MAX · olís · FM957

MIÐASALA Á DALURINN.IS
#DALURINN

Veðurspá

Miðvikudagur

Útlit fyrir hægviðri eða hafgolu fyrripart dags en síðan snýst í suðaustan golu með úrkomu sunnanlands og vestan. Á austanverðu landinu birtir vel til og jafnvel líkur á heiðskíru þar síðdegis. Hitinn er svipaður, 6 til 15 stig.



	Fimmtudagur			Föstudagur		
	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	13°	8°	10°	13°	8°	8°
	←5	←7	↙5	↓1	↙5	↓6
	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
	8°	11°	9°	11°	10°	7°
	↓5	←9	↖1	↘5	←6	↙8

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. vafra, **6.** hæð, **8.** meðal, **9.** viðmót, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** bjálki, **18.** skurðbrún, **20.** klaki, **21.** pottréttur.

LÓÐRÉTT
1. létu, **3.** málmur, **4.** sumbl, **5.** máttur, **7.** sáttir, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** kirna, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ráfa, **6.** ás, **8.** lýf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** egg, **20.** ís, **21.** ragú.

LÓÐRÉTT: 1. gátu, **3.** ál, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lest, **16.** ker, **19.** gg.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Stefán Bergsson (2.063) hafði svart gegn Emil Sigurðarsyni (1.922) í skák hinna glötuðu tækifæra í áskorendaflokki.

Stefán lék **24. ... He8?** Missti af 24. ... Rg4! 25. Rxg4 Dxg4 25. Dg3 Dh5! 26. Df3 Dxf3 27. exf3 Bh3 sem vinnur þegar í stað. Við ljúkum umfjöllun um þessa fjörugu skák á morgun.

www.skak.is: Biel-mótið

Svartur á leik

KA–VALUR *UNDANÚRSLIT!*

*Fyrstudeildarlið KA fær Valsmenn í heimsókn í undanúrslitum **Borgunarbikarsins** í kvöld. Tekst Norðanmönnum að nýta sér heimavöllinn og slá Pepsi-deildarlið Vals út og tryggja sig í sjálfan úrslitaleikinn?*

365.is | Sími 1817 365

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

		4				9		
7	2	9	8			4	5	
	1				5	6		
	4			7	2		6	
	3	6		5	1			
	5				8	1	2	
3			2			8	9	
	8			6				5
		1			3			

MIÐLUNGS

			7		3			4
5		9						2
	1			5	6	9		
1								
	2			1		6	5	
3				2				1
8		1					9	7
4	7		9			3		
2					5			

PUNG

		5					6	
	6		3					5
			2			4	1	
6				4				
	7		5	8				
4					7	2		
9		7		1	6		2	
								6
1			8		9			

8	6	5	3	4	7	1	2	9
1	9	2	8	5	6	4	7	3
3	4	7	2	9	1	8	5	6
9	5	3	4	8	2	6	1	7
2	7	6	9	1	5	3	8	4
4	8	1	6	7	3	2	9	5
5	2	4	1	6	9	7	3	8
6	3	9	7	2	8	5	4	1
7	1	8	5	3	4	9	6	2

9	5	4	1	3	7	2	6	8
6	7	1	4	8	2	5	9	3
3	2	8	5	6	9	7	1	4
7	8	9	6	2	5	3	4	1
1	3	5	7	9	4	8	2	6
2	4	6	3	1	8	9	5	7
4	1	7	9	5	3	6	8	2
8	9	3	2	4	6	1	7	5
5	6	2	8	7	1	4	3	9

1	8	4	2	6	9	3	7	5
5	2	3	7	8	1	4	9	6
6	7	9	3	4	5	8	1	2
2	1	8	4	7	3	6	5	9
9	3	6	5	2	8	1	4	7
4	5	7	9	1	6	2	8	3
8	9	1	6	3	7	5	2	4
7	6	2	8	5	4	9	3	1
3	4	5	1	9	2	7	6	8

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

16

2016

Þú gætir eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox ef þú drífur bílinn í skoðun!

ÖRUGG
BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND

KREATIV

LUKKULEIKUR

Þeir sem koma með bíl eða vagn í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox frá Stillingu sem verður dregið út 4. ágúst 2015.

FRÍTT

WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

ÞÚ FÆRÐ ÞÆR ALLAR!

MEÐ WINDOWS 10 Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

3 LITIR

E5-552

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 Free Update!

129.900

FÆST Í 3 LITUM

80HE003SMT

YOGA3

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 14" FHD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- Intel HD 5500 DX11 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 900Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Windows 10 Free Update!

169.900

MEÐ 256GB SSD AÐEINS 179.900

5944096

Y50

- Intel Core i7-4720hQ 3.6GHz Turbo 8xHT
- 16GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 512GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" Ultra HD 4K IPS skjár 3840x2160
- 4GB GeForce GTX 960M leikjaskjákort
- 2.1 JBL Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 900Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Windows 10 Free Update!

279.900

TRÖLLVAXIN LEIKJAVÉL!

ALL-IN-ONE

ASPIRE Z1

- Intel Quad Core N2940 2.25GHz Burst
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 UltraFast harðdiskur
- 22" FULL HD IPS 1920x1080 snertiskjár
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- 3xUSB2, 1xHDMI in o.fl. Tengi
- Windows 10 Free Update!

99.900

SKJÁTÖLVUR FRÁ 79.900

GIGABYTE

GAMING TÖLVUTILBOÐ 1

- Thermaltake Versa H21 Deluxe turn
- AMD X4 860K Quad Core 4.0GHz Turbo
- GIGABYTE G1.Sniper A88X móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB Radeon R7 360 OC leikjaskjákort
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

149.900

AÐEINS 7 SEK Í WINDOWS 10;)

ÍSLENSKUR LETUR LÍMMIÐAR Á LYKLABORÐI
ÞÚ FÆRÐ MACBOOK
Á BETRA VERÐI MEÐ ÍSLENSKUM LETUR LÍMMIÐUM
ENN BETRA VERÐ!

MacBook
NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

2015

MacBook

12" RETINA 256GB

Nýja 2015 útgáfan af MacBook Retina er einstaklega falleg ásamt því að vera örþunn og fislétt, ofurskarpur Retina skjár kemur þessari í sérflokk.

- Intel Core M Dual Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 12.1" IPS Retina 2304x1440 skjár
- Intel HD 5300 skjákjarni og DisplayPort
- 900Mbps WiFi AC, BT 4.0 og USB 3.1
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- 480p FaceTime vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

289.900

EÐA MEÐ OS X STÝRIKERFI 269.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Windows 10

ENDURKOMA START MENU

NÝR OG HRAÐARI EDGE VAFRI

ENN BETRI LEITARVÉL

BÆTTU VIÐ SKJÁBORÐUM

MENNING

Frönsk tónlist, rituð og útgefin af konum á 18. öld

HÚN/SHE Louise, Denise og kompaní nefnast tónleikar Nordic Affect annað kvöld en tónlistin fannst á þjóðarbókasafni Frakklands.

„Okkur finnst mikilvægt að varpa ljósi á hlut kvenna í tónlistarsögunni," segir Halla Steinunn Stefánsdóttir, fiðluleikari í kammerhópnum Nordic Affect, þegar forvitnast er um tónleika kammerhópsins Nordic Affect á Sumartónleikum í Skálholti annað kvöld. „Þótt verkin sem við leikum séu í flestum tilfellum eftir karlmenn þá eru þau rituð af miklum hagleik af konum í byrjun 18. aldar og frönsk handrit eru bara með því fegursta frá því tímabili."

Halla Steinunn kveðst hafa fundið tónlistina á þjóðarbókasafni Frakklands síðasta vetur og hafa þurft í klukkutíma viðtal á frönsku til að komast þangað inn.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og verða endurteknir á laugardaginn klukkan fimm. En klukkan þrjú þann dag verður hópurinn með aðra tónleika á sama stað. Þá verða flutt verk sem einn stærsti nótnaútgefandi í Frakklandi um miðbik 18. aldar, Madame Boivin, sendi frá sér, allt frá frönskum óperuaríum til hljóðfæraverka.

Þótt verkin sem við leikum séu í flestum tilfellum eftir karlmenn þá eru þau rituð af miklum hagleik af konum í byrjun 18. aldar.

Sérstakur gestur með Nordic Affect á þeim tónleikum er Eyjólfur Eyjólfsson tenór. - gun

NORDIC AFFECT Hópnum finnst mikilvægt að varpa ljósi á hlut kvenna í tónlistarsögunni.

Núllið opnað á ný í Bankastræti

Gamla almenningssalernið kvennamegin í Bankastræti verður opnað á morgun sem sýningarpláss á vegum Nýlistasafnsins. Fyrsta sýningin nefnist Væntanlegt / Coming soon og birtir verk fjögurra ungra og nýlega útskrifaðra listamanna.

„Það sem áður var almenningssalerni fyrir konur er nú orðið sýningarrými og að mörgu leyti óhefðbundnara en fólk er vant. Listamennirnir hafa meðal annars fjóra af sex salernisbásum til umráða en klósettin hafa verið fjarlægð. Tveir básarnir halda samt sínu upprunalega hlutverki af praktískum ástæðum," segir Þorgerður Ólafsdóttir, formaður stjórnar Nýlistasafnsins um breytingarnar á Bankastræti núll.

Húsnæðið var upphaflega teiknað af Helga Sigurðssyni arkitekt og tekið í notkun sem klósett í kringum árið 1930 en var lokað 2006 af ýmsum ástæðum, meðal annars óöryggis starfsmanna að nóttu til. Húsnæðið er í eigu borgarinnar og friðað af Minjavernd og því er bæði skipulag húsnæðisins, flísar og annað í sinni upprunalegu mynd, segir Þorgerður. Arkitektastofan Kurtogpí hannaði og hafði yfirumsjón með breytingu Núllsins og var rík áhersla lögð á að upprunalegir innviðir rýmisins myndu njóta sín. „Þetta er verulega flott rými og alltaf ánægjulegt þegar nýir sýningarstaðir bætast við menningarflóruna! Listamennirnir sem við bjóðum að sýna þurfa að takast á við upprunalegu innréttingarnar og mögulega söguna þó að það sé alls enginn útgangspunktur," segir Þorgerður.

Þorgerður segir ásóknina í að sýna í Núllinu gífurlega. Við fengum margar umsóknir, meðal annars erlendis frá, jafnvel fyrir stórar samsýningar þótt rýmið sé innan við 25 fermetrar, allt í allt.

Grasrótin mun ríða á vaðið með samsýningu fjögurra ungra listamanna. Meðal þeirra er Una Björg Magnúsdóttir. Þegar hún er spurð hvað titill sýningarinnar Væntanlegt / Coming Soon merki, segir hún hægt að heimfæra hann upp á margt. „Eigum við ekki að segja að við séum að gefa tóninn fyrir eitthvað?" Una segir nokkur hljóðverk á sýningunni, sum þeirra tekin upp á staðnum og þótt þau fjögur séu með ólíkar áherslur hafi þeim gengið afar vel að vinna í rýminu. Spurð hvort þau nýti sér sögu húsnæðisins: „Nei, en maður finnur fyrir mikilli nánd við umhverfið og veit af fólkinu labba fyrir ofan."

gun@frettabladid.is

→ Væntanlegt / Coming soon

Listamennirnir sem sýna í hinu nýuppgerða Núlli undir yfirskriftinni Væntanlegt / Coming Soon eru Brynjar Helgason, Ívar Glói Gunnarsson, Logi Leó Gunnarsson og Una Björg Magnúsdóttir. Öll fjögur útskrifuðust þau úr myndlist frá Listaháskólanum vorið 2014 og voru með sýninguna Svona, svona, svona á menningarnótt í fyrra í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Opnunarathöfnin verður á morgun milli klukkan 17 og 19 en framvegis verður Núllið opið fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18 og þessi sýning stendur til 30. ágúst.

LISTAFÓLKIÐ Brynjar Helgason, Una Björg Magnúsdóttir, Ívar Glói Gunnarsson og Logi Leó Gunnarsson opna sýninguna milli klukkan 17 og 19. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fræðst og sungið um rómantíkina

Revíur og rómantík er yfirskrift kvöldgöngu Borgarsögusafnsins annað kvöld.

„Ég ætla að taka lagið á vel völdum stöðum og fá fólk til að taka undir, ásamt Gunnari Ó. Kvaran harmóníkuleikara," segir söngvarinn Sveinn Enok Jóhannsson sem ætlar að syngja dægurlög tengd húsum sem skoðuð verða í kvöldgöngu um miðborgina annað kvöld. Gönguna leiðir Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur og hún kryddar gönguna með sögulegum fróðleik um revíur og rómantík.

Sveinn er klassískur söngvari en nú verður hann á léttum nótum, kveðst verða með einhver textablöð til að dreifa meðal þátttakenda í göngunni. Nefnir lög eins og Vorkvöld í Reykjavík, Blátt lítið blóm eitt er, Ó borg mín borg, Ennþá brennur mér í muna og Það er draumur að vera með dáta.

Gangan er hluti af kvöldgöngum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og er lagt upp frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15 klukkan 20. Gert er ráð fyrir að gangan taki um 90 mínútur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - gun

SÖNGVARINN Sveinn Enok ætlar meðal annars inn í Fríkirkjuna og syngja þar Tvær stjörnur eftir Megas. MYND/ANDRI MARINÓ

Lambakjöt | NÁTTÚRULEGA HOLLT

Hollráð Lambakjöts að betra sambandi

Nr. 43 | LÁTIÐ STANDA OG MARÍNERAST, SNÚIÐ ÖÐRU HVERJU

Indverskar lambagrillsneiðar

– fleiri girnilegir grillréttir og hollráð á lambakjot.is

H:N Markaðssamskipti / SÍA

FRÆGIR Í NÆRMYND
GIGI HADID

NAFN:
Jelena Noura Hadid

LISTAMANNSNAFN:
Gigi Hadid

DAGUR:
23. apríl 1995

Gigi Hadid er 20 ára fyrirsæta frá Bandaríkjunum sem hefur vakið mikla athygli seinasta árið. Hún hefur komið fram á fjölmörgum tískusýningum, forsíðum og er andlit tískufyrirtækja á borð við Seafolly, Maybelline og nú nýlegast Topshop. Gigi byrjaði að sitja fyrir aðeins tveggja ára gömul hjá Baby Guess. Síðan hefur hún einnig setið fyrir hjá Guess eða alls þrisvar sinnum. Hún hefur verið í sviðsljósinu um nokkurn tíma þar sem móðir hennar er í raunveruleikaþáttunum Real Housewifes of Beverly Hills.

Yngri systir Hadid hefur verið að reyna fyrir sér sem fyrirsæta eins og Gigi, en þær sátu fyrir saman í nýjasta tímariti V Magazine. Gigi Hadid var lengi á föstu með ástralska söngvaranum Cody Simpson en þau slitu sambandi sínu fyrr á árinu. Í sumar hefur hún sést vera að knúsa og leiða söngvarann Joe Jonas en hvorugt þeirra hefur staðfest samband þeirra á milli.

GIGI OG BELLA Systurnar eru báðar fyrirsætur. MYNDIR/GETTY

VEL KLÆDD Gigi er alltaf fallega klædd.

VINKONURNAR Gigi er góð vinkona Taylor Swift en hún lék í myndbandinu hennar við lagið Bad Blood.

NÁ VEL SAMAN Futuregrapher og Jón Ólafsson eru ánægðir með plötuna Eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öllu gamni fylgir nokkur alvara

Futuregrapher og tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson gefa út sína fyrstu plötu saman.

„Við erum báðir meðlimir í Facebook-grúppunni Íslensk raftónlist og fyrir þremur árum voru einhverjar grínsamræður í gangi um mögulegt samstarf fólks innan grúppunnar," segir raftónlistarmaðurinn Árni Grétar, sem betur er þekktur sem Futuregrapher en hann, í kjölfar samræðnanna, hóf samstarf með tónlistarmanninum Jóni Ólafssyni.

„Jón taggaði mig og sagðist vera að vinna að plötu með mér. Svo sendir hann mér skilaboð og spyr hvort við eigum ekki bara að skella í eina plötu."

Af samstarfinu varð og er platan Eitt nú tilbúin. „Við prófuðum að einbeita okkur að því að gera „ambient" plötu, algjörlega taktlausa og enginn bassi." Futuregrapher leikur á hljóðgervil með áhrifshljóðum og upptökugræju sem tekur upp ýmis náttúruhljóð. Undir það spinnur Jón píanómelódíur.

„Við erum báðir að búa til eitthvað annað en flestir myndu halda að við værum að gera," segir Futuregrapher sem er þekktur fyrir taktfasta og hraða raftónlist.

„Á næsta ári ætlum við að gefa út Tvö og svo Þrjú og hvort það kemur svo Fjögur verður bara að koma í ljós," segir hann dularfullur.

Futuregrapher og Jón þekktust ekki áður en samstarfið hófst enda var samtalið sem rekja má samstarf þeirra til að mestu sett upp í gríni, en Futuregrapher bendir þó á að öllu gamni fylgi nokkur alvara. Hann segir þá hafa náð vel saman í gegnum tónlistina og þeir séu ánægðir með útkomuna. Platan er tilbúin og bjóða þeir fólki forkaup í gegnum vefsíðuna Karolinafund.com og er þegar búið að skipuleggja útgáfutónleika sem fara fram þann 23. október í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. - glö

Sýnir einleik á stærstu listahátíð heims

Bragi Árnason hefur starfað í London sem leikari undanfarin átta ár.

Bragi Árnason leikari verður með eitt af opnunaratriðum einleikshátíðarinnar Act Alone sem haldin verður á Suðureyri 5. til 9. ágúst. Strax eftir hátíðina flýgur hann til Edinborgar í Skotlandi þar sem hann kemur fram á Edinborgarhátíðinni, sem er stærsta listahátíð í heimi. Bragi er búsettur í London en hann hefur verið þar seinustu átta ár þar sem hann hefur lært leiklist og starfað sem leikari og stuðningsfulltrúi.

Einleikurinn sem Bragi ætlar að sýna heitir Barry and His Guitar. „Þetta er söngleikur þar sem lögin eru öll samin af mér og auðvitað einleikurinn sjálfur líka. Ég er líka með eina aðra sýningu í gangi með vini mínum sem heitir Euromen. Við erum búnir að vera að sýna hana í London. Þeir vildu fá hana líka á Edinborgarhátíðina en meðleikari minn komst því miður ekki. Ég veit um einn annan Íslending sem sýnir á hátíðinni en hún er í leiklistarskóla hér úti og mun koma fram í leikriti á vegum skólans."

Þetta verður í fyrsta skiptið sem Bragi kemur fram á Act Alone-hátíðinni en hann verður með eitt af opnunaratriðunum. „Ég kem fram á Suðureyri og tveimur dögum seinna flýg ég til Edinborgar. Þar mun ég koma fram á hverjum degi frá 8. ágúst til 30. ágúst nema ég fæ frí á mánudögum. Ég frumsýndi einleikinn í London í Hen and Chicken-leikhúsinu og síðan hef ég líka sýnt hana í Mengi en þá þurfti ég að halda aukasýningu vegna aðsóknar." - gj

LEIKARI MEÐ MEIRU Bragi hefur í nógu að snúast þessa dagana. MYND/AÐSEND

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70% afslátturr

Fatnaður **20 til 70%** afsl.

Bakpokar **20 til 50%** afsl.

100% merino ull **20 til 30%** afsl.

Skór **20 til 50%** afsl.

og margt fleira ...

Íslenskur ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

FAXAFENI 8, 108 REYKJAVÍK • SÍMI 534 2727 • ALPARNIR@ALPARNIR.IS • WWW.ALPARNIR.IS







Hefur góð áhrif á Puma

Nú þegar Rihanna hefur tekið við sem listrænn stjórnandi kvennadeildar íþróttafataframleiðandans Puma hefur salan aukist um 7,6 prósent. Aukningin kemur sér vel þar sem Puma eyðir háum upphæðum til þess að fá að vinna með Rihönnu.

RIHANNA

Forstjóri fyrirtækisins segir þennan vöxt sjást mest hjá skódeild fyrirtækisins, en þar hafa verið endurnýjaðar klassískar vörulínur og nokkrum nýjum hefur verið bætt við. Eigin lína Rihönnu kemur ekki í búðir fyrr en á næsta ári en myndir hafa nú þegar birst sem gefa nasasjón af línunni og bíða margir aðdáendur spenntir. Puma hefur verið lengi að koma sér inn í íþróttavörutrendið en þetta virðist allt vera að koma hjá fyrirtækinu – hægt en örugglega.

Loksins eykst salan hjá Gucci

Seinustu tvö ár hefur tískurisinn Gucci ekki skilað hagnaði en nú þegar vörur frá nýja yfirhönnuðinum, Alessandro Michele, fara brátt að streyma í búðir þá virðast hlutirnir vera að snúast við. Seinasti ársfjórðungur skilaði meiri sölu en hefur sést seinustu tvö ár hjá ítalska tískuhúsinu. Gucci hefur verið eitt stærsta og vinsælasta tískumerki seinustu áratugina en seinasti yfirhönnuður, Frida Gianni, hafði starfað í tæp tíu ár áður en hún var látin fara vegna stöðnunar hjá merkinu þar sem salan og hagnaður hröpuðu á milli ára. Gucci ætlar sér að breyta örlítið um stefnu og einbeita sér alfarið að því að bjóða aðeins upp á það sem þeirra viðskiptavinir vilja sjá en ekki fara að taka áhættu og reyna að laða að nýja viðskiptavini.

VERK Í VINNSLU Ýr situr nú við og er að klára verkið Obscure Moment auk búninganna sem hljómsveitin Dent mun klæðast á opnunarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

Teiknimynd sem fer öll í rugl

Ýr Jóhannsdóttir verður einn aðallistamanna á sýningunni Feminist Fiber Art þar sem textíllistakonur sýna verk sín og gerir Ýr meðal annars búninga úr spandex-efni og prjóni á opnunarhljómsveit hátíðarinnar.

„Þegar teiknimynd færist yfir í þrívídd þá fer allt í rugl í smástund og verkið verður eiginlega eins og það," segir Ýr Jóhannsdóttir, textílhönnunarnemi og listakona, sem verður einn aðallistamanna á textílsýningunni A Feminist Fiber Art um verkið Obscure Moment sem hún sýnir þar.

Ýr vinnur verk sín undir listamannsnafninu Ýrúrarí og prjónar þau á prjónavél en einnig er hluti verkanna handprjónaður. Ýr nemur textílhönnun í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Þetta er í fyrsta sinn sem sýningin er haldin, en að henni stendur textíllistakonan Iris Nectar sem setti sig í samband við Ýri eftir að hafa fylgst með henni á Tumblr-síðu hennar um nokkurt skeið.

„Hún ætlaði að halda litla sýningu fyrst en hafði opið fyrir umsóknir til að taka þátt í sýningunni," segir Ýr glöð í bragði, en hún er ein af fáum listakonum sem fengu boð um að koma á sýninguna og fer hún út til Boston í byrjun ágúst og mun dvelja í nokkra daga á sýningunni. „Það var lokað fyrir umsóknir 31. júní og það sóttu 140 um að vera með og þá var sýningin stækkuð og mun halda áfram í nokkra mánuði," segir Ýr. Sýningin mun ferðast um og verður haldið lifandi með því að kynna ný verk og listakonur til leiks. Sýningin verður opnuð í Boston þann 14. ágúst næstkomandi.

Einungis kvenkyns listamenn sýna á sýningunni og verður einblínt á textíllist þar sem listamaðurinn vinnur með þræði, náttúrulega eða úr gerviefni. Hugmyndin að sýningunni kviknaði út frá verkum listahópsins Guerrilla Girls sem skipaður er femínistum og kvenkyns listamönnum og hefur það að markmiði að berjast gegn kynjamisrétti og kynþáttafordómum innan listaheimsins og vill Iris Nectar skapa vettvang fyrir kvenkyns listamenn til að sýna verk sín.

Ýr vinnur með prjón og tók meðal annars þátt í sýningunni Sköpun/Genitalia á síðastliðnum HönnunarMars þar sem hún sýndi typpatrefil og prjónaðar kynfærabuddur. Nú vinnur hún að nýjum verkum og auk þess að sýna eigið verk mun hún gera búninga fyrir pönkmetal hljómsveitina Dent sem spilar við opnun sýningarinnar. „Búningarnir tengjast inn í sýninguna, bara einfaldari útgáfa. Þeir verða blanda af spandex og prjóni," segir hún en talsverður tími fer í að skapa hvert og eitt verk og flík.

> **Búningarnir tengjast inn í sýninguna, bara einfaldari útgáfa. Þeir verða blanda af spandex og prjóni.**

Ýr er að vonum spennt fyrir sýningunni en meðal þeirra sem taka þátt er ein uppáhaldslistakona Ýrar, Sally Hewett, sem vinnur útsaums- og saumaverk.

gydaloa@frettabladid.is

Kjörís

Lúxus

Saltkaramellu ískinni

ENN MEIRI LÚXUS

Nýjasti meðlimur Lúxus–fjölskyldunnar er ljúffengur ískinni með seigri saltkaramellu sem við þróuðum í samstarfi við Norðursalt.
Bjóðum hann hjartanlega velkominn!

NORÐUR SALT
ÍSLENSKT FLÖGUSALT

Saltvinnsla Norður & Co. er náttúruvæn og byggist á nýtingu jarðvarma. Þessi sjálfbæra framleiðsla skilur ekki eftir sig koltvísýring heldur aðeins hreina afurð – ferskar og stökkar sjávarsaltflögur.

GSÍ biðst afsökunar

GOLF Golfsamband Íslands, GSÍ, sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna máls tveggja kylfinga, Kára Arnar Hinrikssonar og Björgvins Þorsteinssonar, sem hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. Kári og Björgvin glíma báðir við krabbamein og óskuðu eftir undanþágu til að nota golfbíl; Kári í móti á Eimskipsmótaröðinni og Björgvin á Íslandsmótinu í höggleik um helgina. Beiðnum þeirra beggja var synjað á grundvelli þess að notkun golfbíla hafi ekki verið heimiluð á efsta keppnisstigi hjá GSÍ.

GSÍ segir að reglur um notkun golfbíla séu ekki nógu skýrar og „telur Golfsamband Íslands rétt að taka þær til endurskoðunar svo koma megi í veg fyrir hugsanlegt ósamræmi við túlkun þeirra“, eins og segir í yfirlýsingunni. - ibs

KA-menn heppnir að Bjössi verður ekki inni á vellinum í dag

FÓTBOLTI Valur, sem berst um Íslandsmeistaratitilinn í Pepsi-deild karla í fótbolta, heimsækir 1. deildar lið KA í fyrri undanúrslitaleik Borgunarbikarsins í dag. Leikurinn fer fram á Akureyrarvelli klukkan 18.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

KA, sem styrkti lið sitt gífurlega fyrir tímabilið og ætlar sér upp úr 1. deildinni, hefur valdið miklum vonbrigðum í sumar ef frá er talinn bikarinn. Lærisveinar Bjarna Jóhannssonar eru búnir að skella bæði Breiðabliki og Fjölni á leið sinni í undanúrslitin.

Síðast þegar liðin mættust í mótsleik var í bikarkeppninni fyrir sex árum, en þá vann Valur, 3-2, eftir framlengdan leik. Dávid Disztl og Andri Fannar Stefánsson, núverandi leikmaður Vals, skoruðu mörk KA en Helgi Sigurðsson og Marel Baldvinsson var svo fyrir Val. Það Hreiðarsson, núverandi aðstoðarþjálfari Vals, sem skaut Hlíðarendaliðinu áfram með marki á 117. mínútu.

Liðin hafa ekki verið saman í deild í ellefu ár, en þau léku síðast saman í úrvalsdeildinni sumarið 2003. Þegar liðin mættust það tímabilið á Akureyrarvelli vann KA, 2-1. Sigurmarkið skoraði hver? Jú, Sigurbjörn Hreiðarsson á 73. mínútu. Jóhann Hreiðarsson, bróðir Sigurbjörns, skoraði fyrra mark Valsmanna í þeim leik.

KA-menn fagna því vafalítið að Bjössi eða einhver ættingi hans getur ekki orðið banabitinn inni á vellinum að þessu sinni. - tom

BOLTAMEÐFERÐ Ægir Þór Steinarsson er með þeim betri í íslenska liðinu að bera upp boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Þetta er mikið hark

Ægir Þór Steinarsson, einn leikstjórnenda karlalandsliðsins í körfubolta, er samningslaus og vill helst klára sín mál áður en hann fer á Evrópumótið í Berlín.

KÖRFUBOLTI „Maður er að átta sig á því núna að þetta er að fara að skella á,“ segir Ægir Þór Steinarsson, einn leikstjórnenda karlalandsliðsins í körfubolta, um Evrópumótið í Berlín sem hefst í september. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt á stórmóti, en æfingar hjá landsliðinu hófust í byrjun síðustu viku.

„Þetta er samt enn þá allt svo óraunverulegt, en að sama skapi virkilega spennandi. Þetta er það eina sem kemur upp í hugann þegar maður fer á æfingar eða að lyfta. Maður er alltaf að hugsa um þetta,“ segir Ægir Þór.

Æfingarnar segir hann verða mjög kappsfullar enda 21 leikmaður í baráttunni um tólf sæti á EM.

„Það eru allir sem vilja komast í hópinn og maður er sjálfur í þeirri stöðu að það verður allt lagt í þetta. En á sama tíma þurfum við að tengja saman sem hópur og sem leikmaður þarf maður að sjá hvernig maður getur hjálpað liðinu,“ segir Ægir Þór, en finnst honum að hann sé öruggur inn?

„Maður er aldrei öruggur. Ég er samt tiltölulega bjartsýnn og er í formi. Ég er algjörlega tilbúinn í þetta.“

Ægir spilaði með Sundsvall Dragons á síðustu leiktíð ásamt þremur öðrum landsliðsmönnum. Hann var mátulega sáttur við veturinn.

„Þetta var upp og niður hjá mér. Það voru leikir þar sem ég var góður og aðrir þar sem ég var ekkert sérstaklega góður. En það einkenndi líka liðið, við vorum upp og niður á tímabilinu,“ segir hann.

Ægir, eins og fleiri í íslenska liðinu, er samningslaus. „Það er bara gamli maðurinn sem fær fimm ára samning,“ segir hann um fyrirliðann Hlyn Bæringsson sem verður í áratug hjá Drekunum í Sundsvall ef allt gengur upp. „Það er bara gríðarlega jákvætt. Sjaldgæft, en jákvætt,“ segir Ægir.

Sjálfur segir hann þetta atvinnumannalíf vera mikið hark, en hann er ungur og á sínum fyrstu árum í atvinnumennskunni.

„Ég er nýkominn í þetta og sé bara til hvað gerist. Ég skoða alla möguleika. Það er ekkert sérlega mikið í gangi eins og er. Ég vonast til að eitthvað komi upp bráðlega. Svíþjóð er alveg spennandi kostur áfram fyrir mig,“ segir Ægir, en hann vill klára sín mál fyrir EM eða nota Evrópumótið sem sýningarglugga?

„Ég væri helst til í að klára þetta fyrir EM upp á öryggið. Það væri alveg gott að nota EM sem glugga en maður þarf fyrst að tryggja sig inn í hópinn.“

Leikstjórnandinn öflugi fagnar tækifærinu að fá að spila á móti sumum af bestu leikmönnum heims, en riðill Íslands er stútfullur af frábærum mótherjum.

„Að fá svona tækifæri er bara einstakt. Að geta borið sig saman við þessa leikmenn eru bara forréttindi. Þetta er eitthvað sem maður þarf að gera sig kláran fyrir. Maður þarf að vera í formi og snjall og á þeirra getustigi. Það er ekki auðvelt en það er hægt,“ segir Ægir Þór Steinarsson.

tomas@365.is

UNDANÚRSLIT
Í BORGUNARBIKARNUM

MIÐVIKUDAGUR KL. 18:00 KA–VALUR
FIMMTUDAGUR KL. 18:00 KR–ÍBV

SPORT

Í dag hefjast undanúrslitin í Borgunarbikar karla. Hvaða lið fara í sjálfan úrslitaleikinn? Ekki missa af æsispennandi bikarleikjum á Stöð 2 Sport!

365.is | Sími 1817 365

1-2

Nettóvöllurinn
Áhorf: 1240
Valgeir Valgeirsson (6)

Mörkin: 0-1 Emil Pálsson (32.), 1-1 Davíð Þór Viðarsson (sjálfsmark, 44.), 1-2 Atli Viðar Björnsson (73.).

KEFLAVÍK (4-4-2): Sindri Kristinn Ólafsson 5 - Sindri Snær Magnússon 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 5 (37. Samuel Hernandez 5), Paul Bignot 5, Alexander Magnússon 5 - Sigurbergur Elisson 5 (30. Martin Hummervoll 4), Einar Orri Einarsson 5, Farid Zato 5, Magnús Þórir Matthíasson 6 (83. Daníel Gylfason -) - Hólmar Örn Rúnarsson 4, Chukwudi Chijindu 4.

FH (4-3-3): Róbert Örn Óskarsson 5 - Jonathan Hendrickx 6, Pétur Viðarsson 5, Davíð Þór Viðarsson 4, Böðvar Böðvarsson 5 - Bjarni Þór Viðarsson 5, ***Emil Pálsson 7**, Kristján Flóki Finnbogason 5 (65. Atli Viðar Björnsson 6) - Jérémy Serwy 6 (87. Jón Ragnar Jónsson -), Þórarinn Ingi Valdimarsson 5, Þórarinn Ingi Valdimarsson 5.

Skot (á mark): 3-11 (1-3) **Horn**: 1-6

Varin skot: Sindri 1 - Róbert 1

Staðan: FH 27, KR 27, Valur 24, Breiðablik 23, Fjölnir 20, Stjarnan 19, Fylkir 17, ÍA 16, Víkingur 15, ÍBV 11, Leiknir 10, Keflavík 5.

ÚRSLIT

PEPSI-DEILD KVENNA

ÞRÓTTUR - ÍBV 2-3
0-1 Shaneka Gordon (19.), 0-2 Gordon (37.), 0-3 Díana Helga Guðjónsdóttir (49.), 1-3 Rebekah Bass (66.), 2-3 Bass (90.).

KR - BREIÐABLIK 0-3
0-1 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (23.), 0-2 Aldís Kara (61.), 0-3 Hildur Sif Hauksdóttir (88.).

FYLKIR - VALUR 5-1
1-0 Mist Edvardsdóttir (sjálfsmark, 48.), 2-0 Andreea Laiu (50.), 3-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (56.), 4-0 Berglind Björg (68.), 5-0 Berglind Björg (81.), 5-1 Elín Metta Jensen (89.).

SELFOSS - STJARNAN 1-3
1-0 Donna Kay Henry (16.), 1-1 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (36.), 1-2 Harpa Þorsteinsdóttir (60.), 1-3 Harpa (68.).

STAÐA EFSTU LIÐA

Breiðablik	12	11	1	0	35-2	34
Stjarnan	12	10	0	2	32-7	30
Þór/KA	12	6	3	3	32-19	21
Valur	12	7	0	5	26-28	21
Selfoss	12	6	2	4	20-13	20
ÍBV	12	6	1	5	25-18	19
Fylkir	12	6	1	5	22-22	19

ÖFLUG Shaneka Gordon skoraði tvennu fyrir ÍBV gen Prótti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FÓTBOLTI

Staðan óbreytt á toppnum

Tólftu umferð Pepsi-deildar kvenna lauk í gær með fjórum leikjum. Staðan á toppnum er óbreytt en bæði Breiðablik og Stjarnan unnu sína leiki. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði þrennu fyrir Fylki í 5-1 sigri á Val og ÍBV vann 2-3 útisigur á Þrótti.

KATRÍN TANJA DAVÍÐSDÓTTIR
ER HEIMSMEISTARI Í CROSSFIT.
VIÐ ÓSKUM KATRÍNU
INNILEGA TIL HAMINGJU
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.
KATRÍN TANJA DAVÍÐSDÓTTIR
HEIMSMEISTARI Í CROSSFIT
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN
HLEÐSLA
HLEÐSLA
HLEÐSLA
HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, MARKMIÐIÐ ER ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.
HLEDSLA.IS

SUMARÚTSALA

Á VÖLDUM SUMARVÖRUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Ferðagasgrill G-600, 2,93 kW, ryðfrír brennari, 2 grillgrindur.

19.995 kr.
50632100
Almennt verð: 24.995 kr.

Nestiskarfa, með kæli.

2.995 kr.
42353858

HELGARTILBOÐ

Útilegustóll.

1.355 kr.
88098157 Almennt verð: 1.695 kr.

HELGARTILBOÐ

Ferðasalerni, 20 l.

11.895 kr.
87977157 Almennt verð: 14.895 kr.

FÖRUM Í FERÐAL

HÁGÆÐA GRILL FRÁ KANADA

NAPOLEON

NAPOLEON, fjölskyldufyrirtæki frá Kanada, hefur verið starfandi í 38 ár og sérhæfir sig í að hanna og framleiða hágæða grill, eldstæði og fleiri vörur sem hægt er að treysta á.

HELGARTILBOÐ

NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ m/vagni, 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryðfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm.

59.995 kr.
506600012 Almennt verð 69.995 kr.

HELGARTILBOÐ

NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ, 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryðfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm.

43.995 kr.
506600010
Almennt verð: 53.995 kr.

HELGARTILBOÐ

NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ PRO, 4,1 kW, tvöfaldur brennari, eldunarsvæði 37x54 cm.

49.995 kr.
506600016
Almennt verð: 59.995 kr.

HELGARTILBOÐ

Broil King

BROIL KING PORTA CHEF ferðagasgrill, 4,1 kW, ryðfrír brennari, eldunarsvæði 46x31 cm.

24.995 kr.
50652233
Almennt verð: 29.995 kr.

HELGARTILBOÐ

Kælir fyrir flöskur.

395 kr.
41118970
Almennt verð: 545 kr.

HELGARTILBOÐ

Rafmagnskælibox á hjólum,12V, 39 l.

19.695 kr.
87977170 Almennt verð: 24.695 kr.

Rafmagnskælibox, 12V, 26,8 l.

12.895 kr.
87977143

Regngalli, PVC/Nylon, gulur, grænn, svartur, rauður eða appelsínugulur, stærðir XS-XXL.

2.995 kr.
93460008-41

MIKIÐ ÚRVAL AF REGNGÖLLUM, STÍGVÉLUM OG GÚMMÍSKÓM

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 2. ágúst 2015.

HELGARTILBOÐ

Tjaldsett fyrir tvo, tjald, svefnpokar og dýnur fyrir tvo.

9.995 kr.

88015944 Almennt verð: 12.995 kr.

TJALD, SVEFNPOKAR OG DÝNUR FYRIR TVO

LAG UM HELGINA

HELGARTILBOÐ

Svefnpoki, -5°, 200x80 cm.

4.395 kr.

88015974
Almennt verð: 5.495 kr.

HELGARTILBOÐ

Tjalddýna, 200x70 cm.

635 kr.

88015966
Almennt verð: 795 kr.

HELGARTILBOÐ

Útileguteppi, 130x150 cm.

1.595 kr.

41095490
Almennt verð: 1.995 kr.

HELGARTILBOÐ

Tjald, 2 manna, 1000 mm, 200x140x100 cm.

2.395 kr.

88015950 Almennt verð: 2.995 kr.

2 MANNA

HELGARTILBOÐ

3 MANNA

Tjald, 3 manna, 1000 mm, 200x210x130 cm.

5.595 kr.

88015952 Almennt verð: 6.995 kr.

HELGARTILBOÐ

4 MANNA

Tjald, 4 manna, 1000 mm, 230x340x175 cm.

10.995 kr.

88015959 Almennt verð: 13.895 kr.

HELGARTILBOÐ

5 MANNA

Braggatjald, 5 manna, 1000 mm, 480x260x170 cm.

15.995 kr.

88015956 Almennt verð: 19.995 kr.

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

DAGSKRÁ

21:55

RITA

Rita er miðaldra kennari sem fer ótroðnar slóðir og er vinsæl meðal nemendanna því hún hagar sér sjálf eins og krakki. Hún á 3 börn og þykir ekki góð fyrirmynd en það er einn maður sem kemur inn í líf hennar og hefur fulla trú á Ritu í einu og öllu! Gamanþættir með dramatísku ívafi.

FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:05

COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.

20:45

MISTRESSES

Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.

21:55

MAJOR CRIMES

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.

22:00

ROMEO AND JULIET

Sígilt leikrit Shakespeares er fært til nútímans í hreint magnaðri útgáfu.

21:35

COLD CASE

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar á morðdeildinni við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.

07:00-20.30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.45 Big Time Rush
08.10 The Middle
08.30 The Crazy Ones
08.55 Mom
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.05 Around the World in 80 Plates
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.05 The Politician's Husband
14.10 White Collar
14.55 Nashville
15.40 Man vs. Wild
16.30 Big Time Rush
16.55 Welcome To the Family
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Pepsímörkin á Stöð 2
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Modern Family
19.15 Víkingalottó
19.20 The Middle
19.40 **Mindy Project** Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.
20.05 Covert Affairs
20.45 **Mistresses** Þættir byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
21.30 Your're the Worst
21.55 **Rita** Rita, kennslukona á miðjum aldri, fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja það sem henni finnst. Hún á þrjú börn á unglingsaldri en hefur aldrei þótt góð fyrirmynd. Í vinnunni er hún vinsæl meðal nemandanna, kannski vegna þess að hún hagar sér oft sjálf eins og krakki og fer fyrir brjóstið á fullorðnum. Enginn hefur trú á henni, nema einn maður sem kemur óvænt aftur inn í líf hennar.
22.40 Major Crimes
23.25 Weeds
23.55 Battle Creek
00.40 Tyrant
01.30 NCIS
02.15 Dirty Movie
03.45 Uncertainty
05.25 The Middle
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsímörkin 2015
08.15 Pepsímörkin 2015
11.45 Demantamótaröðin London 1
13.50 Demantamótaröðin London 2
15.55 KR - Breiðablik
17.45 KA - Valur
20.00 World's Strongest Man 2014
20.30 Íslendingarnir í Nordsjælland
20.50 Pepsímörkin 2015
22.05 UFC Unleashed 2015
22.50 KA - Valur

SPORT 2 *enski boltinn*

11.30 Pepsímörkin 2015
12.45 Goðsagnir Hörður Magnússon
13.20 Club America - Benfica
15.00 Manstu
15.35 Barcelona - Man. Utd.
17.15 Premier League World 2014
17.45 KA - Valur
20.00 Barcelona - Chelsea
21.40 Inter - Real Madrid
23.20 Club America - Benfica
01.00 Man. Utd. - PSG

INN

20.00 Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

STÖÐ 3

18.15 Last Man Standing
18.35 Cristela
19.00 Hart Of Dixie
19.45 Baby Daddy
20.10 Awake
20.55 The Originals
21.40 The Mysteries of Laura
22.25 Witches of east End
23.10 Sirens
23.35 Supernatural
00.20 Hart of Dixie
01.05 Baby Daddy
01.30 Awake
02.15 The Originals
03.00 The Mysteries of Laura
03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Lína langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Lína langsokkur **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Lína langsokkur **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Fuglaborgin

GULLSTÖÐIN

17.15 Strákarnir
17.45 Friends
18.10 New Girl
18.35 Mike and Molly
18.55 How I Met Your Mother
19.20 Tekinn
19.45 Hæðin
20.50 Chuck
21.35 Cold Case
22.20 Curb Your Enthusiasm
22.55 Cold Feet
23.50 Tekinn
00.15 Hæðin
01.20 Chuck
02.05 Cold Case
02.50 Curb Your Enthusiasm
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

10.50 Juno
12.25 Four Weddings and a Funeral
14.20 Jobs
16.25 Juno
18.00 Four Weddings and a Funeral
19.55 **Jobs** Mögnuð mynd frá 2013 með Ashton Kutcher í aðalhlutverki. Hér er sögð saga Steve Jobs stofnanda Apple tölvu- og hugbúnaðarrisans. Við fylgjumst með Jobs jafnt í gegnum kappsemi hans og hugvitsemi þegar hann var ungur maður, til dekkri tímabila í lífi hans.
22.00 Romeo and Juliet
00.00 **Stand Up Guys** Gamansöm mynd frá 2012 með Al Pacino, Christopher Walken og Alan Arkin í aðalhlutverkum. Hún fjallar um tvo gamla krimma sem hittast á ný eftir að annar þeirra hefur þurft að dúsa í 28 ár í fangelsi. Þeir ákveða að heimsækja fyrrum félaga og sletta úr klaufunum því annar þeirra á ekki langt eftir.
01.35 Bullet to the Head
03.05 Romeo and Juliet

RÚV

16.10 Sumardagar
16.30 Blómabarnið
17.20 Disneystundin
17.21 Finnbogi og Felix
17.43 Sígildar teiknimyndir
17.50 Gló magnaða
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Neytendavaktin
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Fáðu Já
20.00 **Íþróttaafrek sögunnar** Heimildarþáttaröð þar sem nokkrir helstu viðburðir íþróttasögunnar eru rifjaðir upp. Í þættinum er fjallað um sigur Greg LeMond í Tour de France árið 1989 og fordæmalausan árangur Nadiu Comaneci í fimleikum árið 1976.
20.30 Silkileiðin á 30 dögum
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 **Kolefni: Óvinur nr. 1** Heimildarmynd um þau skaðlegu áhrif sem kolefni og tengd efnasambönd hafa á lífsskilyrði á jörðinni. Í myndinni er einnig sagt frá því hvað kemur í veg fyrir að hægt sé að draga úr losun efnanna og hvað sé til ráða.
23.15 Hinterland: Næturtónlist
00.50 Fréttir
01.05 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil
09.04 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.55 Cheers
14.20 Dr. Phil
15.05 Reign
15.46 Britain's Next Top Model
16.31 Minute to Win It
17.10 Agent Carter
17.51 Dr. Phil
18.31 The Talk
19.12 Million Dollar Listing
19.55 Growing Up Fisher
20.15 America's Next Top Model
21.00 Girlfriends' Guide to Divorce
21.45 Satisfaction
22.30 Sex & the City
22.55 Madam Secretary
23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.
00.25 Extant
01.10 Girlfriends' Guide to Divorce
01.55 Satisfaction
02.40 Sex & the City
03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015
13.00 Golfing World 2015
13.50 LPGA Tour 2015
15.50 PGA Tour 2015
18.00 Golfing World 2015
18.50 PGA Tour 2015
23.50 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

11.00 Atvinnulífið **11.30** Fólk og frumkvæði **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Fólk og frumkvæði **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Fólk og frumkvæði **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Fólk og frumkvæði **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Fólk og frumkvæði **20.00** Mannamál **20.30** Matjurtir **20.45** Heimsljós **21.15** 433 **21.45** Grillspaðinn **22.00** Mannamál **22.30** Matjurtir **22.45** Heimsljós **23.15** 433 **23.45** Grillspaðinn

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

GRILLSUMARIÐ MIKLA!

Þykkvabæjar

Forsoðnar

Grillkartöflur

ALLIR ÚT AÐ GRILLA ...

Forsoðnar Þykkvabæjar-grillkartöflur eru ljúffengar og passa með flestum réttum. Þær eru fljótlegar og þægilegar fyrir grillarann og fullkomna máltíðina.

... MEÐ ALLT ÞAÐ BESTA Á KANTINUM

Fátt meðlæti er betra til hliðar við góðan grillmat en Þykkvabæjar-hrásalat og Þykkvabæjar-kartöflusalat með lauk og graslauk.

Þykkvabæjar meðlæti – gott fyrir grillara

Þykkvabæjar

– íslensk gæði eftir þínum smekk!

UPPÁHALDSMATURINN

„Nautasteik með bearnaise og frönskum.“

Birna Ketilsdóttir Schram, ritstjóri Blævar og starfsmaður Quiz Up.

Myndbandið skoðað oftar en 125.000 sinnum

Páll Óskar Hjálmtýsson er djúpt snortinn yfir viðtökunum sem hans nýjasta lag, Líttu upp í ljós, hefur fengið.

„Ég er ofsalega hrærður yfir þessum ótrúlegu viðtökum og svíf um á bleiku skýi,“ segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson. Hans nýjasta myndband við lagið Líttu upp í ljós hefur verið skoðað rúmlega 125.000 sinnum, þar af 110.000 sinnum á Facebook og 15.000 sinnum á Youtube.

„Við settum myndbandið í loftið á föstudagsmorgun og klukkan ellefu á mánudagskvöld var áhorfið komið yfir hundrað þúsund. Ég hef aldrei upplifað svona svakalegt sprengjuvídeó og ég hef aldrei komist yfir hundrað þúsund áhorfa múrinn á fjórum dögum á mínum ferli,“ segir Palli alsæll. Myndbandið er unnið af framleiðslufyrirtækinu Silent og sá Daníel Bjarnason um leikstjórn, Snædís Snorradóttir um framleiðslu og Hákon Sverrisson um stjórn kvikmyndatöku.

Lagið er það fyrsta sem Páll Óskar gefur út í samvinnu við Jakob Reyni Jakobsson og Bjarka Hallbergsson, sem mynda tónlistarteymið DUSK og fæst gefins á palloskar.is. „Við leyfum þessu lagi að eiga sinn líftíma en við eigum nóg eftir.“

Hann er á leið til Vestamannaeyja þar sem hann kemur fram á Húkkaraballinu annað kvöld. „Ég er að spila í fjóra sólarhringa í röð. Fyrst er það Húkkarinn á morgun, barnaskemmtun á föstudag, Akureyri á laugardag og svo flýg ég beint aftur til Eyja á sunnudag. Ég verð með ball í Dalnum frá klukkan þrjú til sex aðfaranótt mánudags, það er ekki leiðinlegt að fá að byrja og enda þjóðhátíð.“ - glp

SÁTTUR Páll Óskar Hjálmtýsson svífur um á bleiku skýi. MYND/DANÍEL BJARNASON

GOTT TEYMI Birgir Örn Steinarsson og Baldvin Z skrifuðu handritið að vinsælustu mynd síðasta árs, Vonarstræti. Hún hlaut alls tólf verðlaun á síðustu Edduverðlaunahátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skyggndust inn í heim fíkniefnanna

Höfundar Vonarstrætis, Birgir Örn Steinarsson og Baldvin Z, leggja lokahönd á handrit að nýrri mynd sem fjallar um ungar stúlkur sem villast af braut.

Birgir Örn Steinarsson og Baldvin Z eru um þessar mundir að leggja lokahönd á handrit að nýrri kvikmynd en þeir félagar slógu heldur betur í gegn með mynd sinni Vonarstræti á síðasta ári. „Við erum að leggja lokahönd á lokaútgáfu handritsins sem er síðasta útgáfan af því áður en þetta fer í framleiðslu,“ segir Birgir.

Titill myndarinnar er enn óákveðinn en vinnutitillinn hefur þó hingað til verið Contalgin-börnin.

Þeir félagar fengu vilyrði frá Kvikmyndasjóði til að skrifa handritið og hafa unnið að því í um tvö til þrjú ár.

Átakanlega saga

Handritið fjallar um tvær stúlkur sem verða sprautufíklar en þær eru einnig elskendur. „Þetta er byggt á íslenskum raunveruleika, þetta eru allt hlutir sem hafa gerst og gerðust svona. Þetta er um veruleika sem fólk veit ekki af og vill ekki vita af. Við erum að reyna að gera eðlilega mynd um þennan harða heim. Þetta er mannleg saga um eðlilegt fólk í svona aðstæðum,“ segir Birgir spurður út í söguþráðinn.

Þeir fengu aðstoð frá fjölmiðlamanninum Jóhannesi Kr. Kristjánssyni við það að kynnast þessum heimi, en Jóhannes Kr. lenti í þeirri hræðilegu lífsreynslu að missa dóttur sína vegna of stórs skammts af morfíni og hefur hann lagt sig fram við að upplýsa fólk í fjölmiðlum um þennan heim. „Hann hjálpaði okkur mikið í upphafi við rannsóknarvinnuna. Hann kom okkur í samband við ungt fólk sem var í neyslu þegar við tókum viðtöl við það eða nýkomið úr neyslu, þannig að við náðum skyggnast inn í þennan heim. Við vorum að taka viðtöl yfir sex mánaða tímabil. Í upphafi tímabilsins voru einhverjir að sprauta sig en svo hafði fólk snúið við blaðinu á þessum tíma sem var ánægjulegt.“

Stúlkurnar í myndinni eru á grunnskólaaldri þegar sagan hefst og spannar handritið rúmlega tíu ára skeið.

Uppteknir menn

Birgir segir að þó svo að handritið sé hér um bil tilbúið, geti það samt breyst talsvert þangað til myndin verður frumsýnd. „Þó að þetta sé lokaútgáfan sem við erum að skrifa núna þá á það eftir að fara í gegnum langt ferli hjá til dæmis Kvikmyndasjóði og svo á fagfólk eftir að lesa þetta. Við eigum örugglega eftir að fá nýjar hugmyndir á þessum tíma og þetta mun þróast þar til klippivinnan er búin. Vonarstræti var til dæmis að breytast alveg þangað til á síðustu metrunum,“ útskýrir Birgir.

Þótt hann sé önnum kafinn í meistaranámi í sálfræði og búi í Danmörku þá vinna þeir félagar alltaf saman í sama rými. „Við vinnum alltaf saman í herbergi en köstum stundum hugmyndum á milli í tölvupósti en skrifum í sama herbergi. Baddi er líka búinn að vera mjög upptekinn í tökum á Óferð og Rétti þannig að við höfum ekki haft mikinn tíma undanfarið til að vinna í þessu. En um leið og ég kom til landsins þá var hann búinn með sín verkefni og við gátum einbeitt okkur að handritinu.“

> **Þetta er um veruleika sem fólk veit ekki af og vill ekki vita af.**

Vilja fá Þorstein Bachmann

Gert er ráð fyrir að tökur á myndinni hefjist næsta sumar. „Eftir að við klárum núna þá geta allir aðrir farið vinna. Þetta er það sem við látum leikarana og fólkið sem ákveður skot og staði hafa.“

Spurður út í leikaravalið segir Birgir að Baddi fái að sjá um það aðallega. „Baddi tekur ákvarðanir um leikarana. Ég held hann sé ekki búinn að ákveða neitt. Okkur langar samt báða að hafa Þorstein Bachmann í myndinni, en hann getur samt ekki leikið aðalhlutverkið, sem er stelpa á grunnskólaaldri, þó hann sé ógeðslega góður leikari,“ segir Birgir og hlær.

gunnarleo@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

LAGERSALA

-50%

BLEYTA
DÖMU 2JA LAGA JAKKI
~~36.990 KR.~~
18.495 KR.

-50%

VERMA
DÖMU SUPERSTRETZ PEYSA
~~18.990 KR.~~
9.490 KR.

-64%

HLÍFA
DÖMU SOFTSHELL JAKKI
~~27.990 KR.~~
9.990 KR.

-40%

SKÝLA
DÖMU SOFTSHELL BUXUR
~~27.990 KR.~~
13.990 KR.

-47%

HLÝJA
DÖMU SUPERSTRETZ BUXUR
~~14.990 KR.~~
7.990 KR.

-50%

VERMA
DÖMU SUPERSTRETZ PEYSA
~~18.990 KR.~~
9.490 KR.

-65%

STORMUR
HERRA VINDJAKKI
~~22.990 KR.~~
7.990 KR.

-75%

LOFA
HERRA LOPAPEYSA
~~19.990 KR.~~
4.990 KR.

-75%

LOFA
HERRA LOPAPEYSA
~~19.990 KR.~~
4.990 KR.

-50%

STIKA
HERRA GÖNGUBUXUR
~~27.990 KR.~~
13.990 KR.

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

OPNUNARTÍMI VIRKA DAGA KL. 12:00 - 19:00

FACTORY STORE

NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869

ZO•ON ICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

WOWAIR.IS

BAKÞANKAR
Kolbeins Tuma Daðasonar

Þroskamerki

Fram á þrítugsaldur þurfti að draga mig á eyrunum í gönguferðir. Ég man eftir göngu á Keili á barnsárum með foreldrum mínum og frændfólki þar sem ég grét úr mér augun yfir óréttlæti heimsins að ganga fjall í staðinn fyrir að fara í fótbolta. Samt beið mín súkkulaðisnúður á toppnum. Á dauða mínum átti ég von frekar en að ég ætti eftir að hafa gaman af gönguferðum síðar meir en sú er orðin raunin.

SÍÐDEGIS á laugardag mætti ég ásamt 35 samstarfsmönnum og fylgihlutum í Langadal í Þórsmörk eftir þriggja daga göngu um svokallaðan Strútsstíg. Aldrei hafði ég heyrt á hann minnst en ég gleymi honum ekki í bráð. Persónulega stóð Strútslaug, heit laug á fyrstu dagleið, upp úr hvað náttúruperlur varðar en þær voru reyndar á hverju strái.

FERÐIN var algjör lúxusferð í ljósi þess að við þurftum aðeins að bera dagpoka þar sem annað beið okkar í skálunum þökk sé Ófeigi, stórkostlegum rútubílstjóra – já og sjómanni! Hann smellpassaði í hóp ferðafélaganna sem voru hver öðrum skemmtilegri. Ef einhver bar upp spurningu sem hófst á orðunum: „Gætirðu nokkuð…“ var svarið alltaf „já“ eða „ekkert mál“. Frábær hópur.

PAÐ er magnað hvernig fólk úr öllum áttum, á ólíkum aldri og með ólíkar skoðanir getur smellpassað saman og notið sín eins og var tilfellið í ferðinni. Hvert sem litið var mátti sjá brosandi andlit enda markmið allra að skemmta sér sem best. Óhætt er að segja að það hafi tekist og reikna ég með að allir sem fóru í gönguna í ár ætli að endurtaka leikinn að ári eigi þeir þess kost.

GÖNGUNNI lauk svo í Þórsmörk. Ég hef aðeins tvisvar áður komið í Þórsmörk, þann einstaka stað, og hafði aðeins gist þar einu sinni. Eitthvað finnst mér það fátæklegt enda upplifi ég staðinn sem himnaríki kynslóðarinnar á undan minni. Allir virðast eiga frábærar minningar þaðan og nú á ég mínar. Til stendur að fjölga ferðum á þennan einstaka stað og skapa fleiri.

GERÐU EITTHVAÐ SKEMMTILEGT

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR!

LONDON frá
7.999 kr.
Tímabil: september - 15. des. 2015

KÖBEN frá
7.999 kr.
Tímabil: september - 15. des. 2015

AMSTERDAM frá
9.999 kr.
Tímabil: september - 15. des. 2015

BÓKAÐU NÚNA
Á WOWAIR.IS

WOW MOMENT Kaupmannahöfn

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.